RÚNA STEFÁNSDÓTTIR

*Rómantísk og falleg tíska*

tíska heimili heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



ÁSTRÓS LILJA EINARSDÓTTIR

*Sér um aðdáendasíður Silvíu og Birgittu*

Ætlar að kjósa þær báðar

FÓLK 50









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. janúar 2006 — 46. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Þorramaturinn skrítnastur



Ágúst Bogason útvarpsmaður er matgæðingur vikunnar. Hann hefur borðað mikið af alls konar exótískum mat, froskalappir og snigla. Hann segir að langskrítnasti maturinn sé þó þorramatur.

MATUR 38

### Hvernig leikhús?

„Leikhús þurfa helzt að vera í stjórnarandstöðu líkt og góð dagblöð og góðir rithöfundar," ritar Þorvaldur Gylfason. „Þar eiga þau heima. Það hæfir heilbrigðri verkaskiptingu í lýðræðislandi.

Í DAG 26

### Verbúðarárin rifjuð upp



Farandverkamenn sem bjuggu í verbúðum á Höfn í Hornafirði á áttunda og níunda áratugnum ætla að hittast og gera sér glaðan dag á laugardagskvöldið.

TILVERA 16

### Leikmenn vilja Alfreð



Stærstur hluti leikmanna íslenska landsliðsins í handbolta vill að Alfreð Gíslason taki við landsliðinu. Þetta kom fram í könnun Fréttablaðsins.

ÍÞRÓTTIR 44

## VEÐRIÐ Í DAG




**STORMUR Í DAG** verður norðaustan hvassviðri eða stormur á landinu norðvestan- og vestanverðu og sumstaðar sunnan til. Hægari vindur eystra. Skýjað með köflum syðra annars snjókoma eða él. Frost 0-8 stig, svalast á Vestfjörðum.

VEÐUR 4








FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ATHÖFN Í KERSKÁLA** Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra og Alfreð Þorsteinsson, formaður Orkuveitu Reykjavíkur, voru viðstödd.

- sjá síðu 6

Amfetamínið sem tekið var í Leifsstöð fyrr í mánuðinum reyndist mjög sterkt:

# Hefði skilað nær 11 kílóum

**LÖGREGLUMÁL** Ljóst er orðið að amfetamínið, sem ungur maður reyndi að smygla til landsins í farangri að kvöldi 4. febrúar, er mjög sterkt, samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið hefur aflað sér. Sé miðað við meðalstyrkleika þegar amfetamín fer á götuna frá „heildsala" má gera ráð fyrir að þessi rúmlega 3,5 kíló hefðu verið blönduð með að minnsta kosti tveimur hlutum af mjólkursykri á móti einum af efninu. Það hefði gefið nær 11 kíló af amfetamíni, sem síðan hefði ef til vill verið þynnt enn frekar hjá „smásölunum". Eitt gramm af þessu fíkniefni kostar nú 4.700 krónur og upphaflegt götuverðmæti hefði því numið 50-60 milljónum króna.

Hvað varðar magnið af fljótandi amfetamíni sem Litháí reyndi að smygla til landsins 16. febrúar þá var það í tveimur venjulegum 750 sentilítra áfengisflöskum. Þetta samsvarar 750 grömmum. Um er að ræða svokallaðan amfetamínbasa, sem síðan er meðhöndlaður, til að mynda með brennisteinssýru, til að fá súlfat. Því er síðan blandað saman við mjólkursykur til að koma efninu í neysluform. Basinn var á lokastigi framleiðslu. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er það efni einnig afar sterkt og gæti gefið fleiri kíló, komið á götuna.

Þrír menn sitja í gæsluvarðhaldi vegna þessara tveggja mála. Lögreglan verst, sem fyrr, allra frétta af þeim meðan þau eru til rannsóknar.

- jss

# Björn krefur ríkið um 52 milljónir

**Nærri 18 milljóna króna miskabótakrafa er gerð á hendur ríkinu í máli Björns Friðfinnssonar ráðuneytisstjóra sem ekki hefur fengið að snúa til vinnu sinnar í viðskiptaráðuneytinu í 10 ár. Aðrar kröfur nema 35 milljónum króna.**

**DÓMSMÁL** Ein hæsta miskabótakrafa sem um getur á hendur ríkinu verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag, en hún nemur um 17,5 milljónum króna.

Kröfuna gerir Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, sem ekki hefur fengið að snúa til stöðu sinnar í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu í heilan áratug. Krafan byggist á að framganga ráðherra feli í sér ólögmæta og vísvitandi meingerð gegn Birni, æru hans og starfsheiðri hafi rýrt orðstír hans og starfsframa.

Aðalkrafa Björns er að ógilt verði sú ákvörðun Finns Ingólfssonar, þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, að hafna því að Björn kæmi aftur til starfa sinna 1. janúar 1996. Ákvörðun Finns telur stefnandi ómálefnalega og ólöglega auk þess sem málsmeðferðin öll brjóti í bága við stjórnsýslulög.

Þá verði viðurkennt að réttur Björns til að snúa aftur til ráðuneytisstjórastarfsins sé óskorað-



**BJÖRN FRIÐFINNSSON RÁÐUNEYTISSTJÓRI** Björn var skipaður ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu af forseta Íslands árið 1988.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR IÐNAÐARRÁÐHERRA** Tveir viðskiptaráðherrar hafa haldið Birni frá starfi sínu í 10 ár.

ur. Dæmi dómstólar Birni í vil um áðurgreind atriði gerir hann fimm milljóna króna miskabótakröfu.

Varakrafa Björns og Jakobs Möller, lögmanns hans, er að honum verði dæmd laun ráðuneytisstjóra til 70 ára aldurs fái hann ekki ráðuneytisstjórastarfið aftur. Sú krafa felur í sér laun í allt að fjögur ár. Miðað við 725 þúsund króna mánaðarlaun nemur heildarkrafan um 35 milljónum króna. Við hana bætist um 17,5 milljóna króna miskabótakrafa. Heildarkröfur Björns nema því allt að 52 milljónum króna.

Samkvæmt samningi átti Björn að fá að snúa til síns starfa um síðustu áramót. Á bak við sig hafði hann meðal annars skipunarbréf forseta í embætti frá 1988 og samning við fjóra ráðherra, þeirra á meðal núverandi forsætisráðherra og Valgerði Sverrisdóttur iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem réði Kristján Skarphéðinsson í embætti Björns fyrir síðustu áramót. Skoðun Björns og lögmanns hans er að sú ráðning sé í rauninni ógild í lagalegu tiliti og hafi ekkert gildi.

Valgerði er stefnt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur í dag þar sem málið verður þingfest.

- jh



**DAUÐUR SVANUR** Heilbrigðisstarfsmaður rannsakar dauðan svan í Austurríki í gær, en einnig er verið að rannsaka dauða svani í Danmörku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fuglaflensan breiðist út:

## Danir kanna dauða svani

**KAUPMANNAHÖFN** Dönsk heilbrigðisyfirvöld kanna nú hvort dauðir svanir sem fundist hafa á Falstri, Borgundarhólmi, Lálandi, Sjálandi, Suður- og Norður-Jótlandi hafi drepist úr fuglaflensu, samkvæmt fréttavef Berlingske.

Fuglaflensa fannst fyrr í vikunni í Norður-Þýskalandi. Þó eru Danir hvattir til að vera rólegir yfir svönunum því veturinn þar hefur verið afar harður. Dönsk og sænsk yfirvöld hafa fyrirskipað öllum alifuglabændum að halda fuglum sínum inni. Norðmenn hafa farið fram á hið sama í suðurhluta landsins.

- smk / sjá 8, 10

Útrás Dagsbrúnar:

## Stefna á fríblað í Danmörku

**VIÐSKIPTI** Dagsbrún hyggst hefja útgáfu fríblaðs í Danmörku á komandi hausti. Danskir fjölmiðlar greindu frá þessu í gærkvöld. Samkvæmt fregnum stendur til að gefa út ókeypis dagblað sem verður dreift í öll hús að fyrirmynd Fréttablaðsins.

Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar, vildi ekki staðfesta þetta í gærkvöld. Hann sagði að hugsanleg kaup Dagsbrúnar á fjölmiðlafyrirtækinu Orkla væru enn inni í myndinni. Dagsbrún væri enn að skoða marga möguleika og Orkla væri einn af þeim.

Dagsbrún er móðurfyrirtæki 365 fjölmiðla sem meðal annars gefa út Fréttablaðið.

- aöe




**Nám styrkir stoðir**

Auglýst er eftir umsækjendum um styrki til viðbótarnáms á sviði húsgagna- og innréttingasmíði en frestur rennur út miðvikudaginn 1. mars. Nánari upplýsingar á www.si.is

Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda | SI Samtök iðnaðarins



## SPURNING DAGSINS

*Aldís, á að setja þennan samning á ís?*

„Tvímælalaust og geyma hann kyrfilega læstan ofan í dýpsta frysti hjá Kjörís.“

Aldís Hafsteinsdóttir, oddviti Sjálfstæðismanna í Hveragerði og framkvæmdastjóri Kjöríss, hefur eindregið lagst gegn samningi sem meirihlutinn í bæjarstjórn hefur samþykkt um sölu lands til byggingar 900 íbúða í bænum.

Varnarmálaráðherra Rússlands um þrálátar misþyrmingar í hernum:

# Segir níðingshátt landlægan

**RÚSSLAND, AP** Hið þráláta ofbeldi sem viðgengst í rússneska hernum á sér rætur í samfélagi sem er gegnsýrt af glæpum og hnignandi siðferði. Þetta sagði rússneski varnarmálaráðherrann Sergei Ivanov í gær, en hann vildi með þessum orðum beina sök frá hernum í kjölfar þess að uppvíst varð um hroðalegan níðingsskap sem nýliðar í hernum mega þola.

Ivanov ræddi nýliðamisþyrmingar í hernum í svörum við fyrirspurnum í neðri deild rússneska þingsins. Tilefnið var það sem hinn átján ára gamli nýliði Andrei Sychev mátti þola í skriðdrekaherdeildarskóla í Úralfjallaborginni Tsjeljabinsk um áramótin. Það þurfti að taka af honum báða fætur og kynfærin eftir misþyrmingar eldri hermanna.

„Já, það áttu sér stað hneykslanleg atvik sem gengu fram af öllu sómakæru fólki. Já, því miður eiga glæpir og misþyrmingar sér stað í hernum, og við víkjumst ekki undan ábyrgð,“ sagði Ivanov. „En það er óhjákvæmilegt að geta þess að þessir glæpir eiga sér stað að minnsta kosti að hluta til vegna þess að herinn er hluti af rússnesku þjóðfélagi í heild. Í landi voru byrja hinir eldri að níðast á hinum yngri strax í leikskóla,“ sagði ráðherrann. **- aa**



**IVANOV SVARAR ÁSÖKUNUM** Tjáði þingheimi að rætur níðingsháttar í hernum lægju í rússnesku samfélagi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hryðjuverkavarnir vestra:

# Yfir 200.000 á lista grunaðra

**BANDARÍKIN** Bandarísk yfirvöld búa yfir gagnagrunni sem hefur að geyma nöfn 325 þúsund manna sem grunaðir eru um aðild eða stuðning við hryðjuverk. Frá þessu greinir bandaríska dagblaðið Washington Post.

Blaðið hefur eftir nafnlausum heimildarmönnum hjá bandarísku leyniþjónustunni að fjöldi fólks á listanum hafi fjórfaldast frá árinu 2003 en getur þess þó að líklega séu nokkuð margir skráðir undir nokkrum nöfnum og því nái listinn yfir um 200 þúsund manns. Flestir þeir sem eru á listanum eru sagðir erlendir ríkisborgarar. ■

Bresk hryðjuverkavarnalög:

# Banna lofsöng hryðjuverka

**BRETLAND, AP** Breska þingið samþykkti í gær frumvarp til laga sem banna mönnum að lofsyngja hryðjuverk, en þar með náði Tony Blair forsætisráðherra mikilvægum áfangasigri í baráttu sinni fyrir ráðstöfunum sem hann telur nauðsynlegar til að koma í veg fyrir hryðjuveraárásir í landinu.



**TONY BLAIR**

Neðri deildin samþykkti frumvarpið með 315 atkvæðum gegn 277 og sendu það þar með aftur til lávarðadeildarinnar sem hafði áður hafnað því að í því væri talað um „lofsöng“ hryðjuverka.

„Menn sem lofsama hryðjuverk hjálpa til við að skapa andrúmsloft þar sem hryðjuverk eru álitin að einhverju leyti réttmæt,“ sagði Charles Clarke innanríkisráðherra í umræðum fyrir atkvæðagreiðsluna í gær. ■

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

**-ritstj.**

# Vopnaðir unglingar heimtuðu peninga

**Þrír unglingspiltar í Kópavogi reyndu að ræna konu á sjötugsaldri og ruddust inn á stjórnarfund dagforeldra í fyrrakvöld. Þrátt fyrir ungan aldur hafa þeir allir komið við sögu lögreglu áður. Barnavernd vinnur nú í máli piltanna.**

**LÖGREGLUMÁL** Þrír piltar, fjórtán, fimmtán og sextán ára, réðust inn á stjórnarfund hjá félagi dagforeldra í Kópavogi í fyrrakvöld og ógnuðu þeim sem á fundinum voru með skærum.

Tveimur kvennanna tókst að yfirbuga einn piltanna og náðu af honum því sem hann hafði tekið af konunum sem fundinn sátu.

Fyrr um kvöldið höfðu sömu piltar gert tilraun til þess að ræna konu á sjötugsaldri sem var að taka peninga út úr hraðbanka í bensínstöð Select í Smáranum í Kópavogi. Piltarnir þrír höfðu ekki erindi sem erfiði þar sem konan varðist ránstilrauninni fimlega og hlupu piltarnir á brott í kjölfarið.

Rúmlega klukkutíma seinna ruddust piltarnir með látum inn á stjórnarfund hjá félagi dagforeldra og kröfðust þess að fá afhenta alla þá peninga sem stjórnarmeðlimir voru með á fundinum.

Enginn í stjórn félags dagforeldra vildi tjá sig undir nafni við Fréttablaðið, en mikil hræðsla greip um sig hjá þeim sem á fundinum voru þegar piltarnir þrír ruddust inn.

Lögreglan í Kópavogi vissi ekki hversvegna piltarnir réðust inn á fund dagforeldra en svo virðist sem þeir hafi ákveðið með skömmum fyrirvara að ráðast inn á stjórnarfundinn. Barnaverndarnefnd var fljótt kölluð til eftir að lögreglan hafði handsamað piltana og mun hún áfram vinna að málinu í samstarfi við foreldra þeirra.

Kolbrún Ögmundsdóttir, starfsmaður félagsþjónustunnar í Kópavogi, segir starfið meðal annars felast í því að skoða hvað það er sem veldur því að börn fara út á braut afbrota. „Lögreglan kallar okkur til þegar börn og unglingar brjóta af sér. Við reynum að nálgast málin með það að markmiði að skoða vel það sem að baki brotunum liggur og bregðast við aðstæðum ef við teljum þess þörf.“

Piltarnir sem voru að verki hafa margsinnis komið við sögu lögreglu áður fyrir ýmis minni háttar afbrot.

**magnush@frettabladid.is**







**HÚSIÐ SEM PILTARNIR RUDDUST INN Í** Piltarnir ruddust inn með látum og ógnuðu þeim sem sátu fund dagforeldra. Áður reyndu þeir að ræna eldri konu við hraðbanka í Smáranum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



**PYNTINGAR** Áströlsk sjónarpsstöð sýndi í gær myndir af meintum pyntingum bandarískra hermanna á íröskum föngum í Abu Ghraib fangelsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pyntingum sjónvarpað:

# Bandaríkjaher er ásakaður

**ÁSTRALÍA, AP** Myndum af meintum pyntingum bandarískra hermanna á íröskum föngum í Abu Ghraib fangelsinu var sjónvarpað í Ástralíu í gær. Að sögn talsmanna SBS sjónvarpsstöðvarinnar eru þær frá árinu 2003 og hafa ekki verið birtar áður.

Arabíska sjónvarpstöðin al-Jazeera sýndi nokkrar af myndunum í gær, og má búast við að þær ali enn frekar á reiðinni í garð Vesturlanda sem þar blossar nú. Yfir 25 fyrrverandi meðlimir Bandaríkjahers dúsa nú í fangelsi vegna meðferðar sinnar á föngum í Abu Ghraib fangelsinu.

**- smk**

Alnæmissmitaðir hér á landi:

# Karlar þrefalt fleiri en konur

**ALNÆMI** Alls hafa 183 greinst með alnæmissmit hér á landi, 141 karl og 42 konur. Þetta kemur fram í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur, Samfylkingunni.

Helmingur þeirra sem greinst hafa með alnæmi hefur smitast við kynmök samkynhneigðra. Um þriðjungur hefur smitast við kynmök gagnkynhneigðra og einn af hverjum tíu hefur smitast við fíkniefnaneyslu í æð.

Aðeins fjórir undir tvítugu hafa greinst með alnæmissmit, þar af eitt barn sem smitaðist af móður sinni. **- jh**




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Impregilo og starfsmannaleigur sýknaðar í Héraðsdómi Reykjavíkur:

# Sleppa við 20 milljóna gjöld

**STARFSMANNALEIGUR** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað verktakafyrirtækið Impregilo og portúgölsku starfsmannaleiguna Nett af því að greiða 20 milljóna króna skuld ásamt vöxtum vegna félagsgjalda og gjalda í orlofs- og sjúkrasjóð hjá Afli – starfsgreinafélagi Austurlands vegna starfsmanna á Kárahnjúkum.

Héraðsdómur hefur einnig sýknað verktakafyrirtækið Impregilo og portúgölsku starfsmannaleiguna Select I. Servicios af kröfu um greiðslu skuldar ásamt vöxtum upp á rúmlega 15 milljónir króna vegna félagsgjalda og gjalda í orlofs- og sjúkrasjóð af starfsmönnum á Kárahnjúkum.

Magnús Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, segist undrandi á niðurstöðunni því að allt launafólk eigi rétt á sjúkratryggingum á vinnumarkaði, félagsaðild í stéttarfélagi hafi ekkert með það að segja.

„Við erum ekki sammála þessari niðurstöðu og erum að ráða ráðum okkar í framhaldinu. Ágreiningurinn er áfram til staðar,“ segir hann. **- ghs**



**IMPREGILO SÝKNAÐ** Impregilo og tvær starfsmannaleigur þurfa ekki að greiða í sjúkrasjóð samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur. Myndin er úr safni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Dekraðu við betri helminginn

## Konudagar um helgina

Í tilefni af konudeginum á sunnudaginn er tilvalið að dekra við konuna um helgina. Í Kringlunni er auðvelt að finna gjöfina handa henni því nú eru flestar verslanir fullar af nýjum og spennandi vörum. Gjafakort Kringlunnar er líka góð gjöf en þau fást á Þjónustuborðinu á 1. hæð við Hagkaup.

Skráðu þig á póstlistann á www.kringlan.is og fáðu glæsilegt Tískutímarit Kringlunnar sent í pósti 2 sinnum á ári án endurgjalds. Með því að skrá þig færðu tímanlega upplýsingar um tilboð og viðburði sem eru á döfinni í Kringlunni.

**Þrír heppnir sem skrá sig á póstlista Kringlunnar um helgina geta unnið:**

**Dekurferð fyrir tvo í Jarðböðin við Mývatn með Flugfélagi Íslands**

- Gisting á Sel-Hótel Mývatni



Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

## Opið til 21 – nýtt kortatímabil!

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 15.2.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,61 | 63,91 |
| Sterlingspund | 110,56 | 111,1 |
| Evra | 75,73 | 76,15 |
| Dönsk króna | 10,142 | 10,202 |
| Norsk króna | 9,321 | 9,375 |
| Sænsk króna | 8,114 | 8,162 |
| Japanskt jen | 0,5405 | 0,5437 |

SDR 91,34 91,88 91,61

*Gengisvísitala krónunnar*
106,3918

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skurðlæknir ætlar í mál við Landspítalann og heilbrigðisráðuneytið:

# Glímir við tvíhöfða dreka

**DÓMSMÁL** Ragnar Halldór Hall, hæstaréttarlögmaður, gerir athugasemdir við málsmeðferð heilbrigðisráðuneytisins í tengslum við stjórnsýslukæru Stefáns E. Matthíassonar, skurðlæknis, gegn Landspítalanum.

Athugasemdir Ragnars varða beiðni ráðuneytisins um persónuupplýsingar um Stefán en ráðuneytið er úrskurðaraðili um lögmæti uppsagnarinnar. Með þessu telur Ragnar að annar aðili málsins hafi fengið úrskurðaraðilann í lið með sér sem hann segir að „sé sem betur fer nær óþekkt í löndum í okkar heimshluta.“



**STEFÁN E. MATTHÍASSON** Hefur dregið stjórnsýslukæru á hendur Landspítalanum og ætlar í mál við heilbrigðisráðuneytið ásamt Landspítalanum.

Stefán var ráðinn yfirlæknir æðaskurðlækninga LSH árið 2002 og rak þá einnig lækningastofu sem hann samþykkti að hætta innan tveggja ára að uppfylltum vissum skilyrðum. Stjórnendur Landspítalans vildu síðan að Stefán hætti stofurekstrinum sem hann taldi sér óskylt. Spítalinn áminnti þá Stefán fyrir að óhlýðnast fyrirmælum og gaf honum stuttan frest til að loka stofunni. Stefán höfðaði mál gegn spítalanum og krafðist þess að áminningin yrði felld úr gildi en var þá rekinn.

Ragnar segir Stefán upplifa sig í glímu við sinn fyrri vinnuveitanda og úrskurðaraðilann sjálfan. „Hann hefur því dregið kæru sína til baka og ætlar að takast á við tvíeykið fyrir dómstólum.“ -shá

Vinstri grænir um álið:

# Vilja þjóðaratkvæðagreiðslu

**STÓRIÐJA** Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs vill að borið verði undir kjósendur í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort áfram skuli haldið uppbyggingu stóriðju á næstu árum. Þingflokkurinn lagði fram þingsályktun þessa efnis sem að öðrum kosti gerir ráð fyrir að framkvæmdir verði settar í biðstöðu til 2012.

Gert er ráð fyrir að þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram samhliða sveitarstjórnarkosningunum í vor. Ögmundur Jónasson þingmaður segir að efinn nái nú inn í ríkisstjórnina og margvísleg rök mæli með því að þessi leið verði farin. - jh

# Illir út í Björn vegna ákvæðis um vændi

**Þingmenn stjórnarandstöðunnar segja dómsmálaráðherra ekkert hirða um þverpólítíska samstöðu um vændi og refsingar. Starfshópur á hans vegum skilar niðurstöðum í vikunni eftir að hann hefur kynnt frumvarpsdrög.**

**STJÓRNMÁL** Stjórnarandstæðingar telja að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hafi vísvitandi tafið breytingar á lögum um vændi með því að leggja fram drög að frumvarpi í vikunni um kynferðisbrot og vændi.

Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður vinstri grænna, á sæti í starfshópi dómsmálaráðherra sem skilar tillögum um vændisákvæði laganna fyrir lok vikunnar. „Mér finnst undarlegt að á sama tíma og Ragnheiður Bragadóttir prófessor vinnur þessi frumvarpsdrög er þverpólitískur starfshópur á vegum dómsmálaráðherra að skoða lög um vændi, meðal annars með hliðsjón af sænsku leiðinni sem bannar kaup á kynlífsþjónustu. Það lítur út fyrir að hann hafi haldið þingmönnum í starfshópnum í gíslingu mánuðum saman.“ Kolbrún segir að þótt gert sé ráð fyrir því að sent sé að koma á framfæri athugasemdum við frumvarpið sé lítil von til þess að tillit verði tekið til þeirra. „Það er tímaeyðsla að leggja fram athugasemdir því það er greinilegt að dómsmálaráðherra er ráðinn í að hundsa þær. Hann er ekki maður samvinnunnar. Engu að síður hvet ég fólk til að gera athugasemdir,“ segir Kolbrún.



**BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA** Ekki er lagt til að banna kaup á vændi í frumvarpsdrögunum líkt og gert er í Svíþjóð. Norðmenn og Danir hafa efasemdir.

Ágúst Ólafur Ágústsson, Samfylkingunni, á einnig sæti í umræddum starfshópi. „Ég skil ekki hvers vegna maður er að taka þátt í þessari vinnu fyrir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra. Við erum búin að vinna í meira en ár að vændishlutanum. Framsóknarflokkurinn myndaði meirihluta með okkur þegar þetta kom úr nefnd. Mann grunar að þetta hafi verið vísvitandi gert af Birni þar sem sjónarmið Sjálfstæðisflokksins voru í minnihluta. Þetta staðfestir að hann vildi tefja málið alla tíð,“ segir Ágúst.

Ágúst Ólafur kveðst hlynntur sænsku leiðinni svonefndu, en Finnar hyggjast taka upp sömu ákvæði og í Svíþjóð um að banna kaup á vændi. „Kaupandinn hefur valið en ekki seljandinn. Þetta er ekki síst spurning um að fylgja grundvallarreglu. Dregið hefur úr götuvændi og mansali í Svíþjóð með tilkomu laganna. Er það ekki góður ávinningur,“ spyr Ágúst Ólafur. johannh@frettabladid.is



**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON SAMFYLKINGUNNI** „Ég skil ekki hvers vegna maður er að taka þátt í þessari vinnu fyrir Björn Bjarnason.“



**KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR, VINSTRI GRÆNUM** „Það lítur út fyrir að hann hafi haldið þingmönnum í starfshópnum í gíslingu mánuðum saman.“



**KOSNINGAÓLGA** Útfylltir kjörseðlar hafa fundist í sekkjatali á sorphaugum.

Forsetakosningarnar á Haítí:

# Préval krefst endurtalningar

**HAÍTÍ, AP** Bráðabirgðaríkisstjórn Haítí fyrirskipaði í gær endurskoðun á úrslitum talningar í forsetakosningum sem fram fóru í landinu í síðustu viku. Stjórnin ákvað þetta eftir að René Préval, sá frambjóðandi sem flest atkvæði hlaut, hélt því fram að umfangsmikil kosningsvik hefðu átt sér stað og útfylltir kjörseðlar fundist í sekkjavís á sorphaugum.

Brasilískir stjórnarerindrekar segjast leita leiða til að binda enda á stjórnarkreppuna með því að sjá til þess að Préval verði formlega lýstur sigurvegari. ■

Hrottaleg nauðgun:

# Neitaði sök og látinn laus

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn stendur yfir hjá lögreglu á óvenju hrottalegri nauðgun og líkamsárás sem átti sér stað í Grafarvogi um liðna helgi en karlmaður á sextugsaldri var kærður vegna málsins en neitaði sök við yfirheyrslur. Þetta staðfestir Hörður Jóhannesson, yfirlögreglumaður hjá lögreglunni í Reykjavík.

Kona um fimmtugt kærði manninn fyrir ítrekaða nauðgun og líkamsmeiðingar en hún var gestkomandi í íbúð hans þegar atvikið átti sér stað. Meinaði maðurinn henni útgöngu og hélt henni fanginni í nokkrar klukkustundir. Gat hún við illan leik óskað aðstoðar lögreglu og var flutt í skyndi á slysadeild með slæma áverka. - aöe

Vísað úr flugvél á Kastrup:

# Tekinn fyrir sprengjugrín

**DANMÖRK, AP** Rúmlega þrítugum Dana var vísað úr flugvél sem var að búast til brottfarar í gær af Kastrup-flugvelli til Malaga á Spáni. Maðurinn var handtekinn fyrir að hafa gantast með að vera með sprengju er hann gekk um borð í vélina ásamt félaga sínum. Honum var sleppt eftir yfirheyrslu, að sögn lögreglu.

Áhafnarmeðlimir vélarinnar höfðu samband við flugvallarlögreglu eftir að hafa heyrt á tal mannanna, er annar sagði við hinn. „Mundirðu eftir sprengjunni þinni?“

Ótti við hryðjuverk hefur aukist stórum í Danmörku vegna Múhameðsteikningafársins. ■

Nýsköpunarsjóður atvinnulífs:

# Framkvæmdastjóri hættir

**NÝSKÖPUN** Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, er hættur störfum, en hann hafði gegnt starfinu síðastliðin þrjú ár. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins lét Gunnar af störfum vegna trúnaðarbrests við stjórn sjóðsins og ágreiningsmála, meðal annars um stefnu.



**GUNNAR ÖRN GUNNARSSON**

Ríkisstjórnin samþykkti að láta sjóðnum í té 2,5 milljarða króna af söluandvirði Símans á næstu þremur árum til eflingar nýsköpunar í landinu.

Starf framkvæmdastjóra hefur verið auglýst laust til umsóknar. - jh

## LÖGREGLUFRÉTT

**ALVARLEGA SLÖSUÐ** Ekið var á unga stúlku sem var á leið yfir gangbraut við Garðatorg síðdegis í gær með þeim afleiðingum að hún slasaðist illa. Stúlkan var flutt á slysadeild þar sem henni er haldið sofandi í öndunarvél.


# Fimmtudagskvöld eru *fjármálakvöld*

*Fyrirlestur í Austurbæjarútibúi Landsbankans, Laugavegi 77*

**í kvöld kl. 20**

- Efnahagsmál í upphafi árs
- Hvar liggja fjárfestingatækifærin?

Skráning fer fram á **www.landsbanki.is** og í Þjónustuveri bankans í síma 410 4000. Allar nánari upplýsingar um dagskrá og fyrirlesara er að finna á **www.landsbanki.is**. Í boði er kaffi og veitingar. Fundargestir verða leystir út með litlili gjöf.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 31280 02/2006


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÁFRAM HARÐA VETUR**
Það er áfram vonskuveður í kortum dagsins fyrir allt norðvestanvert landið, og nú frá Faxaflóa að Norðurlandi vestra og eitthvað austur með norðanverðu landinu. Austan til á landinu verður vindur yfirleitt mun hægari. Talsverða snjókomu er að sjá með öllu norðanverðu landinu með tilheyrandi skafrenningi.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Norðnorðaustan 10-15 m/s. Skýjað. Frost 0-3 stig. í dag en hlýnar á morgun.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Leifar af strekkingi norðvestan til, annars hægur.

*» laugardagur*



Yfirleitt 5- 10 m/s.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 2°C alskýjað | París | 10°C hálfskýjað | Alicante | 19°C heiðskírt |
| Osló | 0°C snjóél | Berlín | 5°C alskýjað | Mílano | 11°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 0°C hálfskýjað | Frankfurt | 8°C alskýjað | New York | 11°C léttskýjað |
| Helsinki | -3°C alskýjað | Madríd | 11°C heiðskírt | San Francisco | 13°C hálfskýjað |
| London | 10°C léttskýjað | Barcelona | 16°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 26°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# „BRILLJANT!"

## ALLT UM INNFLUTNING – EITT NÚMER – GREIÐ LEIÐ

Já það er alveg „brilljant" að geta einbeitt sér að því að selja og markaðssetja vöruna sína meðan Eimskip sér um allt sem snýr að innflutningi hennar. Við bjóðum upp á heildarlausnir, við sækjum vöruna þína hvar sem er í heiminum á þann máta sem hentar best í hvert skipti og við leggjum okkur ávallt fram um að finna öruggustu og hagkvæmustu leiðina.

Hjá viðskiptaþjónustu Eimskips eru sérfræðingar okkar þér innan handar um allt sem varðar flutninga. Þar færðu upplýsingar og lausnir varðandi innflutning. Þú hlúir að þínu fyrirtæki á meðan við sjáum um að varan þín komist greiðlega og örugglega til þín eða beint til viðskiptavinarins.

**Þú einfaldlega hringir í 525 7800 og sérfræðingar okkar sjá til þess að leiðin verði greið.**

Himinn og haf / SIA

EIMSKIP GREIÐ LEIÐ | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | Fax 525 7009 | www.eimskip.is |

MEMBER OF AVION GROUP



## KJÖRKASSINN

*Gafstu blóm í tilefni Valentínusardagsins?*

| | |
|---|---|
| Já | 7,9% |
| Nei | 92,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Óttastu að fuglaflensan berist hingað til lands?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is Vísir

Verðbólga er há og atvinnuleysi lítið í Lettlandi:

# Hagkerfið stórt neðanjarðar

**LETTLAND** Neðanjarðarhagkerfið er gríðarlega stórt í Lettlandi og virðist ekki fara hratt minnkandi. Samkvæmt opinberum tölum er Lettland fátækastaríkið innan Evrópusambandsins.



FRÉTTABLAÐIÐ Í LETTLANDI
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARDÓTTIR
ghs@frettabladid.is

Ieva Pukitse, blaðamaður á stærsta dagblaði Lettlands, Diena, segir að stór hluti viðskipta séu á svörtu og fólk fái gjarnan launin sín greidd í peningum fram hjá kerfinu án þess að njóta félagslegra réttinda eða greiða skatta.



**GÖTUMYND FRÁ RÍGA** Hagvöxturinn er hraður í Lettlandi og þar er auðvelt að fá vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GHS

Lífskjör fólks eru ágæt í Lettlandi, að minnsta kosti í höfuðborginni Ríga. Bilið milli þeirra fátæku og þeirra ríku eykst stöðugt en Ieva segir að millistétt sé þó að myndast.

Þeir efnuðu eru gjarnan gamlir stjórnmálamenn eða fólk sem hefur tekist að skara eld að sinni köku á þeim umbrotatímum sem hafa verið í landinu frá því það öðlaðist sjálfstæði fyrir fimmtán árum.

Verðbólgan í Lettlandi er um 20 prósent á ársgrundvelli en hagvöxturinn er hraður þar eins og í hinum Eystrasaltsríkjunum.

Allir sem vilja geta fengið vinnu en margir Lettar hafa farið utan, aðallega til Írlands þar sem enskumælandi Lettar eiga auðvelt með að fá vel launaða vinnu. ■

Átök um Eykt í Hveragerði:

# Samingurinn líklega kærður

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Aldís Hafsteinsdóttir, oddviti Sjálfstæðismanna í bæjarstjórn í Hveragerði, segir líklegt að samningur við Eykt um byggingu um 900 íbúða, sem var samþykktur af meirihluta á fundi bæjarstjórnar í gær, verði kærður.

Ef að til kæru kemur er það í þriðja skipti sem minnihluti kærir uppbyggingarstarf bæjarstjórnar til félagsmálaráðuneytisins og því um hefðbundin viðbrögð að ræða, að sögn Orra Hlöðverssonar bæjarstjóra í Hveragerði. Úrskurður ráðherra var meirihluta í vil í bæði skiptin. **- sdg**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Stakk föður sinn** Maður með geðræn vandamál stakk föður sinn í bakið eftir að þeim varð sundurorða. Grunur leikur á að maðurinn hafi neytt fíkniefna. Hann er nú í gæsluvarðhaldi.

**Árekstur á Snorrabraut** Harður árekstur varð á mótum Snorrabrautar og Egilsgötu laust fyrir klukkan hálf fimm í gær. Tvær bifreiðar skullu saman þegar önnur þeirra ók yfir á rauðu ljósi. Eldri hjón voru flutt á slysadeild með minniháttar meiðsl.

## FLUG

**Grunur um bilun** Þota frá flugfélaginu Delta lenti á Keflavíkurflugvelli á fimmta tímanum í dag vegna gruns um bilun í hreyfli. Vélin, sem er af gerðinni Boeing 767, var á leiðinni frá Frankfurt vestur um haf með 77 manns um borð.

## SAMGÖNGUR

**Steingrímsfjarðarheiði ófær** Ófært var um Klettsháls, Eyrarfjall og á Steingrímsfjarðarheiði í gær og hálka var víða á Austurlandi. Ferðaveður var slæmt víða um land.

CHEVROLET
eftir 2 daga !




PÉTURSBORG
ÍSLENSK FARARSTJÓRN
MEÐ PÉTRI ÓLA PÉTURSSYNI
FLUG OG GISTING
Í 4 NÆTUR FRÁ 72.800 KR.
á mann í tvíbýli á Hotel Moskva, 16.–20. mars.
Allar upplýsingar á www.icelandair.is/serferdir
+Bókaðu á www.icelandair.is
ICELANDAIR
www.icelandair.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 31398 02/2006

# Morðin vekja mikla athygli í El Salvador

**Lögregla í El Salvador rannsakar morðin á Jóni Þór Ólafssyni og Brendu Jovel. Um sex til átta morð eru framin í landinu að meðaltali á degi hverjum. Utanríkisráðuneytið í El Salvador ætlar að skipa nefnd til aðstoðar við rannsóknina.**

**SAKAMÁL** Jón Þór Ólafsson og Brenda Salinas Jovel voru að fara af veitingastað í hverfinu Zona Rosa í San Salvador þegar síðast sást til þeirra, segir blaðamaðurinn Carlos Henriquez sem fjallað hefur um þetta sakamál í El Salvador. Jón Þór og Brenda fundust látin á sunnudagsmorgun. Þeim hafði verið ráðinn bani. Henriques kom á vettvang þegar lögregla var að flytja líkin af vettvangi. Hann segir að þau hafi verið með skotsár á höfði og bringu.



**JÓN ÞÓR ÓLAFSSON**

Ekki er vitað hvort þau hafi verið tekin af lífi þar sem þau fundust í vegarbrúninni um klukkan hálf sjö að sunnudagsmorgni. Þau voru ekki með skilríki á sér svo þau voru færð í líkhús í Santa Ana og eftir að fregnin um morðin barst út fóru ættingjar Brendu og báru kennsl á hana og eftir það voru kennsl borin á Jón Þór.




**EL SALVADOR** Lík Jóns Þórs og Brendu fundust við þjóðveginn sem liggur á milli Santa Ana og San Salvador.

Að sögn lögreglumanns sem Fréttablaðið talaði við er búið að setja á laggirnar nefnd sem starfa mun fyrir utanríkisráðuneytið í El Salvador. Nefndin mun rannsaka málið með rannsóknarlögreglunni í El Salvador. Krufning er hafin en ekki fengust fregnir af því hvort sú rannsókn hefði leitt eitthvað nýtt í ljós.

Violeta Polanco, fjölmiðlafulltrúi lögreglunnar í El Salvador, segir sex til átta morð vera framin í landinu að meðaltali á degi hverjum. Lögreglan hefur mikinn viðbúnað vegna glæpagengjanna Mara Salvatrucha sem þekkt eru fyrir illræmd glæpa- og ofbeldisverk þar í landi en ekkert hefur komið fram að sögn lögreglunar sem getur tengt þetta voðaverk við þau. Lög hafa verið sett í landinu sem nefnd eru La mano super dura eða „með mjög harðri hendi“ sem heimila lögreglu að handtaka hvern þann sem grunaður er um að vera meðlimur í La Mara Salvatrucha.

Henriquez segir að þetta mál hafi vakið mikla athygli í landinu jafnvel þó hrottaverk sem þessi séu ekki fátíð. „Við erum vön að heyra fregnir af því að lík landa okkar finnist svona útleikin en það hefur vakið athygli að útlendingur verði fyrir þessu,“ segir hann.

Helgi Ágústsson, sendiherra í Bandaríkjunum, sem einnig sinnir þessu svæði, segir að verið sé að aðstoða ættingja við að flytja lík Jóns Þórs heim en getur þó ekki um það sagt hvenær það muni verða. **- jse@frettabladid.is**



**Á VETTVANGI** Skömmu eftir að líkin tvö fundust við vegarbrúnina var þessi mynd tekin. Lögreglan flutt þau í líkhús í Santa Ana.

Straumi hleypt á fyrstu kerin í nýjum áfanga Norðuráls:

# Alls 130.000 tonna aukning

**STÓRIÐJA** Straumi var hleypt á fyrstu kerin í nýjum áfanga Norðuráls á Grundartanga í gær. Hinir nýju kerskálar álversins hafa samtals 260 ný ker og munu þau auka framleiðslugetu Norðuráls úr 90.000 tonnum í 220.000 tonn þegar stækkuninni lýkur seinna á þessu ári.

Aukning framleiðslugetu verksmiðjunnar veitir að minnsta kosti 160 nýjum starfsmönnum atvinnu og með þeim talið verða starfsmenn Norðuráls rúmlega 350 talsins. Miðað við áætlað meðalverð áls reiknað nokkur ár fram í tímann þá mun þessi stækkun verksmiðjunnar auka útflutningstekjur þjóðarinnar um sextán milljarða á ári.



**NORÐURÁL Á GRUNDARTANGA** Svona kemur álverið til með að líta út eftir að stækkun þess er lokið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þessi nýja framleiðsluеining álversins á Grundartanga er eingöngu knúin jarðvarmaorku frá Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja. Þetta eru tímamót þar sem eining af þessu tagi hefur aldrei áður verið knúin jarðvarmaorku eingöngu. Framkvæmdum við Norðurál á Grundartanga lýkur árið 2008 og verður þá framleiðslugetan 260.000 tonn.

Heildarkosnaður við þennan áfanga er 30 milljarðar króna og tíma- og kostnaðaráætlanir við framkvæmdirnar stóðust. **- shá**




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

LANDSNET

# SULTARTANGALÍNA 3 TEKIN Í NOTKUN

## LANDSNET ÓSKAR NORÐURÁLI TIL HAMINGJU MEÐ STÆKKUNINA

Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja undirrituðu samning við Norðurál um orkusölu vegna stækkunar álvers fyrirtækisins árið 2003. Til að flytja raforkuna réðist Landsnet í byggingu nýrrar línu, svokallaðrar Sultartangalínu 3, sem liggur frá Sultartanga-virkjun að aðveitustöðinni við Brennimel í Hvalfirði. Þessari vinnu er nú lokið og línan komin í notkun.







**Sultartangalína 3** er um 120 km löng með 345 möstur og um hana fer jafn mikið rafmagn og notað er í 230.000 manna byggð. Kostnaður vegna framkvæmda við flutningsvirkin var áætlaður 6,6 milljarðar króna. Þeim lauk innan kostnaðaráætlunar, á réttum tíma og – sem mest er um vert – slysalaust.

**Landsnet** þakkar starfsmönnum sínum fyrir þátttöku þeirra í verkefninu og undirbúningi þess, ráðgjöfum sem komu að hönnun og eftirliti framkvæmdanna, verktökum sem skiluðu verkefnum sínum af stakri prýði og birgjum sem útveguðu búnað. Landeigendum jarðanna sem línan fer um heitum við góðu samstarfi.

**Græðum landið**
Í tilefni af þessari framkvæmd hefur stjórn Landsnets ákveðið að veita 10 milljónum króna til uppgræðslu örfoka lands á línuleiðinni. Unnið verður með 310 hektara lands sunnan Langjökuls í kringum Hlöðufell og Þórólfsfell, svæði sem er í afar slæmu ástandi með tilliti til jarðvegs og gróðurs. Verkefnið verður unnið í samvinnu við Landgræðslu ríkisins og mun hefjast næsta sumar.

Höfuðstöðvar Landsnets eru að Krókhálsi 5C, 110 Reykjavík. Síminn er 563 9300. Heimasíða: www.landsnet.is.



MBA

Frumkvæði, færni, forysta

Kynningarfundur fyrir konur um MBA nám í Háskóla Íslands **sunnudaginn, 19. febrúar 2006, kl. 14.30** í Námunni, húsi Endurmenntunar HÍ, Dunhaga 7, 107 Reykjavík.


Árelía


Kristín


Guðrún


Hildur


Björk

Í tilefni af konudeginum er konum boðið að koma og fræðast um MBA námið í Háskóla Íslands. MBA nám er árangursríkur og hagkvæmur kostur fyrir alla þá sem vilja efla sig, öðlast ný tækifæri á vinnumarkaði og búa sig undir krefjandi stjórnunarstörf. MBA nám sem gefur konum ný sóknarfæri. Næsti hópur mun hefja nám haustið 2006.

**Fimm konur segja þér frá reynslu sinni af MBA náminu:**

- **Árelía Eydís Guðmundsdóttir**, lektor í viðskipta- og hagfræðideild HÍ.
- **Kristín Birna Jónasdóttir**, verkefnastjóri MBA námsins.
- **Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir**, MBA, framkvæmdastjóri Talnataka.
- **Hildur Kristmundsdóttir**, MBA, útibússtjóri Íslandsbanka Eiðistorgi.
- **Björk Pálsdóttir**, MBA nemi, forstöðumaður Hjálpartækjamiðstöðvar T.R.

Fundarstjóri: **Harpa Björg Guðfinnsdóttir**, verkefnastjóri í viðskipta- og hagfræðideild HÍ.

Allar konur velkomnar
Kaffiveitingar

www.mba.is

H2 hönnun

V Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands

UNIVERSITATIS ISLANDIAE SIGILLUM



NISSAN
X-TRAIL ELEGANCE

NISSAN
SKIPT_um væntingar



TILBOÐSVERÐ / SJÁLFSKIPTUR
2.790.000 kr.

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:
„Bestur“ – *Fifth Gear*
„Best recreational 4x4“ – *Auto Express*
„Best compact 4x4“ – *What Car?*
„Best in class“ – *Channel 4*
„Best Small Wagon“ – *Overlander Magazine*

RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR
17" álfelgur, litað gler, 6 diska geislaspilari, 3 drifstillingar, rafstýrð leðursæti, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sóllúga.

Aukahlutapakki að verðmæti 120.000,-
Öllum Nissan X-TRAIL sem keyptir eru í febrúar fylgja vetrardekk og dráttarbeisli

Veiðikortið 2006 fylgir öllum 4x4 Nissan bílum

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00-18.00 og laugardaga kl. 12.00-16.00


Dómsmálaráðherra boðar aðgerðir gegn barnaklámi:

# Netsíur settar upp gegn barnaklámi

**BARNAKLÁM** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir að lögreglan hafi óskað eftir samstarfi við netfyrirtæki hér á landi í því skyni að að reyna að koma upp netsíum sem hindra að viðskiptavinir geti skoðað vefsíður sem innihalda barnaklám.

Í svari við fyrirspurn Söndru Frank hjá Samfylkingunni á Alþingi í gær kvaðst Björn binda vonir við að samstarfið yrði að veruleika á næstu vikum eða mánuðum.

Sandra sagði að í raun væru notendur barnakláms þátttakendur í misnotkun barna og spurði hvort Íslendingar gætu farið sömu leið og Norðmenn og beitt netsíum.


SANDRA FRANK

Dómsmálaráðherra boðaði lagafrumvarp á yfirstandandi þingi sem miðaði að því að fullnægja ákvæðum í samningi Evrópuráðsins um tölvubrot, en Ísland á aðild að honum. Lögin eiga að auðvelda saksókn og stuðla að alþjóðlegri samvinnu gegn tölvubrotum. **- jh**



**DAUÐIR SVANIR FJARLÆGÐIR** Starfsmaður þýsku umhverfisstofnunarinnar sést hér fjarlægja dauða svani á eynni Rüger við Þýskaland. Yfirvöld landa í Norður-Evrópu hafa mörg hver aukið öryggisráðstafanir vegna fuglaflensunnar.

# Flensan smitast með slími

**Fuglaflensa smitast að líkindum með menguðu slími sem berst að vitum manna, að sögn sóttvarnarlæknis. Yfirdýralæknir segir fljótgert að koma á banni við útigöngu alifugla gerist þess þörf.**

**FUGLAFLENSA** Fuglaflensa smitast með slími í fuglunum sem berst að vitum manna, að því er Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir. Þá er ekki útilokað að menn smitist fái þeir upp í sig hrátt mengað fuglakjöt.

„Þetta er þó ekki alveg vitað,“ segir sóttvarnalæknir. „Það eina sem við vitum með vissu er að þeir sem handfjatla sýktan fiðurfénað, reita fugla, hamfletta þá með berum höndum eða þá leika með þá, eru í mestri hættu að smitast.“

Haraldur segir að þegar venjuleg flensa berist manna í millum sé það í gegnum öndunarveg. Með fuglaflensuna geti því gegnt öðru máli. Ekki sé nákvæmlega ljóst hvort einstaklingur veikist við að fá smitað efni ofan í kokið eða hvort það þurfi að fara niður í meltingarveginn.

Hann sagði það áhyggjuefni að fuglaflensan væri að færast vestur eftir Evrópu, eins og nú er óttast að sé að gerast.

„Það á nú eftir að koma staðfesting á þessum tilfellum í Danmörku og Svíþjóð, en mér finnst líklegt að þarna séu um þessa þekktu fuglaflensu að ræða,“ segir Halldór Runólfsson yfirdýralæknir um fugladauðann í þessum tveimur löndum. „Upplýsingar um það hvaðan þessir fuglar komu liggja ekki fyrir. Okkar áhættumat byggir á því að farfuglarnir sem hingað koma hafi vetursetu í Bretlandi. Um leið og flensan kemur upp í Bretlandi er nokkuð víst að hún mun berast hingað.“

Spurður um hvort hafinn sé undirbúningur að setningu reglugerðar um að allir alifuglar verði hafðir í húsi segir yfirdýralæknir að hugað sé að öllum þáttum sem verið geti til varnar þeim vágesti, sem fuglaflensan sé. Hins vegar sé afar fljótlegt að koma koma því á að alifuglar verði haldnir með þeim hætti. Fjórir dýralæknar séu nú í fundaherferð um allt land, þannig að alifuglabændur séu vel upplýstir um stöðu mála. **-jss/mh**

## KB Byggingalán

# BYGGJUM SAMAN FRÁ GRUNNI




KB banki býður einstaklingum lán til lóðakaupa og annarra framkvæmda við byggingu húsa allt þar til þau eru fullbyggð. Með KB Byggingalánum geta húsbyggjendur nýtt sér hagstæðari fjármögnun en áður hefur þekkst. Lánin bjóðast einstaklingum án frekari skuldbindinga og óháð öðrum bankaviðskiptum.

**KB Byggingalán:**

- **Lán til lóðakaupa bera 5,00% fasta verðtryggða vexti**
- **Hagstæð lán til framkvæmda bera óverðtryggða og breytilega vexti**
- **KB Íbúðalán bera 4,15% fasta verðtryggða vexti til viðskiptavina KB banka en 4,90% vexti til annarra**

Fáðu upplýsingar um KB Byggingalán í útibúum KB banka eða í síma 444 7000.

KB BANKI
– kraftur til þín!



**TURNER Á UPPBOÐI** Starfsmaður uppboðshússins Christie's ber vatnslitamynd eftir breska málarann J.M.W. Turner á uppboð í Lundúnum í gær. Búist var við að myndin, sem var máluð í Sviss 1841-1844, seldist á minnst tvær milljónir sterlingspunda eða 220 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Engin sátt í deilu kennaraforystunnar og framhaldsskólakennara:

# Gagnrýni kennara hafnað

**KJARAMÁL** Deila Kennarasambands Íslands og framhaldsskólakennara harðnar með hverjum deginum. Óánægja er með samkomulag Kennarasambands Íslands og menntamálaráðherra um samstarf í skólamálum sem gert var fyrir stuttu. Kennarar fullyrða að forystan hafi ekki haft umboð til að skrifa undir samninginn og gagnrýna vinnubrögð KÍ harðlega.

Aðildarfélög KÍ birtu yfirlýsingu í gær og vísa því algjörlega á bug að forystan hafi ekki haft umboð til að gera samninginn. Kemur fram í yfirlýsingunni að undirbúningur samkomulagsins af hálfu KÍ sé í fullu samræmi við þær vinnuaðferðir sem tíðkast hafa í áratugi. Á sama tíma liggja fyrir yfirlýsingar frá kennurum tólf framhaldsskóla þar sem lýst er furðu á vinnubrögðum forystunnar og fullyrt er að samningurinn sé marklaus eða í besta falli vafasamur.

Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, segir að margir kennarar geri ekki athugasemdir við samninginn því þeir skilji að um samkomulag um samvinnu sé að ræða. Hann telur að óánægjan sé aðallega í bekkjarskólunum og mótmælin hafi að miklu leyti verið drifin áfram af kennurum þeirra skóla. **-shá**



**SAMNINGURINN HANDSALAÐUR** Samkomulagið er mjög umdeilt og kennarar framhaldsskólanna hafa véfengt allt sem viðkemur því. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Landlæknisembættið:

# Hettusóttin gengur áfram

**HEILBRIGÐISMÁL** Hettusótt heldur áfram að ganga hér á landi, þrátt fyrir umfangsmiklar bólusetningar, að því er fram kemur í Farsóttarfréttum Landlæknisembættisins.

Í janúar 2006 var hettusótt staðfest hjá 15 einstaklingum hér en auk þess bárust tilkynningar um 12 óstaðfest tilfelli. Sex hinna staðfestu tilfella voru hjá einstaklingum fæddum eftir 1985, en ekki er ljóst hversu margir þeirra höfðu áður verið bólusettir gegn hettusótt. Hettusótt heldur því áfram að ganga þrátt fyrir bólusetningarátakið sem hófst í byrjun desember 2005, en ætla má að um 9.000 einstaklingar hafi verið bólusettir. **-jss**

Miltisbrands-skelkur í Noregi:

# Dularfullt duft í NATO-stöð

**NOREGUR, AP** Neyðarviðbragðsáætlun vegna miltisbrandssmits var sett í gang í herstöð Atlantshafsbandalagsins í Stafangri í Vestur-Noregi, eftir að þangað barst bréf sem innihélt torkennilegt hvítt duft. Erling Kristiansen, talsmaður hersins, sagði að borgaralegur starfsmaður við herstöðina hefði komist í snertingu við efnið og fengið bráðaðhlynningu í varúðarskyni. Rannsókn á duftinu stendur yfir.

Bréfið var að sögn Verdens Gang sent frá Bandaríkjunum og var stílað á bandaríska hermenn í NATO-stöðinni. ■

## ALÞINGI

**Engin samræmd próf** „Líklegt er að samræmd próf leggist af hjá grunnskólanemum verði framhaldsskólinn styttur," sagði menntamálaráðherra við umræður í gær um breytingar á frumvarpi um styttingu náms til stúdentsprófs.

**Styrkir til ættleiðingar** Foreldrar sem ættleiða frá útlöndum munu geta sótt um styrki samkvæmt þingsályktunartillögu sem nú bíður samþykktar á Alþingi.

## BRETLAND

**Ámæli vegna Sellafield** Kjarnorkuendurvinnslustöðin í Sellafield á Englandi uppfyllir ekki evrópsk viðmið sem eiga að tryggja að geislavirk efni séu aðeins notuð í friðsamlegum tilgangi.




# Fuglaflensan finnst í nágrannalöndum

**Veiran sem veldur fuglaflensu hefur nú fundist í dauðum álftum á eynni Rügen sem tilheyrir Þýskalandi. Hagsmunaaðilar hér á landi segjast ekki finna fyrir áhrifum flensunnar. Undirbúningur undir frekari útbreiðslu er hafinn.**

**FUGLAFLENSAN** Að minnsta kosti níu dauðar álftir hafa fundist á eyjum sem tilheyra Danmörku í Eystrasalti, skammt frá þeim stað þar sem þýsk yfirvöld hafa staðfest að veiran H5N1, sem veldur fuglaflensu, hafi fundist í dauðum álftum.

Sýni úr álftunum eru nú til rannsóknar hjá yfirvöldum í Danmörku en líklegt er talið að fuglarnir hafi dáið úr H5N1 veirunni.

Í samtali við AP fréttastofuna sagði Per Christansen, sem vinnur við rannsóknir á fuglunum, að rannsóknirnar væru framkvæmdar með það í huga að um líklegt fuglaflensutilfelli væri að ræða. „Við getum ekki útilokað að sumir fuglanna sem fundust á eyjunum í Eystrasalti hafi verið með fuglaflensu. Hins vegar þarf það ekki að vera óeðlilegt þó að finnist dauðir fuglar á þessum slóðum. Veturinn hefur verið afar kaldur og því má allt eins rekja dauða fuglanna til þess."

Samkvæmt staðfestum tölum Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar hafa nú nítíu manns dáið af völdum fuglaflensunnar á heimsvísu.

Matthías Hannes Guðmundsson, framkvæmdastjóri Reykjagarðs, sem er einn stærsti kjúklingaframleiðandi landsins, segist ekki finna fyrir minnkandi sölu á kjúklingum þrátt fyrir að fuglaflensan sé nú farin að greinast í nágrannalöndum Íslands. „Við finnum ekki fyrir neinni söluminnkun. Við fylgjumst afar vel með útbreiðslu fuglaflensunnar og höfum þegar gert viðbragðsáætlun í nánu samstarfi við yfirdýralækni. Hér á Íslandi eru afar litlar líkur á því að það komi upp smit í íslenskum alifuglabúum. En það er að sjálfsögðu ástæða til þess að hafa áhyggjur af fuglaflensunni en því betur er afar ólíklegt að hún komist alifuglabú hér á landi."

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri samtaka ferðaþjónustunnar, segist ekki gera sér grein fyrir því hvaða áhrif það muni hafa á ferðaþjónustuiðnað hér á landi ef fuglaflensa breiðist út í nágrannalöndum okkar. „Við höfum ekki fundið fyrir því að það sé að draga úr straumi ferðamanna hingað til lands. Það var fjölgun á ferðamönnum hér á landi í janúar frá því í fyrra. En vissulega fylgjumst við með gangi mála og við munum vafalaust bregðast við því ef fuglaflensan berst hingað."

**magnush@frettabladid.is**

**HELSTU FARFUGLAR SEM HINGAÐ KOMA Á NÆSTU MÁNUÐUM**




Heimild: Náttúrufræðistofnun



Fimmtudagstilboð!

# Sprengiverð
aðeins í dag

★ Bestir í kjöti ★
**NÓATÚN**
í 40 ár



50% afsláttur

GRÍSABÓGUR
HRINGSKORINN
ÚR KJÖTBORÐI
299 kr. kg

Bestir í kjöti!



Sparaðu 699 kr.
GRÍSAHNAKKI
ÚRB. SNEIÐAR
ÚR KJÖTBORÐI
799 kr. kg

DANSKI KÚRINN



Vörurnar í danska kúrinn fást í Nóatúni



Sparaðu 400 kr.
GRÍSARIFJUR
(SPARE RIBS)
ÚR KJÖTBORÐI
499 kr. kg

Gefðu Baci konfekt á konudaginn



BACI KONFEKT
Í BOXI EÐA STAUK
799 kr. pk



Grand'Italia pasta!
verð frá 49 kr.

2 FYRIR 1



2 FYRIR 1
MYLLU 1/1
HEIMILISBRAUÐ
194 kr. 2 stk

Mundu Chester Fried

**NÓATÚN**

OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA




1.550.000,-

ÞESSI ER HLAÐIN AUKABÚNAÐI: ESP skriðvörn, útvarpsfjarstýring í stýri, samlitur og loftkæling. 7 hátalarar, spilar mp3, hiti í sætum, aksturstölva og margt, margt fleira.

Það geta fáir boðið eins ríkulegan aukabúnað á svona lágu verði. Opel Astra hefur verið endurhugsuð frá grunni og útkoman er gjörbreyttur bíll að innan sem utan. Kynntu þér nýja Opel Astra í dag.

EURO NCAP ★★★★★

NCAP eru leiðandi í öryggis- og árekstrarprófum í Evrópu. Opel Astra fékk hæstu mögulegu einkunn.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

* Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði. Aukabúnaður á mynd: þokuljós og álfelgur.

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


Laus úr gæsluvarðhaldi í amfetamínmálinu:

# Niðurbrotin eftir þessa lífsreynslu

**LÖGREGLUMÁL** „Ég er algjörlega niðurbrotin eftir þessa lífsreynslu og þarf tíma til að ná mér líkamlega og andlega," segir Halldóra Gunnlaugsdóttir, en hún var ásamt kærasta sínum, Mikael Má Pálssyni, handtekin fyrir tæpum tveimur vikum eftir að fjögur kíló amfetamíns fundust í farangri þeirra.

Halldóra var látin laus úr varðhaldi um helgina en kærastinn situr enn inni enda rannsókn málsins alls ekki lokið. Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar vildi ekki tjá sig um rannsóknina „Þangað bauð hann mér í rómantíska ferð og mér var mikið brugðið þegar efnin fundust. Við vorum saman allan tímann fyrir utan eitt kvöldið og þau skipti sem ég spurði hvort hann hygðist reyna eitthvað svaraði hann neitandi. Nú er ég búin að ganga gegnum helvíti vegna þessa og vil gleyma honum og þessu máli öllu sem fyrst."

Samkvæmt upplýsingum lögreglu mun Mikael áfram sitja inni enda rannsókn hvergi nærri lokið.

- aöe




**ASNAR Í MÓTMÆLUM** Pakistanskir asnaeigendur komu með skepnurnar í mótmælagöngur gegn Múhameðsteikningunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannskæðir útifundir haldnir í Mið-Austurlöndum:

# Ekkert lát á ofbeldinu

**PAKISTAN, AP** Um sjötíu þúsund mótmælendur flykktust út á götur Peshawar-borgar í norðvestur hluta Pakistan í gær þriðja daginn í röð til að mótmæla Múhameðsteikningunum sem birtust upphaflega í Jótlandspóstinum. Þrír fórust og tugir manna slösuðust í átökum þegar mótmælendur réðust gegn lögreglu.

Múgurinn kveikti í KFC-veitingastað, þremur kvikmyndahúsum og fjölda fyrirtækja, þar með talið rútubílastöð í eigu Suður-Kóreubúa. Jafnframt voru fleiri mótmæli haldin víða um Pakistan, þó flest færu þau friðsamlega fram.

Yfirvöld í Norðvestur-Pakistan hafa lokað öllum skólum í tvær vikur til að vernda nema gegn ofbeldinu, og í austurhluta landsins er búið að banna alla mótmælafundi.

Á meðan mótmælafundunum hefur fækkað í flestum Mið-Austurlöndum síðustu dagana, þar með talið í Afganistan þar sem ellefu manns fórust í síðustu viku, þá fara þau enn stigvaxandi í Pakistan. Grunur leikur á að andstæðingar forseta Pakistans, Pervez Musharraf, standi að baki mótmælunum, en Musharraf er hallur að Vesturlöndum.

- smk


ÚTSALA
30-70% AFSLÁTTUR
ÚTIVISTARVÖRUR
SKÍÐAVÖRUR
BRETTAVÖRUR
SKÍÐAFATNAÐUR
BRETTAFATNAÐUR
ÚTIVISTARFATNAÐUR
GÖNGUSKÓR
EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

Stórir viðskiptavinir SAS:

## Vilja segja upp samningum

**FLUG** Stórir viðskiptavinir skandinavíska flugfélagsins SAS vilja nú hverjir á fætur öðrum segja upp samningum sínum við félagið vegna langvarandi deilu þess við flugmenn sína. Frá þessu er greint í Jótlandspóstinum.

Forsvarsmenn SAS reyna nú að rétta fjárhag félagsins við með því að endurskipuleggja starfsemina og munu að öllum líkindum segja upp nokkrum fjölda flugmanna en þeir hafa hótað verkfalli. Flugmennirnir fóru í verkfall í síðasta mánuði og haft er eftir forsvarsmönnum SAS að stórir viðskiptavinir geti ekki búið við óvissu um frekari verkföll og því vilji þeir rifta samningum. ■



**LÍFSTÍÐARFANGELSI** Þrír Ástralar sem dæmdir voru í lífstíðarfangelsi í Indónesíu ræða við lögmann sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fleiri Ástralar dæmdir:

## Lífstíð fyrir heróínsmygl

**INDÓNESÍA, AP** Indónesískir dómstólar dæmdu í gær þrjá Ástrala í lífstíðarfangelsi fyrir aðild að heróínsmygli. Mennirnir voru úr níu manna hópi sem tekinn var í apríl á síðasta ári á Balíflugvelli, og eru þeir grunaðir um að standa að smygli á rúmum átta kílógrömmum af heróíni frá Balí til Ástralíu.

Á þriðjudag voru tveir höfuðpaurar smyglhringsins dæmdir til dauða fyrir aðild sína og hinir fjórir fengu lífstíðarfangelsi sama dag. Málið hefur vakið mikla athygli í Ástralíu og óttast er að samskipti landanna versni verði höfuðpaurarnir skotnir. Balí er einn vinsælasti áfangastaður Ástrala. - smk

### ÞÝSKALAND

**Bannað að skjóta flugvélar** Æðsti dómstóll Þýskalands felldi í gær lagatillögu sem hefði heimilað ríkisstjórn Þýskalands að láta skjóta niður flugvélar sem rænt hefði verið af hryðjuverkamönnum. Lögin hefðu einungis heimilað þessi úrræði eftir að allt annað hefði verið reynt. Dómarinn sagði hins vegar að stjórnarskrá landsins bannaði beitingu þýska hersins við öryggisgæslu innanlands.

### LÖGREGLUFRÉTT

**Flutt með sjúkraflugi** Kona og barn voru flutt á slysadeild Landspítalans með sjúkraflugi frá Egilsstöðum eftir að bíll sem þau voru í valt út af veginum við Urriðavatn, norðan Egilsstaða. Konan skarst töluvert í andliti en barnið slapp vel miðað við aðstæður. Hvorki konan né barnið eru alvarlega slösuð.






# Helgar - sprengja

Nýtt kortatímabil

**Fimmtudag**
til sunnudags

**20-40%** afsláttur

# Af öllum flísum



**790** kr m²

# Plastparket verð frá



**30%** afsláttur

# Af undirlagi og parketlistum



**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál




## „ORÐRÉTT“

### *En þér er ekki treyst*

**„Ég er tilbúin til að sitja í nefndum fyrir Sjálfstæðisflokkinn og sinna yfir höfuð þeim hlutverkum sem mér er treyst fyrir.“**

OKTAVÍA JÓHANNESDÓTTIR, BÆJARFULLTRÚI Á AKUREYRI, Í FRÉTTABLAÐINU.

### *Erðanú fólk*

**„Þeir vilja bara reka alla íbúana inn í strætó hvað sem það kostar. Við í Sjálfstæðisflokknum viljum hins vegar virða valfrelsi einstaklingsins.“**

GUNNAR BIRGISSON, BÆJARSTJÓRI Í KÓPAVOGI, UM VINSTRI GRÆNA OG STRÆTÓMÁL Í MORGUNBLAÐINU.



**ÁSTFANGIN** Gussi og Ída létu vel hvort að öðru á Valentínusardaginn sem var á þriðjudag. Ísbirnirnir búa í dýragarðinum í New York og una hag sínum vel í snjónum sem þar er núna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

*nær og fjær*

# tilveran



**VERBÚÐARÁRIN RIFJUÐ UPP** Óli Jón Ólason hótelstjóri, Stefán Sturla Sigurjónsson leikari og Andrés Kolbeinsson kvótasali ætla að skella sér á Fjörukrána á laugardagskvöldið og vonast til að hitta sem flesta sem voru samtíða þeim í verbúð á Höfn í Hornafirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Verbúðarlíf er menning

**Farandverkamenn sem bjuggu í verbúðum á Höfn í Hornafirði á áttunda og níunda áratugunum ætla að hittast og gera sér glaðan dag á laugardagskvöldið.**

„Nú þegar það gengur svona illa að manna störf úti á landi fannst okkur kjörið að hittast og rifja upp farandverkamannalífið,“ segir Stefán Sturla Sigurjónsson sem með félögum sínum Andrési Kolbeinssyni og Óla Jóni Ólasyni efnir til gleðskaparins. Fer hann fram á Fjörukránni á laugardagskvöldið.

Þeir Andrés, Óli og Stefán bjuggu saman í verbúðunum Ásgarði og Skakkanum á Höfn í Hornafirði og langar til að hitta aðra sem bjuggu þar á árabilinu 1975 til 1985. Raunar er allt farandverkafólk velkomið, sama hvar það var og hvenær.

„Þó að við miðum við Hornafjörðinn þá var það nú þannig að þessi stóri hópur farandverkamanna bjó saman á fleiri stöðum,“ segir Stefán Sturla og nefnir sem dæmi Súgandafjörð, Vestmannaeyjar og Vopnafjörð. Margir voru á flandri milli staða, fóru, komu og fóru aftur. Sá var háttur farandverkamannanna. Margt af þessu fólki var goðsögnum líkast og nefnir Stefán Sturla að Morthensbræðurnir Bubbi og Tolli hafi verið „stóru karlarnir“.

Þremenningarnir hafa í aðdraganda gleðskaparins velt verbúðarlífinu fyrir sér og komist að ákveðinni niðurstöðu. „Yfirleitt var þetta ungt fólk sem fór á vertíð á sumrin til að vinna fyrir skólagöngunni veturinn eftir. Þegar lög voru sett sem meinuðu ungu fólki að vinna þá dó sú hugsun að námsmenn þyrftu að vinna fyrir sér. Nú tekur fólk bara lán. Farandverkamenn unnu fyrir sér og þess vegna er þetta menning,“ segir Stefán Sturla sem jafnframt vill meina að ungt fólk hafi borið meiri virðingu fyrir peningum í þá daga, enda þurfti það að þræla fyrir þeim sjálft. „Og kannski er það hluti af eirðarleysi unga fólksins í dag og jafnvel fíkniefnaneyslu að það hefur ekki þessa hugsun lengur,“ segir hann.

Eins og gengur fór fólkið sem þeir þremenningarnir kynntust í verbúðunum í ýmsar áttir, en í hópnum eru meðal annars forstjórar, framkvæmdastjórar, fjármálastjórar og bílstjórar svo eitthvað sé nefnt. Sjálfir vinna þeir við leiklist, hótelstjórnun og kvótasölu.

Stefán segir lífið í verbúð almennt hafa verið gott og saknar þess að verbúðir heyri nánast sögunni til. „Þarna skapaðist ævilöng vinátta og fullt af hjónaböndum og ungt fólk átti þess kost að fara og vinna fyrir næsta vetri. Nú hefur unga fólkið ótrúlega fá tækifæri og lítinn metnað til að vinna þessi störf sem fyrir tuttugu til þrjátíu árum þótti sjálfsagt mál að vinna.“

bjorn@frettabladid.is





**VERBÚÐARLÍFIÐ Í GAMLA DAGA** Myndirnar eru frá verbúðunum Ásgarði og Grænu höllinni á Höfn í Hornafirði og voru teknar 1982. Þar var oft mikið fjör enda blómleg útgerð og vinnsla í bænum. Farandverkamennirnir komu víða að og bundust sterkum böndum.


Tilboð í viku 7 gilda til sunnudags 19. febrúar eða á meðan birgðir endast
EKKERT BRUÐL
-enn fleiri tilboð!
og Nestlé Vivana helgarísinn er auðvitað klár...
Vivana Chocolate
Vivana Vanilla
900 ml box
129 KR.
KJARNAFÆÐI
FROSINN HRYGGUR
999 kg KR.
FRÁ KJARNAFÆÐI
EKKERT BRUÐL
KÍLÓBRAUÐ
98 KR.
BÓNUS KORN
KÍLÓ brauð
EGILS GULL
59 KR.
500 ml
Egils GULL
SMYRILL og brauðið verður betra BÓNUS
SMYRILSASKJA
98 KR.
400g
EKKERT BRUÐL
...fyrir góðan dag!
Frosin lambalæri og hryggir
Nýtt kortatímabil!
LAMBALÆRI FROSIÐ OG SNYRT
898 kg KR.
MERKT VERÐ 998KR.
FROSNAR NAUTALUNDIR
2299 kg KR.
ALLAR TEGUNDIR
89 KR.
2 lítrar
Appelsín Classic
H2O Classic
Cola Classic
Nýsjálensk frosin nautalund
Kolsýrt vatn - appelsín og coladrykkir
www.bonus.is
bonus.is
BÓNUS

## SVONA ERUM VIÐ

> Fjöldi gistinótta á hótelum í desember.




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ÁLVERIÐ GRUNDARTANGA

# *Framleiðslan meira en fjórfaldast*

Mikil umræða hefur farið fram um áliðnað hér á landi að undanförnu. Í gær var straumi hleypt á fyrstu kerin sem fylgja stækkun Norðuráls á Grundartanga en það er aðeins einn áfanginn enn í stækkun álversins þar.

**Hver er saga álversins á Grundartanga?**
Álverið tók til starfa árið 1998 en þá var það í eigu fyrirtækisins Columbia Ventures Corporation sem síðan er í eigu Kenneth D. Peterson Jr. Fyrsta skóflustungan var tekin í apríl 1997 og var álverið risið aðeins 14 mánuðum síðar. Árið 2004 festi fyrirtækið Century Aluminum kaup á álverinu en það var áður dótturfyrirtæki Columbia Ventures Corporation.

**Hversu mikið hefur álverið stækkað frá upphafi?**
Í upphafi var framleiðslugetan 60 þúsund tonn en eftir stækkunina 2001 var hún orðin um 90 þúsund. Í gær var straumur settur á ný ker sem mun auka framleiðslugetuna um 130 þúsund tonn svo eftir þá stækkun verður hún orðin 220 þúsund tonn. Ekki verður þar staðar numið því fyrirhuguð er ein stækkunin enn árið 2008 en þá á að auka framleiðslugetuna um 40 þúsund tonn til viðbótar. Þá verður búið að fjórfalda framleiðslugetuna og rúmlega það frá upphafi.

**Hvað starfa margir við álverið?**
Nú starfa um 195 starfsmenn við álverið en stækkunin mun hafa það í för með sér að þeim fjölgi um 160 og verða því orðnir 355. Þessi stækkun er einnig nokkuð merkileg fyrir þær sakir að þessi nýi hluti álversins verður knúinn áfram af raforku frá jarðvarma eingöngu og er það einsdæmi í þessum iðnaði. Sú orka kemur frá Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja.



## SPURT & SVARAÐ

**NÝTT VÆNDISFRUMVARP**

# *Viljum ganga lengra*

Drög að nýju frumvarpi um kynferðisbrot þar sem gert er ráð fyrir að vændi verði með öllu refsilaust var lagt fyrir ríkisstjórn til kynningar í vikunni. Í núgildandi lögum er refsing við vændi sé það til framfærslu. Drífa Snædal, framkvæmdastýra Samtaka um Kvennaathvarf, telur þetta frumvarp af hinu góða en að það gangi ekki nógu langt í núverandi mynd.


**DRÍFA SNÆDAL** Framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf

**Hvaða áhrif hefur það að gera vændi refsilaust með öllu?**
Við teljum það hafa góð áhrif. Það sjónarmið, að konur sem fara út í vændi af félagslegri neyð séu gerðar að glæpamönnum, er aftan úr steinöld. Frumvarpið er vissulega skref í áttina en við viljum sjá þetta ganga lengra.

**Telurðu að við ættum að taka sænsku leiðina upp á Íslandi?**
Já, við viljum að sænska leiðin verði farin hérlendis. Það eru kaupendur vændis sem hafa val um að kaupa þessa þjónustu. Vegna þessa valds bera þeir ábyrgð. Allar rannsóknir benda til þess að konur fari í vændi af félagslegri og fjárhagslegri neyð. Lög eiga að dekka það en ekki taka mið af hugsanlegum undantekningum.

# Land í heljargreipum MS 13

**Tæplega fjögur þúsund morð voru framin í El Salvador á síðasta ári og hafa þau ekki verið fleiri í sjö ár. Um 80 prósent hinna myrtu voru skotnir til bana. Langflest morðanna má rekja til gengja sem tröllríða salvadorsku samfélagi. Hættulegast þeirra er Mara Salvatrucha.**


**STÓRHÆTTULEGIR MORÐINGJAR** Meðlimir Mara Salvatrucha bera ábyrgð á fjölda morða í El Salvador, sem og öðrum ríkjum Mið-Ameríku og Bandaríkjunum. Þeir hafa einnig verið dæmdir fyrir mútur, nauðganir, fíkniefnasölu, innbrot, rán og ólöglega sölu vopna, svo eitthvað sé nefnt. Þeir hafa jafnvel gengið svo langt að leggja „skatt" á fíkniefnasölu og vændi sem stundað er á svæðum sem þeir ráða yfir. NORDICPHOTOS/AFP

Mara Salvatrucha á rætur sínar að rekja til níunda áratugarins þegar borgarastyrjöldin í El Salvador geisaði. Meira en hundrað þúsund manns létust í styrjöldinni og um milljón manna flutti til Bandaríkjanna, stór hluti ólöglega.

Flestir innflytjendanna fóru til Kaliforníu og settust að í Los Angeles, sem oft hefur verið nefnd höfuðborg götugengjanna. Þeir komu sér þaki yfir höfuðið í spænskumælandi hverfum borgarinnar. Þar urðu þeir hins vegar fyrir aðkasti mexíkóskra gengja og annarra. Sér til varnar stofnuðu þeir sér því sitt eigið gengi. Við Pico Union í Los Angeles varð sem sagt til gengið Mara Salvatrucha sem þýðir einfaldlega gengi drengja frá El Salvador. Gengið gengur einnig undir heitinu MS 13.

**50 þúsund meðlimir**
Mara Salvatrucha átti síðan eftir að vaxa hraðar en nokkurn óraði fyrir. Á fyrri hluta síðasta áratugar gripu bandarísk stjórnvöld til þess ráðs að senda meðlimi gengisins aftur til síns heima, til Mið-Ameríku. Þar náði gengið fótfestu og nú er svo komið að í því eru um 50 þúsund meðlimir víðs vegar um Mið-Ameríku og í Bandaríkjunum, á jafn ólíkum stöðum og Alaska og Flórída. Mara Salvatrucha er því ólíkt öðrum götugengjum í Bandaríkjunum að því leyti að það teygir anga sína til annarra landa og hefur náin tengsl við El Salvador. Nú er svo komið að Mara Salvatrucha veður uppi í El Salvador, Gvatemala og Hondúras, þannig að þarlend stjórnvöld vita ekki sitt rjúkandi ráð. Í El Salvador og Hondúras hafa verið samþykkt lög sem á spænsku nefnast Super Mano Dura sem heimila lögreglumönnum að handtaka menn sem þykja líklegir til að vera í meðlimir gengja.

Yfirvöld í Mið-Ameríkuríkjunum hafa gagnrýnt bandarísk stjórnvöld fyrir að vísa liðsmönnum Mara Salvatrucha frá Bandaríkjunum án þess að láta ákærur eða nokkur skjöl um afbrot viðkomandi fylgja. Þetta hefur orðið til þess að þegar glæpamennirnir koma aftur til síns heima sleppa þeir við refsingu og byrja strax að vinna að því að koma sér aftur norður til fyrirheitna landsins. Reyndar er þetta ekki alltaf svo einfalt því margir meðlimir í genginu óttast mjög að vera vísað úr landi því í Mið-Ameríku er annað gengi sem tekur oft á móti þeim – þó varla sé það opnum


**MERKTIR GENGINU** Allir meðlimirnir Mara Salvatrucha eru húðflúraðir og flestir í bak og fyrir. Algengast er að þeir séu með bókstafinn „M" flúraðan á sig eða „MS". Talan „13" er einnig algengt húðflúr sem og spænska orðið „sureno" eða styttingin á því „sur". NORDICPHOTOS/AFP

örmum. Það gengi ber spænska heitið Sombra Negra sem þýðir Svarti skugginn. Sombra Negra er gengi harðsvíraðra lögreglu- og hermanna sem hafa það eitt að markmiði að myrða meðlimi glæpagengja. Þetta eru menn sem vilja láta hart mæta hörðu og eru orðnir langþreyttir á máttleysi löggæsluyfirvalda.

**Smygla eyturlyfjum, vopnum og fólki**
Mara Salvatrucha er glæpagengi með stóru G-i. Gengið smyglar eiturlyfjum í stórum stíl frá Mexíkó til Bandaríkjanna og hefur tengsl við stóra eiturlyfjahringi í Suður-Ameríku. Gengið smyglar einnig fólki og vopnum yfir landamærin og stelur þúsundum bíla í Bandaríkjunum á hverju ári. Samkvæmt upplýsingum frá saksóknara í Orange-sýslu í Kaliforníu er talið að um 80 prósent allra bíla í El Salvador hafi verið stolið í Bandaríkjunum.

Dómsmál í Virginíu, þar sem meðlimur Mara Salvatrucha var dæmdur fyrir morð, veitti ákveðna innsýn í starfsemi gengisins. Í vitnaleiðslum kom fram að meðlimir gengisins eiga beinlínis refsingu yfir höfði sér, ráðist þeir ekki á meðlimi úr öðrum gengjum. Þannig upplýsti eitt vitnið að ef meðlimur Mara Salvatrucha gerðist uppvís að því að ráðast ekki gegn óvininum kæmu foringjar MS 13 upp sérstökum dómstóli götunnar. Viðkomandi væri síðan dæmdur til að þola harðar barsmíðar í 13, 26 eða 39 sekúndur.

Meðlimir Mara Salvatrucha eru alræmdir fyrir að nota handsprengjur, sveðjur og hríðskotabyssur gegn óvinum sínum. Eitt af vörumerkjum þeirra er að skera eistun undan mönnum sem þeir telja sig eiga sökótt við og gefa hundunum sínum þau. Gengið sýnir lögreglunni enga virðingu og hafa meðlimir þess meðal annars myrt fjölda lögreglumanna í Mið-Ameríku sem og þrjá bandaríska alríkislögreglumenn.


FRÉTTASKÝRING
TRAUSTI HAFLIÐASON
trausti@frettabladid.is




búðu þig undir góða helgi
-velkomin í Nettó
konu-dagurinn
er á sunnudaginn
þú sparar 1.046 kr.kg.
30% afsláttur við kassa
Gourmet lambafile
þú sparar 735 kr.kg.
40% afsláttur við kassa
Villikryddað hátíðarlambalæri
þú sparar 600 kr.kg.
BAUTABÚRIÐ
40% afsláttur við kassa
Bautabúrs bayonskinka
dýrindis nautakjöt á frábæru verði!
þú sparar 1.900 kr.kg.
40% afsláttur við kassa
Gourmet nautalundir
þú sparar 899 kr.kg.
30% afsláttur við kassa
Gourmet meyrnuð piparsteik
Hvíti kalkúninn klikkar ekki!
TILBOÐ
Hvíti Kalkúninn
40% afsláttur við kassa
Kalkúnaragú- og strimlar
LAXAFLÖK
þú sparar 348 kr.kg.
30% afsláttur við kassa
Fjörfiskur lax
Holta Kjúklingur
25% afsláttur við kassa
Holtakjúklingaálegg
sjáðu verðið!
199 kr.kg.
Ódýrt saltkjöt
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 16. -20. febrúar eða meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto

# Virk Samkeppni

**30% Afsláttur**

**Goða súpukjöt frosið**
**349** kr./kg.

**399** Kryddaðir kjúklinga bitar kr./kg.

100% HREINN SAFI

**Floridana safar 3 teg.**
appelsínu, lemon og grape
12 flöskur 450 ml.
**1.398** kr./pk.

**Cheerios og honey nut**
**199** kr./pk.

GÓÐ KAUP

100% HREINN SAFI

**Floridana safar eplabragð**
24 flöskur 280 ml.
**1.398** kr./pk.

**Ocean spray og trönuberjasafi**
12 flöskur 450 ml.
**1.698** kr./pk.

**Myllu brallarabrauð**
**99** kr./stk.

**Jonagold epli**
**59** kr./kg.

**Nivea sjampó 4 teg.**
**248** kr./stk.

## Meira úrval

| SKEIFAN | | BÍLDSHÖFÐI | | HRINGBRAUT | | BREIÐHOLT | | NORÐURBRÚN | | HVALEYRARBRAUT | | MOSFELLSBÆR | | SELFOSS | | VESTMANNAEYJAR | | HÖFN | | ÞORLÁKSHÖFN | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-21 | virkir dagar | 11-21 | virkir dagar | 11-21 | Allir dagar | 12-23 | virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-19 |
| laugardagar | 11-19 | laugardagar | 11-19 | laugardagar | 11-19 | laugardagar | 11-21 | laugardagar | 11-21 | laugardagar | 11-21 | | | föstudagar | 11-20 | laugardagar | 11-19 | laugardagar | 11-19 | laugardagar | 11-19 |
| sunnudagar | 12-18 | sunnudagar | 12-19 | sunnudagar | lokað | sunnudagar | 12-21 | sunnudagar | 12-21 | sunnudagar | 12-21 | | | laugardagar | 11-19 | sunnudagar | lokað | sunnudagar | lokað | sunnudagar | 11-16 |
| | | | | | | | | | | | | | | sunnudagar | 12-19 | | | | | | |


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
30 % Afsláttur
Ali reyktur svínahnakki
1.049 kr./kg.
799 Grísakótilettur kr./kg.
Caline bleyjur kr./pk.
Fjörfiskur frosin ýsa
399 kr./kg.
30 % Afsláttur
Goða lambalæri frosið í poka
878 kr./kg.
El Rio Snakk
149 kr./stk.
Nóa Kropp fata
399 kr./stk.
Cilit bang hreingerningarvörur
349 kr./stk.
NÝTT
AMO kökumix
299 kr./pk.
Shoprite geymslupokar
249 kr./pk.
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

## Útgjöldin

> Meðalneysla af kartöflum á mann, í kílóum á ári.




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** GUÐRÚN ÁRNÝ KARLSDÓTTIR

## *Varkár og hagsýn við innkaupin*



„Ég fór í verslunina Next á útsölu og keypt fullt af of stórum fötum á strákinn minn," segir Guðrún Árný Karlsdóttir spurð um bestu kaup sem hún hafi gert upp á síðkastið. Guðrún er söngkona og nemandi í píanóleik við Listaháskóla Íslands. Hún syngur lag Trausta Bjarnasonar, Andvaka, í úrslitum Söngvakeppni Sjónvarpsins næsta laugardagskvöld.

„Strákurinn minn níu mánaða stækkar svo hratt og afslátturinn í Next var svo góður. Bolir sem áttu að kosta 2.000 kall voru á þrjú hundruð krónur þannig að verðið var mjög hagstætt," segir Guðrún Árný sem náði einnig að versla á sjálfa sig á útsölunum. „Ég var að róta í Zöru og fann geðveikt flott ponsjó á þrjú hundruð kall." Guðný segist eiga erfitt með að finna hluti fyrir sjálfa sig á útsölum. Oft séu aðeins minnstu og stærstu stærðirnar til. „Ponsjóið var greinilega vel staðsett, einhvers staðar þar sem enginn nennti að leita." Guðrún Árný kaupir aðeins það nauðsynlegasta þessa dagana og man ekki eftir að hafa gert slæm kaup. Henni finnst þó dýrt að versla nauðþurftirnar. „Bara ein ferð í Bónus, þar sem ég kaupi það sem ég þarf á strákinn og kvöldmat fyrir mig, kostar tíu til fimmtán þúsund. Peningarnir nýtast mér verr, verðgildið er eitthvað svo miklu minna en áður," segir Guðrún Árný. „Annars er ég varkár og kaupi ekki eitthvað sem mér finnst ekki praktískt."

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### LEYFA KONUNUM AÐ RÁÐA



■ *„Þegar ungir menn fara út á leigumarkaðinn í fyrsta skipti er nauðsynlegt að leigja með stelpum," segir Baldur I. Aðalsteinsson, knattspyrnumaður og sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun, en hann telur sig hafa lært mikið af sambúð sinni með konum.*

Sérstaklega eru það galdrar eldamennskunnar sem lærast best með einföldum og bragðgóðum lausnum kvenna. „Ég hefið notið góðs af því í gegnum tíðina að konurnar eru duglegar að elda og vilja hafa hreint í kringum sig. Ég græddi óneitanlega mikið á þessu og þetta var góð reynsla fyrir mig. Ég held því að besta húsráðið fyrir karlmenn að minnsta kosti, sé að taka leiðbeiningum frá konunum."

■ **Hvað kostar... að fara til læknis?**

## Almennt gjald 700 krónur



Almennt gjald fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis kostar 700 krónur, ef komið er á milli átta að morgni til klukkan fjögur síðdegis. Lífeyrisþegar og börn undir átján ára aldri fá helmingsafslátt af gjaldinu og þurfa því að borga 350 krónur ef komið er á þessum tíma. Börn með ummönnunarkort fá afslátt af því gjaldi og þurfa að greiða 230 krónur fyrir heimsóknina.

Ef kalla þarf lækni í húsvitjun á dagvinnutíma kostar það 1.850 krónur, en 700 krónur fyrir lífeyrisþega og börn og 500 krónur fyrir börn með ummönnunarkort. Ef kalla þarf lækni í húsvitjun utan dagvinnutíma er það heldur dýrara, eða 2.600 krónur. Fyrir lífeyrisþega og börn kostar slík vitjun 1.000 krónur og 700 krónur fyrir börn með ummönnunarkort.

■ **Verslun og þjónusta**

## Penninn selur vöru og þjónustu Símans



Verslanir Pennans hafa tekið að sér að selja vörur og þjónustu Símans víða um land, eftir undirritun Brynjólfs Bjarnasonar, forstjóra Símans, og Kristins Vilbergssonar, forstjóra Pennans, á samstarfssamningi milli fyrirtækjanna. Í fyrstu mun samningurinn ná til verslana Pennans í Reykjanesbæ, á Akranesi og verslunar TRS-Pennans á Selfossi.

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Hrein Fjárfesting ehf

REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

# Vörugjaldið vegur þyngst í vöruverði

**Rannsóknarsetur verslunarinnar á Bifröst hefur tekið saman skýrslu um skattlagningu vöru og þjónustu hér á landi. Niðurstöður hennar eru sláandi þar sem Ísland er yfirleitt í einu af hæstu sætunum, sama hvar á er litið.**

Þegar vöruverð á Íslandi er borið saman við verð í nágrannalöndum okkar er Ísland nær undantekningarlaust í einu af efstu sætunum yfir hæsta vöruverðið. Ýmsir þættir hafa áhrif á vöruverð viðkomandi lands en einn þátturinn er skattlagning. Mikið hefur verið rætt um vörugjald hérlendis í þessu sambandi og spurt hvernig skattlagningu á smásöluverslun er háttað hér á landi í samanburði við löndin í kringum okkur. Það eru einkum matvörur sem hvað hæst eru skattlagðar hér og innlendar landbúnaðarvörur fara þar fremstar. Vörugjald vegur þar þyngst en það byggir í mörgum tilfellum á afar veikum og tilviljanakenndum grunni, enda á vörugjald rætur sínar að rekja til 1970 þegar það var svar við tekjutapi ríkisins vegna afnáms tolla á grundvelli EFTA-samningsins.

Mest hefur vörugjald á matvæli verið í umræðunni og samanburðurinn oft verið við Norðurlöndin. Sem svar við þeirri umræðu er vert að líta á gjaldtöku á nokkrum vörum sem margir Íslendingar kaupa oft eða reglulega.

Mjólk: Ber hæstu skattana hér eða alls 482 prósent miðað við að innkaupsverð á lítra sé 60 krónur. Í Noregi og Danmörku eru háir skattar einnig eða um 350 prósent. Í öllum tilfellum vega tollar mjög þungt í gjaldtöku og eru 410 prósent á Íslandi.

Smjör: Gjaldtakan er langhæst hér á landi eða 161 prósent miðað við innkaupsverðið, 630 krónur. Næstir á eftir okkur koma Norðmenn með 56 prósent. Tollar vega mjög þungt hérna og eru 129 prósent af 161 prósenti hér en eru um 20 prósent í Noregi.

Nautalundir: Miðað við innkaupsverðið 1200 krónur er gjaldtakan mjög mikil hér eða 100 prósent og í Noregi 121 prósent. Tollar vega langþyngst í gjaldtökunni í báðum dæmum, eru um 98 prósent í Noregi en 76 prósent hér.

Ekki er í öllum tilfellum um svo háa gjaldtöku að ræða eins og til dæmis þegar grænmeti og ávextir eru skoðaðir. Ástæðan er sú að tollar voru lagðir niður og ríkisstyrkir til framleiðenda teknir upp í þeirra stað. Opinber gjöld á tómata, gúrkur og papriku eru til dæmis einungis 14 prósent eða sem nemur virðisaukaskattsprósentu matvæla.

svavar@frettabladid.is



**ÞAÐ SÍGUR Í** Ísland kemur illa út í samanburði við önnur lönd þegar verð matvöru er skoðað. Vörugjald er talið eiga stóran þátt í því.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

**MATUR & NÆRING** BALDUR KÁRASON MATVÆLAFRÆÐINGUR

## Að brugga góðan bjór



Þegar kemur að því að brugga góðan bjór er að mörgu að hyggja. Fyrst ber að telja gæði hráefna en þau helstu eru vatn, maltað bygg og humlar. Þar sem bjór er yfir 90 prósent vatn er augljóst að gæði þess skipta miklu máli. Íslenska vatnið hentar ákaflega vel til bjórbruggunar, einkum vegna hreinleika síns og lágs steinefnainnihalds. Því þarf ekki að hreinsa það eða meðhöndla fyrir notkun eins og víða er gert annars staðar.

Maltið gefur bjórnum lit og fyllingu og úr kolvetnum þess býr gerið til alkóhól og kolsýru. Byggið er látið spíra og síðan þurrkað. Eftir þetta ferli kallast byggið malt. Humlarnir eru síðan notaðir líkt og krydd í matargerð. Þeir eru mjög bragðmiklir og eru því notaðir í mun minna magni en hin hráefnin en samt ráða þeir mestu um hversu bragðmikill bjórinn verður. Humlarnir gefa biturleika sem í góðum bjór á að vera í jafnvægi við sætleika maltsins og gefa hæfilegt eftirbragð. Margar tegundir eru til af humlum sem gefa mismunandi bragð, sumar gefa aðallega biturleika meðan aðrar hafa meiri áhrif á ilm og bragð.



Við bruggunina sjálfa þarf að hafa góða stjórn á öllum aðstæðum svo sem hitastigi og þrýstingi og einnig er hreinlæti ákaflega mikilvægt, sérstaklega við gerjun og meðhöndlun gers. Mörg afbrigði eru til af geri sem hvert hefur sitt einkennandi bragð en mikilvægast er að það sé hreint, þannig að ekki séu neinar óæskilegar örverur til staðar sem gætu spillt bragði bjórsins.

Eftir gerjun og lageringu þarf að sía bjórinn sem næst frostmarki til að fá hann kristaltæran. Við síun og átöppun þarf að passa mjög vandlega að ekki komist súrefni að því það veldur því að bragð bjórsins versnar með tímanum. Bjór er ferskvara og er bestur nýr. Hann eldist þeim mun hraðar sem geymsluhitastigið er hærra og ætti því að geyma á svölum stað. Þetta á sérstaklega við um ljósari tegundir en sterkur, dökkur bjór getur geymst mun lengur. Það er því góð regla að skoða ávallt „best fyrir" merkingar á umbúðum þegar bjór er keyptur.

mni.is

LAGERHREINSUN

RÝMUM FYRIR NÝJU VORVÖRUNUM
ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR 2 FYRIR 1

Nýtt Kortatímabil

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 11-18 og LAUGARDAGA 10-14

VERSLUNIN
SVANNI
Stangarhyl 5 • 110 Reykjavík
☎ 567 3718 • Fax 567 3732
svanni@svanni.is
www.svanni.is

OPNUM Í DAG MEÐ

# VOR SUMAR 2006

GK REYKJAVÍK

LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.925 **+1,27%** **Fjöldi viðskipta:** 1.298 **Velta:** 12.070 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Alfesca** | +5,19% | **Icelandic Group** | -1,16% |
| **Landsbankinn** | +5,07% | **Avion** | -0,94% |
| **Actavis** | +4,04% | **Atl. Petroleum** | -0,83% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 56,70 +4,00% ... Alfesca 4,26 +5,19% ... Atorka 6,20 +0,80% ... Bakkavör 52,70 +0,60% ... Dagsbrún 6,00 +0,30% ... FL Group 27,50 -0,70% ... Flaga 3,87 +1,30% ... Íslandsbanki 22,60 +0,00% ... KB banki 999,00 +0,30% ... Kögun 65,10 +0,50% ... Landsbankinn 31,10 +5,10% ... Marel 69,50 -0,60% ... Mosaic Fashions 18,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 21,30 +1,00% ... Össur 105,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn*



**Bankarígur**
Íslandsbanki hefur hækkað mikið það sem af er ári, einkum á síðustu dögum. Um hádegisbil í gær bar svo við að markaðsverðmæti bankans fór upp fyrir verðmæti keppinautanna í Landsbankanum en báðir voru metnir á yfir 326 milljarða. Það var orðið langt síðan Íslandsbanki var stærri. Þá fóru einhverjar viðvörunarbjöllur af stað og gengi LÍ snarhækkaði, eða um sex prósent, og komst þar með aftur í sitt sæti. „Ef Íslandsbanki fer af stað af hverju ætti Lansinn að sitja eftir?“ spurðu margir. Skaust þá Landsbankinn upp um fimmtán milljarða á einu augabragði.

**Danir liggja íði**
FL Group hefur verið á fleygiferð á markaðnum, enda mikið verið að gerast á þeim bænum. Í gær keypti FL 10,7 prósent í Royal Brew sem framleiðir meðal annars Faxe bjórinn. Menn hafa væntanlega verið orðnir þyrstir eftir öll hlaupin. FL menn gefa ekkert upp um fyrirætlanir sínar, en eins og margir þekkja þá er erfitt að hætta í bjórnum þegar maður er á annað borð byrjaður í honum. Frá viðskiptalegu sjónarmiði gæti verið sniðugt að eiga bjórframleiðanda. Þannig eru Danir sennilega hræddir við að ferðast eftir lætin vegna myndanna í Jyllandsposten. Og hvað gera Danir þá. Jú, þá liggja Danir íði heima hjá sér og drekka bjór.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Guðmundur Ólason, Hannes Smárason, Jón Snorrason og Skarphéðinn Berg Steinarsson koma nýir inn í stjórn Íslandsbanka. Einar Sveinsson, Karl Wernersson og Úlfar Steindórsson sitja áfram í stjórn.

Markaðsvirði þeirra 14 félaga sem mynda Úrvalsvísitöluna hefur aukist um tæplega 407 milljarða króna frá áramótum eða um 23,6 prósent ef miðað er við lokun markaða í gær.

Olíuverð hefur lækkað stöðugt í febrúar eða um 8,2 prósent í krónum talið. Frá áramótum hefur olíuverð lækkað um 4,8 prósent í krónum þrátt fyrir 1,5 prósent gengislækkun á tímabilinu.

# KB banki mælir með LÍ

Ný greining KB banka á verðmæti Landsbankans, sem sent var viðskiptavinum KB banka, olli mikilli hækkun á gengi Landsbankans í gær. Þar er mælt með kaupum á bréfum bankans og miðast verðmæti hans við gengið 35 krónur á hlut.

Í skýrslunni kemur fram að vöxtur Landsbankans sé sterkur um þessar mundir og hagnaður bankans á þessu ári verði tæpir 36 milljarðar samanborið við 25 milljarða á síðasta ári.

Bréf Landsbankans hækkuðu um 6,4 prósent og stóðu í 31,5 krónum á hlut sem er um tíu prósent undir verðmatsgengi KB banka. **- eþa**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# FL Group er komið í bjórinn

FL Group er komið með 10,7 prósenta hlut í danska drykkjarframleiðandanum Royal Unibrew og er í hópi stærstu hluthafa félagsins. Verðmæti hlutarins er upp gefið 4,2 milljarðar króna.

Royal Unibrew er næststærsti drykkjarframleiðandi Skandinavíu á eftir Carlsberg og framleiðir allþekktar bjórtegundir á borð við Faxe og Thor. Fyrirtækið rekur verksmiðjur í Danmörku, Póllandi og Eistlandi. Starfsmenn samstæðunnar eru 2.300 talsins.

Í samtali við Albert Jónsson, hjá FL Group, kom fram að félagið teldi fjárfestinguna spennandi, enda væri um mikið vaxtarfyrirtækið að ræða.

Hagnaður Royal Unibrew var um hálfur milljarður króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2005 og jókst um 36 prósent á milli ára. Velta félagsins jókst á sama tíma um sextán prósent og var um sextán milljarðar króna. Eignir félagsins voru þá 32 milljarðar og eigið fé um ellefu milljarðar.

Gengishagnaður FL Group af þessari fjárfestingu er þegar orðinn einhver þar sem Royal Unibrew hækkaði um sjö prósent í Kauphöllinni í Kaupmannahöfn í gær.




**FAXE-BJÓR** FL Group hefur keypt tíu prósenta hlut í Royal Unibrew, næststærsta drykkjarframleiðanda Skandinavíu.

# SPH kaupir 80% í Allianz

Sparisjóður Hafnarfjarðar hefur fest kaup á 80 prósent hlutafjár í eignarhaldsfélaginu Hring sem á allt hlutafé í Allianz Ísland hf. Allianz Ísland verður áfram rekið sem sjálfstætt félag sem lýtur sjálfstæðri stjórn. Meðeigandi SPH að félaginu er Sparisjóður Kópavogs (SPK) sem átt hefur 20 prósent hlutafjár í Hring í nokkur ár.

Magnús Ægir Magnússon sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Hafnarfjarðar segir kaupin veita tækifæri á að auka vöruúrval til viðskiptavina sparisjóðsins auk annarrar samþættingar í rekstri. Einnig skjóti kaupin styrkari stoðum undir tekjumyndum SPH þar sem rekstur Allianz hefur gengið vel undanfarin ár.

Allianz Ísland hf. hefur vaxið jafnt og þétt frá stofnun félagsins árið 1994. Þar starfa í dag 17 manns auk 11 söluráðgjafa. Til viðbótar er félagið í samstarfi við fjórar tryggingamiðlanir. - hhs

www.volkswagen.is



# Alfesca fyrir ofan spár markaðarins




**GOTT UPPGJÖR ALFESCA** Hagnaður félagsins á síðustu þremur mánuðum ársins nam 1,1 milljarði króna.

Hlutabréf í Alfesca, áður SÍF, hækkuðu töluvert við opnun markaðarins í gærmorgun eftir tilkynningu um að hagnaður félagsins hefði verið 1.130 milljónir króna á þremur síðustu mánuðum ársins 2005.

Afkoman var betri en allar greiningardeildirnar höfðu reiknað með en þær spáðu um 1.020 milljóna hagnaði að meðaltali.

Núverandi rekstrarár Alfesca hófst í byrjun júlí og er hagnaður félagsins á tímabilinu því um 890 milljónir króna. Verulegur viðsnúningur er því á milli fyrsta og annars fjórðungs en hafa ber í huga að mikill hagnaður myndast vegna jólasölunnar.

Jakob Sigurðsson, forstjóri félagsins, er sáttur við útkomuna og bendir á að fyrirtækið hafi aukið markaðshlutdeild sína á helstu afurðum þrátt fyrir að ytri aðstæður hafi verið erfiðar. Vísar hann þar til þess að hráefnisverð á laxi hefur haldist hátt.

Rekstrarhagnaður Alfesca fyrir afskriftir var um 2,1 milljarður króna á öðrum ársfjórðungi. Söluaukning á milli ára var 7,5 prósent á sama grunni og í fyrra. - eþa

# Bjartir tímar í norsku laxeldi

Afkoma norskra laxeldisfyrirtækja var mjög góð á fjórða ársfjórðungi og í mörgum tilvikum yfir væntingum að því er fram kemur í Morgunkorni Íslandsbanka. Afkoma þriggja stórra fyrirtækja, Pan Fish, Fjord Seafood og Cermaq, sem skiluðu öll uppgjörum á síðustu dögum, var mun betri en á sama tíma í fyrra.

Ástæðurnar fyrir góðri afkomu laxeldisfyrirtækja er hátt heimsmarkaðsverð á laxi auk þess sem sameining fyrirtækja hefur lækkað framleiðslukostnað. Þannig var meðalverð á ferskum útfluttum laxi frá Noregi 25 prósentum hærra á fjórða fjórðungi 2005 en á fjórða fjórðungi 2004. Samtals nam hagnaður fyrirtækjanna þriggja 607 milljónum norskra króna á þriðja fjórðungi, sem jafngildir 5,7 milljörðum króna. Sá hagnaður varð reyndar ekki allur til í eldisstarfsemi því fyrirtækin stunda einnig annars konar sjávarútvegsrekstur.

Horfur í laxeldisstarfseminni eru nokkuð góðar samkvæmt tilkynningum sem fylgdu uppgjörunum. Áfram er búist við að verð á laxi haldist þokkalega hátt á þessu ári en fari þó að gefa eftir á seinni hluta ársins og verði nokkuð lægra á næsta ári. - hhs


## AÐALFUNDUR STRAUMS-BURÐARÁSS FJÁRFESTINGABANKA

Aðalfundur Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf. verður haldinn föstudaginn 3. mars 2006 kl. 16:00 á Nordica hótel, sal A+B.

DAGSKRÁ:

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. 13. gr. samþykkta bankans.
2. Tillaga um heimild stjórnar bankans til kaupa á eigin bréfum skv. 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.
3. Önnur mál.

Dagskrá aðalfundarins, ársreikningur bankans og endanlegar tillögur munu liggja fyrir á skrifstofu hans að Borgartúni 25, 7. hæð, til athugunar fyrir hluthafa frá og með 24. febrúar 2006.

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út kl. 16:00 laugardaginn 25. febrúar 2006. Framboðum skal skila skriflega til skrifstofu forstjóra Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka, Borgartúni 25, 8. hæð, fyrir þann tíma.

Óski hluthafi eftir því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum skal ósk hans koma skriflega til skrifstofu bankans að Borgartúni 25, 7. hæð, í síðasta lagi þann 24. febrúar 2006.

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 14:00 á fundardegi, föstudaginn 3. mars nk.

Stjórn Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf.

Straumur-Burðarás FJÁRFESTINGABANKI





Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

Telja má konur sem sitja í stjórnum fyrirtækja í úrvalsvísitölunni á fingrum annarrar handar.

## Karlar og konur í kaupsýslunni

Það fór þá aldrei svo að konum í stjórnum fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands fjölgaði ekki. Fyrir tveimur árum birtist lítil samantekt í Fréttablaðinu á fjölda kvenna sem sitja í stjórnum fyrirtækjanna fimmtán sem mynda hina svonefndu Úrvalsvísitölu Kauphallarinnar. Í ljós kom að þær voru þrjár. Karlarnir voru hins vegar 86.

Nú, tveimur árum síðar, sitja konur í stjórnum fimm þessara fyrirtækja. Þar af er ein og sama konan í tveimur stjórnum. Karlar sitja í áttatíu stjórnarsætum.

Þetta er aukning um 2,5 prósentustig og með sama áframhaldi verður hlutfall karla og kvenna í stjórnunum orðið jafnt eftir 35 ár. Þá verður árið 2041 runnið upp.

Misjafnar ástæður liggja að baki vali einstakra stjórnarmanna en allir starfa þeir í krafti tiltekins eignarhluta í viðkomandi félagi. Og engum blöðum er um það að fletta að karlar eiga meiri peninga en konur. Það má glögglega sjá á kynjahlutföllunum í stjórnunum.

Það er eðlilegt að eigendur stærstu hlutanna sitji í stjórnum fyrirtækjanna og hafi þannig bein áhrif á stefnu þeirra og störf. Það er líka eðlilegt – og reyndar samkvæmt leiðbeiningum Kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja – að stjórnarmenn skuli vera þeim hæfileikum búnir að geta rækt skyldur sínar. Enn fremur teljast það góðir stjórnarhættir að að minnsta kosti tveir af fimm stjórnarmönnum séu óháðir stórum hluthöfum í félaginu. Erfitt er að átta sig á hvort sú sé raunin og reyndar má efast um það. Fljótt á litið virðast flestar stjórnirnar mannaðar karlmönnum (vitaskuld) sem tengjast helstu eigendum með einum eða öðrum hætti. En á því eru vissulega undantekningar.

En í ljósi þess að það skuli teljast góðir stjórnarhættir að hafa stjórnarmenn um borð sem beinlínis eru valdir vegna þekkingar og kunnáttu sinnar er með ólíkindum að ekki skuli fleiri konur veljast til slíkra starfa. Eða ríkir enn efi í samfélaginu um hvort konum sé treystandi til að gegna ábyrgðarstörfum? Eða ríkir sá efi kannski aðeins meðal karlanna í kaupsýslunni?

Reglulega er rætt um hlut kvenna í stjórnmálum og jafnan harmað að þær skuli ekki ná árangri til jafns við karla. Minna fer fyrir umræðum um hlut kvenna í viðskiptalífinu en málið er þó rætt við og við.

Í haust var birt skýrsla nefndar sem starfaði á vegum viðskiptaráðherra og fjallaði um aukin tækifæri kvenna í stjórnum fyrirtækja. Í skýrslunni eru lagðar fram nokkrar tillögur að leiðum til að fjölga konum í stjórnum. Meðal þeirra er að birta reglulega lista með upplýsingum um fjölda og hlutfall kvenna í stjórnum, að víkka leitarskilyrði og sjóndeilarhring við skipanir í stjórnir og að hvetja fyrirtæki til að setja konur á dagskrá. Besta leiðin – og um leið sú sjálfsagðasta – er hins vegar að líkindum sú að fá karlmenn í áhrifastöðum til að gera málið að sínu. Það er nefnilega þar sem rót ástandsins er. Karlarnir standa sig ekki.

Aðalfundahrina ársins 2006 er hafin en það er á slíkum fundum sem stjórnarmenn fyrirtækja eru kosnir. Allir ríku karlarnir í samfélaginu ættu nú að sjá sóma sinn í að gera málið að sínu og fá hæfileikaríkar konur til liðs við sig. ■






## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Dekkjamynstur**
Umræðan um myndbirtingar Jótlandspóstsins á Múhameð spámanni virðist í mikilvægustu atriðum vera komin í gömul hjólför þægilegrar svarthvítrar heimsmyndar.
Með: Eru Bandaríkjamenn ekki sverð okkar og skjöldur í baráttunni fyrir mannréttindum og vestrænum gildum, eins og tjáningarfrelsi? Eru þeir ekki að koma á lýðræði í Írak? Er það ekki von allra heiðvirðra Íraka að sú tilraun takist vel og mannréttindi múslimskra kvenna verði til dæmis virt?
Móti: Er ekki ólgan og uppreisnarhugurinn í Arabalöndunum eins og óhjákvæmileg viðbrögð við pólitískum og hernaðarlegum afskiptum Bandaríkjamanna í þessum heimshluta? Og hvað eiga Bandaríkjamenn með að skipta sér af stjórnarfari þarna þótt það sé ekki með sama sniði og guðsblessaða lýðræðið á Vesturlöndum? Og er ekki allt í lagi að biðjast afsökunar á orðum og gjörðum yfirleitt? Er nokkuð verið að afnema stjórnarskrárákvæðin um rit- og tjáningarfrelsi þar með? Menn þekkja meira að segja dekkjamynstur hjólfaranna.



**Vinstrimaðurinn Bush**
Ævinlega er hressandi að lesa eða hlusta á orðræðu sem ber með sér skýra, einfalda og rökrétta hugsun. Slík orðræða hefur einnig burði til að laða til sín atkvæði þegar að kosningum kemur. Ungir frjálshyggjumenn falla iðulega í þennan flokk. Hugsun og hugmyndafræði þeirra er skýr, djörf og yfirleitt sjálfri sér samkvæm.
Hún var líka skýr hugsun og hugmyndafræði Guðmundar Arnar Jónssonar verkfræðings sem talaði fyrir tekjujöfnun í greinarstúf í Morgunblaðinu í fyrradag. Með einföldum hætti sýndi hann fram á að tekjujafnandi skattkerfi í Bandaríkjunum, Noregi og á Írlandi dregur síður en svo úr hagvexti.
„Þannig hafa þeir tekjulægri á Íslandi hæstu jaðarskattana af löndunum fjórum, meðan þeir tekjuhærri á Íslandi hafa lægstu jaðarskattana.“ Og segir undir lokin: „Við jafnaðarmenn munum í næstu kosningum etja kappi við tvo íhaldsflokka sem láta Georg Bush líta út sem vinstrimann í skattamálum.“



johannh@frettabladid.is

## Hvernig leikhús viljum við?

Í DAG
HLUTVERK LEIKHÚSA



ÞORVALDUR GYLFASON

*Leikhús þurfa því helzt að vera í stjórnarandstöðu líkt og góð dagblöð og góðir rithöfundar. Þar eiga þau heima. Það hæfir heilbrigðri verkaskiptingu í lýðræðislandi.*

Þjóðleikhúsið hefur endurvakið þann gamla og góða sið að efna til opinberra málfunda um menningarmál: um sýningar hússins og skyld umhugsunarefni. Ég segi endurvakið, því að félagslífið í Reykjavík um aldamótin 1900 hverfðist um slíka fundi. Þetta voru þau ár, þegar þeir, sem lá mikið á hjarta, áttu tveggja kosta völ: að birta greinar í blöðunum, margir gerðu það, eða bjóða samborgurum sínum að hlýða á opinbera fyrirlestra. Blöðin birtu þá auglýsingar eins og þessa: Einar Hjörleifsson rithöfundur heldur fyrirlestur um ættjarðarást í Iðnó í kvöld. Húsið fylltist af fólki. Og þannig skynjaði ég stemmninguna í gamla dómhúsinu við Lindargötu um daginn, þegar Þjóðleikhúsið bauð okkur Pétri Péturssyni prófessor í guðfræði til opinna réttarhalda um jólasýningu hússins á Túskildingsóperunni eftir Bertolt Brecht undir yfirskriftinni: Er allt til sölu?

Við Pétur höfðum framsögu fram að hléi, hann fjallaði um siðfræðina í verkinu frá kristilegu sjónarmiði og ég af sjónarhóli hagfræðingsins, og áheyrendur og frummælendur skiptust síðan á skoðunum eftir hlé. Brecht var kommúnisti og reyndi að fá áhorfendur á sitt band með því að rakka andstæðingana niður, og það var að því leyti létt verk, að auðmenn og ýmsir aðrir máttarstólpar samfélagsins lágu vel við höggi á þriðja áratugnum, þegar verkið var skrifað í Berlín. Árni Bergmann rithöfundur lýsti því eftir hlé, að uppsetning Túskildingsóperunnar í Moskvu fyrir nokkrum árum hefði hlotið rífandi aðsókn, af því að mafíósarnir flykktust í leikhúsið til að stappa stálinu í sinn mann, Makka hníf.

Stefán Jónsson leikstjóri lýsti hugsuninni á bak við uppsetninguna, þar sem einstök atriði eru í boði nafngreindra fyrirtækja: sviðið minnir á íþróttaleikvang, þar sem fyrirtæki hafa merkt sér völlinn, boltann og búningana. Á vellinum vakna þó aldrei grunsemdir um, að fyrirtækin skipti sér af því, hvernig leikurinn fer. Uppsetningin á Túskildingsóperunni er hlutlaus í þessum skilningi: hún vekur engar grunsemdir um eitthvað gruggugt og gengur að því leyti í berhögg við boðskapinn í verkinu, en hann er sá, að auðvaldinu sé ekkert heilagt og allt sé falt. Leikhúsið leyfði fyrirtækjunum ekki að borga fyrir auglýsingarnar, þótt markaðsvirði þeirra hljóti að hlaupa á milljónum. Það hlýtur að hafa verið svolítið freistandi að senda mann frá leikhúsinu í fyrirtækin að gera þeim tilboð, sem þau gætu ekki hafnað. Það þótti samt ótækt, en það hefði rímað vel við þær ásakanir, sem ganga nú á báða bóga um misnotkun auðhringa á fjölmiðlum í krafti eignarhalds (og bókabrennuna fyrir jólin, sem DV segir Björgólf Guðmundsson, aðaleiganda Landsbanka Íslands og Eddu útgáfu, hafa fyrirskipað, en hann mun síðan skv. fréttum hafa reynt að kaupa DV til að leggja blaðið niður). Á sama tíma býst Björgólfur Thor Björgólfsson til að hasla sér völl í Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins, og fyrrverandi ritstjóri þess blaðs er einmitt formaður Þjóðleikhúsráðs og - á ég að halda áfram? En gjald fyrir auglýsingarnar kom sem sagt ekki til greina. Landsbankinn styrkir leikhúsið.

Stóru leikhúsin tvö í Reykjavík eru í reyndinni eins og Ríkisútvarpið, nema Sinfóníuhljómsveitin sé betra dæmi: þau eru hlutlaus fram í fingurgóma. En þannig á útvarp að vera og er það yfirleitt, þótt til séu stöðvar eins og sjónvarpsstöðin Fox í Bandaríkjunum, þar sem þáttastjórnendur húðskamma viðmælendur sína, ef orðinu er hallað á repúblíkana, og morðstöðin í Rúöndu, þar sem þulirnir hvöttu til þjóðarmorðs. Leikhús þurfa ekki að vera hlutlaus, þótt þau séu að miklu leyti kostuð af almannafé. Nóg er af þeim, sem sjá sér hag í að halla sér að yfirvöldunum. Leikhús þurfa því helzt að vera í stjórnarandstöðu líkt og góð dagblöð og góðir rithöfundar. Þar eiga þau heima. Það hæfir heilbrigðri verkaskiptingu í lýðræðislandi. Leikhúsin myndu komast nær áhorfendum, held ég, ef þau reyndu að hrista svolítið upp í þeim, tilfinningum þeirra, skoðunum og vitsmunum - og það útheimtir tæpitungulausa orðræðu um ýmis umdeild þjóðfélagsmál í stað þrúgandi þagnar. Þennan þráð vantar enn í íslenzkt leikhús og bókmenntir, en Íslendingasögur Þráins Bertelssonar, Dauðans óvissi tími (2004) og Valkyrjurnar (2005), eru þakkarverðar undantekningar frá aðalreglunni, því að þær ríma að ýmsu leyti vel við raunveruleikann. Mæli með þeim, og Túskildingsóperunni. Og Landsbankanum. ■


MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## HÚFUR OG HATTAR

Höfuðföt af ýmsu tagi hafa sótt á í tískunni í vetur. TÍSKA 4



## HANDSMÍÐAÐAR KLUKKUR

Leikfangasmiðjan í Garði selur handsmíðaðar klukkur. HEIMILI 7



## ALLT HITT

**TÍSKA, HEILSA OG HEIMILI**

**Buxnadragtir** eru að koma mjög sterkar inn enn og aftur. Þar sem tískan er búin að vera mjög kvenleg upp á síðkastið er kominn tími á smá töffaraheit. Á tískusýningum fremstu fatahönnuða heims má sjá buxnadragtir í ýmsum útfærslum, jafnt einlitar sem teinóttar.



**Reykingar** íslenskra unglinga hafa dregist verulega saman síðustu ár og á síðasta ári voru reykingar nemenda í 10. bekk í sögulegu lágmarki samkvæmt frétt á vef Lýðheilsustöðvar, www.lydheilsustod.is.

**Gallery** Turpentine á Ingólfsstræti sérhæfir sig í samtímalist og nú stendur yfir sýning á verkum Eyjólfs Einarssonar sem lýkur 25. febrúar. Næsta sýning þar á eftir verður á verkum JBK Ransu en meðal þeirra sem sýnt hafa í galleríinu eru Hallgrímur Helgason, Jón Laxdal og Húbert Nói Jóhannesson.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 16. febrúar, 47. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.20 | 13.42 | 8.05 |
| Akureyri | 9.12 | 13.26 | 17.42 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Rúna í eftirlætiskápunni sem er bæði hlý og flott.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tískan í dag er augnakonfekt

***Rúna á forláta kápu sem hún er mikið í. Hún er hrifin af tískunni í dag og lýsir henni sem rómantískri og fjölbreyttri.***

„Það er eins og maður sé kominn undir sæng þegar maður fer í kápuna," segir Rúna Gerður Stefánsdóttir söngkona um eftirlætisflík sína. „Þetta er yndisleg kápa sem ég keypti í Oasis. Hún er úr þveginni ull og kraginn úr mongólsku lambaskinni." Rúna hefur átt þessa flík í fimm ár og notar hana afskaplega mikið. Bæði því hún er smart og einnig þar sem hún er hlý í hálsinn, sem er söngvurum nauðsynlegt. „Mér þykir bara svo vænt um hana og held ég muni eiga þar til hún dettur í sundur," segir Rúna glöð í bragði.

Rúna segir tískuna í dag bæði fallega og fjölbreytta. „Mér finnst þetta eitt skemmtilegasta tímabil sem ég hef upplifað í fatatísku. Tískan í dag er augnakonfekt. Það er gaman að sjá hvað yngri krakkarnir eru rómantískt klæddir með allar þessar keðjur, kúlur og hálsmen og pilsin svo falleg," segir Rúna brosandi en bætir því við að tískan fyrir nokkrum árum síðan hafi verið heldur síðri. „Konur áttu helst ekki að vera í neinu. Tískan í dag er sexí þó svo fólk sé ekki allsbert, í því felst einmitt galdurinn."

Rúna hefur varla undan við að sinna vinnum sínum. Hún syngur á ýmsum fögnuðum með hópnum Prímadonnunum, starfar í gleraugnaversluninni Ég C og mun syngja á næstunni ásamt Árna Scheving og hljómsveit hans. Enn fremur tekur hún þátt í forkeppni Eurovision en úrslitin munu liggja fyrir næstkomandi laugardagskvöld. „Þá skipti ég um dress, mér finnst bara nauðsynlegt fyrir áhorfandann að fá að sjá eitthvað nýtt," segir Rúna spennt.

mariathora@frettabladid.is

## Klamydíutilfellum fer aftur fækkandi

SÍFELLT FÆRRI GREINAST NÚ MEÐ KLAMYDÍU EFTIR AÐ FJÖLDI TILFELLA NÁÐI HÁMARKI ÁRIN 2001-2002.

Klamydíutilfellum árið 2005 fækkaði verulega frá árinu á undan samkvæmt upplýsingum frá Landlæknisembættinu en tíðni sýkingarinnar hefur farið lækkandi jafnt og þétt síðan 2003. Árin 2001-2002 náði fjöldi klamydíusýkinga hámarki en virðist nú aftur vera orðinn svipaður og fyrir þann tíma. Fjöldi sýna sem rannsökuð eru hefur verið svipaður síðustu ár en sífellt færri þeirra greinast nú með klamydíu sem bendir til þess að tilfellum sé að fækka.
Flest klamydíutilfelli greinast hjá aldursflokknum 20-24 ára og næstflest hjá aldursflokknum 15-19 ára en aukningin 2001-2002 var aðallega hjá þessum aldursflokkum. Klamydíusmit getur verið einkennalaust en ef það er ekki meðhöndlað tímanlega getur það valdið ófrjósemi.



Flest klamydíutilfelli greinast hjá ungu fólki á aldrinum 15-24 ára.



**Flott stígvél** passa við allan fatnað og öll tækifæri. Sömu stígvélin geta bæði verið tilvalin í vinnuna við gallabuxur og á árshátíðina við fínan kjól.



Ný lína
Úrval af
gallafatnaði

bianca
gæði og glæsileiki
Nýbýlavegi 12, Kópavogi
Sími 554 3533


Glæsilegt úrval af
handsmíðuðum
íslenskum
skartgripum
LÁRA
GULLSMIÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 10
sími 561 1300

allt
bílar
Alla laugardaga

belladonna
Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is

Erum að taka
upp nýjar vörur

LISA
MARLÉN
Elena grunert
Vertu þú sjálf
– vertu Bella donna
Opið mán-fös 11-18
laugardaga 11-15
Hlíðarsmára 11 • Kóp • S: 517 6460 • Laugavegur 66, 2. hæð • S: 578 6460
Opið mán. - fös. 11-18, lau. 11-15 • www.belladonna.is


Argos
Sumarlistinn kominn
Flottari en nokkru sinni
Hundruð nýrra tilboða
verð 800.-
BM stórverslunin loksins á Íslandi
Flottur fatnaður á alla fjölskylduna
í litlum og stórum stærðum
Útsala enn meiri verðlækkun
verð frá kr. 250.-
BM Austurhrauni 3 Gbæ/Kays húsið
S. 5552866 bm@bmagnusson.is www.bmagnusson.is
Opið mánud.- föstud. 10-18, laugard. 11-14.



# Áhrif frá miðri síðustu öld

*Haust- og vetrarlína Custo Barceolona var sýnd á tískuvikunni í New York. Áhrif frá fimmta, sjötta og sjöunda áratuginum voru greinileg.*

Merkið Custo Barceolona var stofnað árið 1996. Það voru bræðurnir Custo og David Dalmau sem áttu heiðurinn að hönnuninni en þá höfðu þeir starfað saman í hartnær tuttugu ár. Þeir ákváðu að láta strax reyna á bandaríska markaðinn og Custo-flíkurnar urðu samstundis vinsælar meðal Hollywood-stjarnanna.

Custo Barceolona hefur hlotið fjöldamörg verðlaun og er orðið fastur liður á tískuvikunni í New York. Í liðinni viku var haust- og vetrarlínan sýnd í New York og að vanda var mikið af litríkum og ævintýralegum flíkum. Bræðurnir sóttu innblásturinn að þessu sinni í fimmta, sjötta og sjöunda áratuginn. Sem dæmi um áhrif fimmta áratugsins voru aðsniðnar flíkur sem drógu fram línur líkamans þó þær væru ekki þröngar. Einnig fíngerð mynstur, mjaðmabuxur og -pils og Péturs Pan-kragar og -skikkjur. Sjötti áratugurinn kom fram í víðum jökkum, stuttum regnfrökkum og jafnvel kúrekaskyrtum.












## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Hátíska á heljarþröm

Nýlega lauk í París „Haute couture“ tískusýningunum en hátískan er sá fatnaður sem eingöngu er sérsaumaður og aðeins ein flík saumuð af hverju. (Ólíkt því sem tískuskríbentar Moggans halda þá skapaði Tom Ford aldrei „Haute couture“ fyrir Gucci eða YSL heldur „ready-to-wear“, svo munurinn sé skýrður.) Verðið er eftir því, hleypur á nokkrum milljónum kjóllinn. Um nokkurt skeið hefur verið talað um þessa hátísku sem deyjandi listgrein. Hönnuðir telja þetta ekki aðeins vera tísku heldur listsköpun. Eftir seinna stríð hönnuðu hundrað og sex frönsk tískuhús hátísku. Í dag eru ekki eftir nema tíu og gæti enn fækkað ef marka má afkomu þeirra og þá kröfu í dag að allt skili hagnaði og margir hönnuðir segja það ekkert leyndarmál að engan gróða sé að hafa af hátískunni, aðeins kostnað. Áður var allt saumað í höndunum í Frakklandi, nú er margskonar handverk að hverfa vegna þess að það þykir of dýrt að nota strútsfjaðrir eða handsaumaðar blúndur, handverksiðnaðurinn færist til Asíu þar sem vinnuaflið kostar lítið.

Tísku- og lúxusiðnaðurinn hefur heilmikið breyst síðustu ár og viðskiptavinir láta sífellt verr að stjórn. Þeir eru ekki tryggir einu merki lengur heldur velja úr mörgum. Ekki nóg með það heldur getur nú þeysa frá Zöru gengið með gallabuxum með fínu merki og eftirlíkingu af Chanel-jakka. Þetta hefði verið óhugsandi hjá þeim sem eru loðnir um lófana fyrir tveimur til þremur árum. Nú heitir þetta lífsstíll og þykir flott. Áður voru það tískuhönnuðir sem lögðu línurnar en nú er öldin önnur. Hönnuðirnir hafa sífellt minni áhrif því nú eru það tískuskrifstofur (bureaux de styles) sem gefa út tískuhefti (cahiers de tendances) með því sem koma skal í efnum, litum, sniðum og fleiru og tískan verður fyrir vikið einsleitari. Tískuhúsin hafa reyndar eitt af öðru verið gleypt af stórum keðjum, aðallega tveimur (LVMH og Gucci-group) ef frá eru taldar nokkrar undantekningar eins og Chanel svo dæmi séu tekin. Þess vegna er það nú fyrsta reglan að skila hagnaði, ekki að hanna eitthvað ódauðlegt og bylta tískunni. Hönnuðir eyða í dag eins miklum tíma í fundi yfir fjárhagsáætlunum eins og við teikniborðið.

Samkeppnin verður sömuleiðis sífellt harðari og ódýru merkin eins og H&M, Zara og Gap taka sífellt stærri sneið af kökunni, hvert með sinni aðferð. Zara getur tekið upp snið frá öðrum á tíu dögum og H&M fær heimsfræga hönnuði eins og Karl Lagerfeld og Stellu McCartney til að hanna fyrir sig, sem tryggir biðraðir fyrir framan búðirnar. Það blæs því ekki byrlega fyrir hátískunni með sína tvöhundruð viðskiptavini í heiminum.



Húfa með hauskúpumunstri passar vel inn í pönkaralúkkið og kemur sér vel hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sjóræningjastíll

*Grófir málmskartgripir og fylgihlutir eru nokkuð áberandi um þessar mundir.*

Vinsælt er um þessar mundir að pönka útlitið örlítið upp með fylgihlutum úr málmum með miðaldalegum skreytingum. Hönnuðurinn Ugo Cacciatori frá Toskana-héraði á Ítalíu aðhyllist þennan stíl og sækir hugmyndir sínar til endurreisnarinnar á Ítalíu og rómantíska tímabilsins á Englandi. Stíllinn hjá honum er sjóræningjalegur og einskorðast ekki aðeins við fylgihluti því hann hannar einnig föt og húsgögn í þessum stíl.

Ekki er auðvelt að innrétta húsið sitt í sjóræningjastíl hér á landi en hægt er að flikka upp á útlitið og njóta þess að vera flottur og spes á sama tíma. Hálsmen og eyrnalokkar með steinaskreyttum smáhnífum, þykk armbönd úr ópússuðu silfri með flúri og steinum ásamt rifnum gallabuxum og belti með hauskúpusylgjum eru hlutir sem fullkomna pönkaralúkkið.

Það er varla nokkrum blöðum að fletta um það að vinsældir pönkaða sjóræningjaútlitsins hafa fylgt í kjölfarið á myndinni Pirates of the Caribbean þar sem Johnny Depp fór með aðalhlutverkið.

www.jbj.is - fyrir árshátíðina









Hálsmen á 3.900 kr.

Bleik peysa á 5.100 kr.

Appelsínugular blúndubuxur 3.900 kr.

Pallíettukjóll 59.900 kr.

Hvítur toppur 6.400 kr.

Pils með sebramynstri 6.900 kr.



Buxur 20.700 kr.

# Ungfrú útsala

*Verslunin Trílógía selur fallega hönnun sem nú má fá á góðu verði.*

Verslunin Trílógía á Laugaveginum sker sig úr hvað varðar ýmislegt sem viðkemur rekstrinum. Vörurnar eru einstakar, íslenskar og erlendar, listasýningar og aðrar uppákomur eru haldnar þar með reglulegu millibili og nú þegar útsölutíðin er á enda í öllum verslunum er Ungfrú útsala að stíga á stokk í Trílógíu.

Ungfrú útsala er afskaplega lagleg þetta árið, girnilegar hátískuflíkur eru nú falar á flottu verði enda er 35 prósenta afsláttur af öllum vörum nema þeim sem verslunin tekur að sér í umboðssölu.

Næstu tvær vikurnar mun Ungfrú útsala spígspora um sandsteinalagt gólf Trílógíu svo fyrir þá sem áhuga hafa á hátísku er skilyrði að skreppa á Laugaveginn og berja ungfrúna augum áður en vor- og sumarlínan yfirtekur verslunina.

Olivia
Gefðu af sjálfum þér
komdu elskunni á óvart
á konudaginn
Nuddolían frá Olivia er ekki aðeins góð og falleg gjöf sem gleður. Hún nærir og endurlífgar húðina enda gædd áhrifamiklum, náttúrulegum eiginleikum ólívuolíunnar.
Gefðu fallega gjöf og fallega stund - gældu við elskuna þína. Fæst í verslunum Hagkaupa





Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
Augnháralitur og augnbrúnalitur sem fagaðilar nota. Auðveldur í notkun. Allt sem þarf í einum kassa – þægilegra getur það ekki verið.
SÖLUSTAÐIR:
APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

SNYRTISTOFAN HELENA FAGRA
FAGMENNSKA Í 11 ÁR
BRÚN(N) Á 15 MÍNÚTUM
BÓKAÐU NÚNA Í SÍMA 561 3060
BRÚÐKAUP ÚTSKRIFT GOTT SKAP
S. 561 3060
LAUGAVEGI 163

vísir
NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar
NFS




**FYRIR STRÁKA**
Svört tribal húfa kr. 2.900
Ljósblár sixpens hattur kr. 3.900
Hermannagræn húfa kr. 3.900
Blá derhúfa kr. 3.900
Tweed-herrahattur kr. 3.900
Grænn herrahattur kr. 3.900

**FYRIR STELPUR**
Brún köflótt húfa kr. 2.900
Rauð rastahúfa kr. 2.900
Rauður hattur kr. 3.900
Bleik húfa kr. 1.900
Svört prjónahúfa kr. 2.900
Bleik og blá derhúfa kr. 3.900

*Fæst allt í Exodus*

# Húfur og hattar fyrir unga fólkið

***Höfuðföt af ýmsum toga hafa sótt á í tískunni í vetur og flott húfa eða hattur getur sett skemmtilegan svip á heildarútlitið.***

Það eru ýmsar stefnur í gangi, ullarhúfur með litlu deri eru vinsælar, litlu þröngu prjónhúfurnar eru mjög áberandi í götutískunni, sérstaklega hjá strákum, derhúfurnar klassísku standa alltaf fyrir sínu og svo eru herralegu mafíósahattarnir alltaf svakalega flottir en þeir eru nú til í ótal litum og áferðum.

Unga kynslóðin hefur tekið vel á móti þessari húfu- og hattatísku og það er ekki óalgengt að ungir menn og konur eigi mörg höfuðföt til skiptanna.

Húfu- og hattaúrvalið í Exodus við Hverfisgötu er mjög litríkt og skemmtilegt, það er alltaf eitthvað nýtt að bætast við og verðið er sanngjarnt. Húfurnar á myndunum kosta á bilinu 1.900 til 3.900 krónur.



Ferming 2006 aldrei meira úrval...

Stelpur
bolir frá: 2.990 pils frá: 4.990 jakkar frá: 9.990 skór frá: 4.990
ermar frá: 3.990 buxur frá: 3.990 kjólar frá: 4.990 - skór fást í focus og gs skóm
Strákar
jakkaföt 15.990 bindi 2.990
skyrta 3.990 skór frá: 6.990



• Perry Ellis • Max Mara • 7th Street • Elisabeth Arden • Kliik • Casual




# opnunartilboð í augastað!

Margskipt gleraugu með glampavörn frá kr.
**20.900**
frá 22.900 kr. með glampavörn og gleri sem dökknar í sól

Gleraugu fyrir fjarsýna og nærsýna (einn styrkleiki) frá kr.
**11.900**

Barnagleraugu frá aðeins kr.
**7.900**

Þú færð mælingu hjá sjónfræðingi á staðnum

augastaður
færir þér nýja sýn!

Lyf & heilsa Hamraborg og JL-húsinu





opið alla fimmtudag til kl. 21:00 í Kringlunni

gallerí sautján

Laugavegi s.512 1717 kringlunni s.512 1750

# Engir skór til á lager

*Skóbúðin Trippen hefur vakið verðskuldaða athygli hérlendis. Trippen er þýskt merki sem leggur áherslu á gæði fremur en gróða.*

„Ég hef aldrei efast. Það er um slíka sérstöðu og gæðavöru að ræða. Það væri annað ef ég væri að koma með enn ein kúrekastígvélin," segir Berglind Gestsdóttir, sem opnaði verslunina Trippen á Rauðarárstíg 14 fyrir tæpri viku. Áhugi fólks hefur verið mikill og skóbirgðirnar í búðinni minnka stöðugt.

Trippen er þýskt fyrirtæki sem framleiðir skó ásamt fáeinum töskum. Aðeins eru til níu Trippen-verslanir í heiminum, fjórar í Japan, fjórar í Þýskalandi og núna ein á Íslandi.

Skórnir eru allir handunnir og hver búð fær einungis eitt til tvö pör af hverju skónúmeri. Ekkert færiband er að finna í verksmiðjunni í Þýskalandi og heldur engan lager. Það er því ekki fyrr en verslanirnar panta til sín skópör að skósmiðirnir taka til við að sauma. „Ég hef ekki enn fengið alla sendinguna til mín því þeir hafa ekki undan að sauma," segir Berglind, sem fær skóna til sín glænýja og nánast heita úr kassanum.

Tveir Þjóðverjar, sem eru jafnframt eigendur Trippen, standa á bak við hönnun skónna. Ákveðið þema er á skóm hverrar árstíðar en í búðinni hérlendis er bæði að finna vetrar- og sumarlínuna. „Í vetur var mikið hugsað um íþróttir og fyrirmyndin meðal annars glímuskór og motocross-stígvél. Sumarlínan er dálítið grísk og rómantísk. Enn fremur eru þar minni úr ævintýrum svo sem Aladdín." Það vakti athygli blaðamanns að hvergi var að finna háhælaða skó í búðinni. „Hverju skópari fylgir lesefni um það hvernig fara skuli með fæturna sína og af hverju þú átt ekki að vera í háhæluðum skóm. Einnig eru þar leiðbeiningar um meðferð skónna," segir Berglind, sem virðist ekki minna heilluð af skónum en blaðamaðurinn sjálfur.

*mariathora@frettabladid.is*




**Gerið góð kaup**

**Verðdæmi**

Sloppur ~~17.800,-~~ **nú 8.900,-**

Jakki ~~8.640,-~~ **nú 1.990,-**

**GULLBRÁ,** Nóatún 17 s. 562-4217




Frábært úrval á kvenfatnaði í öllum stærðum

4 verð í gangi

500 - 1000 - 1500 - 2000

*Komdu og gerðu langbestu kaupin í bænum!*

ZIKZAK OUTLET

MÖRKINNI 1 - REYKJAVÍK




AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

allt tíska

Alla fimmtudaga

vísir

NFS ER Á VISIR.IS

NFS



**Rúmteppi** eru góð lausn í barnaherbergi þar sem engin rúmfatageymsla er. Börn komast fljótt upp á lagið með að búa um rúmið þannig að þau geti leikið sér á því.





Bára á alls konar uglur. Þá stærstu fékk hún á 25 ára afmælinu og þá útskornu lengst til vinstri í jólagjöf frá syni sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Á taktmæli með uglu

***Bára Grímsdóttir tónlistarmaður safnar uglum í ýmsu formi. Hún ætlar samt ekki að syngja um þær í Norræna húsinu í kvöld heldur eitthvað þjóðlegra.***

„Þetta byrjaði með því að þegar ég varð 25 ára fékk ég stóra uglustyttu í afmælisgjöf frá félögum mínum í hljómsveit sem ég var í þá og hét Frílist. Upp úr því fór ég að gefa uglum gaum ef þær urðu á vegi mínum og þá fyrstu keypti ég á götumarkaði í Amsterdam. Síðan hefur þeim fjölgað í kringum mig,“ segir Bára um uglusafnið sitt og heldur áfram: „Eysteinn sonur minn hefur verið mér hjálplegur. „Mamma, þú verður að koma og sjá þessa,“ segir hann stundum ef hann hefur komið auga á álitlega uglu í búð.“ Ekki kveðst Bára samt eyða miklu í þetta áhugamál og í stað þess að safna einungis styttum hefur hún keypt ýmsa nytjahluti með uglum. Ein er snagi, önnur sykurkar og salt- og piparbauka á hún með vísdómsfuglinum mikla. Í Belgíu varð fyrir henni uglusparibaukur úr leðri og á Írlandi fann hún uglupenna. „Mér finnst skemmtilegra að hafa þetta blandað,“ segir hún brosandi og sýnir eina mjúka. „Ég var lasin um daginn og þá rétti yngsti sonur minn mér þessa og spurði hvort ég vildi ekki hafa hana hjá mér!“ Að lokum tekur hún fram forláta taktmæli með uglu sem hún fékk að gjöf frá syni og sambýlismanni og kemur sér vel fyrir tónlistarmanninn. Ekki segir Bára samt uglur koma við sögu á tónleikunum sem hún ætlar að halda í kvöld kl. 20 í Norræna húsinu ásamt breska söngvaranum Chris Foster, enda verða þeir á þjóðlegum nótum og ekki mikið til um uglur í íslenskum kveðskap. „Við Chris ætlum að syngja og kveða um sama efni á okkar móðurmálum,“ segir Bára og bætir við til skýringar: „Ég syng um hesta á íslensku og Chris á ensku.“



Brúðarklukkan er sérsmíðuð og birtir nöfn og giftingardag brúðhjónanna.



Mótorhjól eru draumur margra.



Engill sem vakir.

# Allt handsmíðað

***Meðal þess sem Leikfangasmiðjan í Garði selur er handsmíðaðar klukkur.***

„Þetta eru allt handsmíðaðar vörur,“ segir Viktor Þór Reynisson, sem ásamt eiginkonu sinni Önnu Kristínu Kristófersdóttur rekur fyrirtækið Leikfangasmiðjuna í Garðinum.

Auðvelt er að skoða framleiðslu fyrirtækisins á vefnum www.leikfangasmidjan.is. Þar getur meðal annars að líta fagrar klukkur sem flestar kosta á bilinu 3.500 til 6.500 nema hvað brúðarklukkan kostar 15.000 enda stór í sniðum og sérsmíðuð með nöfnum hjónanna.

Viktor segir hana þó meðal vinsælustu vara fyrirtækisins. Íslandsklukkan og fleiri sem eru einkennandi fyrir landið eiga orðið sinn sess í ferðamannaverslunum en hinar fást enn einungis með því að panta þær á netinu netið. Að sögn Viktors er fyrirtækið ársgamalt og eins og nafn þess ber með sér eru meðal annars framleidd þar leikföng en hér eru það klukkurnar sem fókusinn er settur á.


Nýkomnir hvítir Damaskdúkar 3. stærðir
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322




Hulda Vilhjálmsdóttir síðasta sýningarhelgi
Gallerí Fold · Rauðarárstíg
Opið laugardaga kl. 11-16
Opið sunnudaga kl. 14-16
Sjáumst í Galleríi Fold
LISTMUNASALA fold
Rauðarárstíg 14, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is



FERMING 2006
SILKIBLÓM



Gerberur frá 140 kr
SERICA
Silkiblóm og gjafavara
Opið frá 11-18 virka daga. Laugardaga 11-15
Hlíðarsmára 11, Kópavogi s: 565 1504
























## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

# Rósabegónía og franskar freigátur

Begóníur eru fjölbreytt plöntuættkvísl sem útbreidd er um heittempraða beltið í öllum heimshlutum, að Ástralíu undanskilinni. Tegundafjöldinn er gífurlegur og enn er verið að uppgötva nýjar begóníur í afviknum kimum og skógum hitabeltisins. Í bænum Rochefort í Frakklandi er sérstök stofnun: „Conservatoire du Begonia“, mikið safn og einskonar grasagarður þar sem haldið er lífi í um 1300 gerðum þessarar ættkvíslar sem þar eru líka hafðar til sýnis. Begóníuheitið tengist hinum franska Michel Bégon (1638-1710) sem var sérlegur umboðsmaður Lúðvíks XIV (1638-1715) og landsstjóri hans í nýlendunum, fyrst á St. Domingo en síðan í Kanada. Bégon þessi var áhrifamaður sem byrjaði og endaði feril sinn með því að hafa umsjón með uppbyggingu og viðhaldi franska flotans í Rochefort-sur-Mer á tímum sólkonungsins.

Í hlut Bégons kom að skaffa nokkra tugi af fullbúnum freigátum. Hver freigáta bar 74 fallbyssur og til að fullklára hvert skip þurfti fjögur þúsund vel vaxin og digur eikartré, 20 kílómetra af segldúk í seglin og aðra 2 kílómetra af vefnaði í flaggdúka og veifur. Þar að auki þurfti hundrað kílómetra af köðlum, snúrum og snærum ásamt ótal tonnum af byssupúðri, brauði, víni og öðrum vistum til að halda skipunum úti.

### Töff gæjar - mjúk blóm

En hvernig tengist svo þessi valdamikli áhrifamaður nafni svona mjúkra plantna? - Jú, einn af skjólstæðingum Bégons var munkurinn og grasafræðingurinn Charles Plumier (1646-1704) sem fór að undirlagi hans með franska flotanum vítt um franska áhrifasvæðið og nýlendur Frakka til að safna, skrá og skilgreina gróðurfar í hinu útvíkkaða ríki sólkonungsins. Plumier fann og lýsti fjölda plöntutegunda í Vestur-Indíum, meðal annars sex sem líktust hver annarri en voru þó það ólíkar að Plumier lýsti þeim hverri fyrir sig sem sjálfstæðri tegund í sérstakri ættkvísl. Og til að heiðra velgjörðarmann sinn, Michel Bégon, gaf hann þessari nýuppgötvuðu ættkvísl nafn hans.



### Fjölbreytileiki og genafikt

Fjölbreytileiki ættkvíslarinnar er, eins og áður kom fram, afar fjölskrúðugur og henni er skipt í nokkra flokka eftir útliti og aðlögunarformum. Sumar eru lágvaxnar og skriðular, aðrar hálfgerðir runnar. Sumar begóníur eru hnúðjurtir sem visna niður að jörð um þurrkatímann og enn aðrar klifra eins og vínviður upp eftir trjábolum og klettaveggjum. Allir þessir flokkar eiga sína fulltrúa í pottaplöntuflórunni og um allan heim eru til klúbbar begóníusafnara sem safna og skiptast á plöntum og upplýsingum þvert yfir öll landamæri. Það er líka einn sérkennileiki begóníanna að þær eru afar gjarnar á að blandast sín á milli og þess vegna verið afar vinsælar af fólki sem hefur áhuga á að „búa til nýjar tegundir“. Og vissulega hefur margt gott komið út úr þessu genafikti. Til dæmis Rósabegónían, sem er blendingur B. socotrana frá eynni Sókotru í mynni Arabíuflóans austan við Afríku og B. dregei frá Suður-Afríku. Reyndar hafa fleiri tegundir líka komið þarna við sögu en með úrvali og víxlfrjóvgunum þvers og kruss þar á milli. En árangurinn skilaði sér prýðilega í þessari blómríku og státnu jurt sem skartar stórum rósalíkum blómum í myndarlegum blómskúfum. Blómlitirnir eru í margvíslega rauðum, bleikum, gulum og eirrauðum tilbrigðum. Einnig eru fáanlegar sortir með hvítum blómum.



**Rósabegónía**

**Begonia x elatior hybr.**
**Notkun:** Blómplanta
**Birta:** Meðal birta. A-V-N-gluggar
**Hiti:** Heittemprað - stofuhiti: 18-25°C
**Vökvun:** Mold ávallt rök
**Áburðargjöf:** Sjá hér að neðan
**Umpottun:** Sjá hér að neðan

Rósabegónían þarf eins mikla birtu og hægt er en þó er ekki ráðlegt að láta hana standa í sterkustu sólargeislunum í suðurglugga. Vökvið hana með volgu vatni. Þegar plantan fer að láta á sjá er henni oftast fleygt. En einnig er auðvelt að endurnýja hana með því að klippa plöntuna niður um tvo þriðju, fjarlægja veiklulega sprota og umpotta henni í góða pottamold. Hafa hana síðan á hlýjum og björtum stað og vökva með áburðarvatni þegar hún byrjar að vaxa á ný. Oftast nær blómgast plönturnar aftur eftir svo sem hálfan mánuð og geta staðið í blóma í margar vikur. Eftir hvern blómgunarkafla þarf samt að klippa gömlu blómstæðin burt, fjarlægja veiklulegar hliðargreinar og sjá til þess að gott jafnvægi sé í formi plöntunnar. Þetta getur gengið svona, koll af kolli, fram á haust. Auðvelt er að fjölga rósabegóníum með laufbútum, en varla borgar sig að standa í því í heimahúsum. Ekki borgar sig heldur að yfirvetra plönturnar inni í íbúðum, því enda þótt það sé vel gerlegt ná þær sjaldnast að skila því flúri sem til er ætlast af þeim seinna sumarið. Rósabegónían er fáanleg í blómabúðum á flestum tímum árs, dálítið dregur samt úr framboðinu í skammdeginu. Og þrátt fyrir að geta staðið áfram í stofunni eftir blómgun og blómgast á ný lengi og vel, er hún samt sem áður ein af þessum „er á meðan er“-plöntum, sem menn fleygja án eftirsjár þegar þær hafa skilað sínu fyrsta flóri.



Margt er á markaðinum sem gaman er að skoða.

# Ýmislegt til heimilisins

***Borðbúnaður og búsáhöld eru á markaði Ásbjörns Ólafssonar í Fellsmúla 24.***

Heildverslun Ásbjörns Ólafssonar er með lagersölu í Fellsmúla 24, við hlið Góða hirðisins, og stendur hún fram á sunnudag. Þar er ýmislegt til heimilisins á vægu verði og ber mest á borðbúnaði eins og bollum, könnum og skálum. Kerti og dúkar fást þar líka ásamt matvöru í krukkum og pökkum.



Sósukanna, kartöfluskál og fat kosta hvert um sig 392 krónur.



Blá glerskál sem kostar 392 krónur.



Rósótt glös, pakkinn kostar 232 krónur.



Könnur sem kosta 152 krónur stykkið.

# Ný hönnun í Lumex

***Brátt verður hægt að fá vörur frá hollenska hönnunarfyrirtækinu Moooi í versluninni Lumex.***

Vöruúrval eykst brátt til muna í versluninni Lumex. Þar verður þegar í mars hægt að fá vörur frá hollenska fyrirtækinu Moooi, sem þekkt er fyrir framúrstefnulega hönnun. Að sögn Inga Más Helgasonar hjá Lumex er Moooi mest spennandi hönnunarfyrirtæki dagsins í dag.

Moooi hefur verið starfrækt síðan 2001 undir listrænni stjórn hönnuðarins Marcel Wanders. Hann hefur svo fengið til liðs við sig hönnuði á borði við Ross Lovegrove, Li Edelkoort, Erwin Olaf, Josep van Lieshout og Jurgen Bey.

Ingi Már segir að þau í Lumex hafi viljað bæta við úrval verslunarinnar og fyrir stuttu hafi náðst samningar við Moooi. Fyrstu vörurnar koma í mars og verða það aðallega ljós, næsta sending þar á eftir kemur í apríl. Þegar eru farnar að berast pantanir í vörurnar. Bæði er um að ræða ljós og húsgögn. Það er nýjung hjá Lumex að selja húsgögn en fyrirhuguð er mikil stækkun á verslunarrými Lumex og á henni að vera lokið í haust.

Áhugasamir geta skoðað síðuna www.moooi.nl til að fá hugmyndir um hönnun Moooi.

Moooi er þekkt fyrir framúrstefnulega hönnun.


allt matur
Alla föstudaga

## STELLIÐ: LUXEMBURG


Bollarnir fást í þremur stærðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

***Luxemburg er klassískt og vinsælt stell hjá Villeroy og Boch.***

Fá stell státa af jafn mörgum mismunandi hlutum og stellið Luxemburg. Innan þess finnast hátt í fimmtíu fylgihlutir, þar af eru að minnsta kosti fjórir nýir á markaðnum: ferkantaðir diskar, eldföst mót, krúsir og sultukrukkur. Luxemburg er elsta stellið sem hið þýska fyrirtæki Villeroy og Boch byrjaði framleiðslu á, árið 1748, og hefur stellið verið undirstaða velgengni þess. Enn heldur Luxemburg sínum vinsældum, enda vandað og sígilt.


Diskarnir eru mynstraðir.


Sama fínlega blómið prýðir alla hlutina, sem þó eru með mismunandi lagi.

útsala útsala
Gerum nú ennþá betur
útsala útsala
Heilsuhitapoki fylgir hverju sófasetti

útsala útsala
Gildir til 25. febrúar eða á meðan birgðir endast.
Verið velkomin að Dalvegi 18.
útsala Gallerí Húsgögn útsala
Sími 554 5333

Evíta
Full búð af fallegum vörum á betra verði.
Gefðu heimilinu fallega gjöf

Hárþjónusta á frábæru verði, gerið svo vel að panta tíma.
Hárgreiðsla og gjafavörur
Starmýri 2, 108 Rvík, s. 553-1900 www.evita.is



mubla
nýbýlavegi 18 | sími: 517 2100

**Sund** er mjög góð alhliða hreyfing. Það er líka notalegt að slappa af í heitu pottunum eftir góðan sundsprett og slaka á öllum vöðvum líkamans.

















Gott mataræði á leikskólum skilar lystugri nemendum í grunnskólana. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Sterk tengsl milli góðs matar og námsárangurs

***Mataræði grunnskólanema var umræðuefni málþings Náttúrulækningafélags Íslands nú í vikunni.***

„Hversvegna á að bjóða upp á heitan mat í skólum?“ spurði Sigurveig Sæmundsdóttir, skólastjóri Flataskóla í Garðabæ, í erindi sínu á málþingi NFÍ og svaraði spurningunni jafnhraðann: „Jú, vegna þess að það er börnunum bráðnauðsynlegt til að þau hafi orku og þrek til að komast í gegnum daginn.“ Hún taldi margsannað að sterk tengsl væru milli góðs morgunverðar og einbeitingar og árangurs í námi og hið sama gilti í sambandi við hádegisverðinn. Sigurveig talar af reynslu því þetta er annar veturinn sem börnum er boðið upp á heitan mat í hádeginu í hennar skóla og hún telur það gott innlegg í skólabraginn. „Það er greinilegur munur á líðan barnanna og svo er margt sem þau læra í sambandi við matinn,“ sagði hún og nefndi í því sambandi tillitssemi, borðsiði og ýmsan fróðleik um fæðuna. Í máli hennar og fleiri fundarmanna kom fram að það væru einkum yngri árgangar grunnskólans sem nytu skólamáltíðanna því eldri börnin kysu frekar að kaupa sér eitthvað í sjálfsölum og sjoppum og lifðu yfirleitt á lakara fæði. Sigurveig taldi góðar matarvenjur úr leikskólunum að skila sér upp í yngri bekkina og kæmu vonandi til með að þróast áfram upp í þá eldri eftir því sem árin liðu.

Laufey Steingrímsdóttir, sviðsstjóri hjá Lýðheilsustöð, var ekki í vafa um gildi góðra og hollra skólamáltíða og benti meðal annars á að þær væru ekki bara innbyrðing næringarefna heldur skemmtileg félagsleg athöfn. Samkvæmt alþjóðlegri könnun borða íslensk ungmenni oftast morgunverð af öllum sem þátt tóku en hins vegar eru þau í lægsta þrepi þegar ávaxta- og grænmetisneysla er könnuð. Einungis um fjörutíu prósent fimmtán ára unglinga borða einhverja ávexti á degi hverjum og innan við helmingurinn grænmeti. Góðu fréttirnar eru þær að gosneysla fer heldur minnkandi.



Margir sýndu áhuga á mataræði grunnskólabarna.



Sigurveig skólastjóri í Flataskóla í ræðustól. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

En það gerir lýsisneyslan líka að því er fram kom í máli Ingibjargar Gunnarsdóttur, dósents í næringarfræði. Samkvæmt neyslukönnun taka innan við fimm prósent fimmtán ára barna lýsi. Sláandi tölur um aukna þyngd íslenskra barna komu fram í máli Erlings Jóhannssonar, dósents við íþróttafræðasetur KÍ. Á sex árum, frá 1998 til 2004, jókst meðalþungi sex ára barna hér á landi um hálft kíló og offita er vaxandi vandamál.

Jón Gnarr sló í gegn með skemmtilegu erindi og athyglisvert var að heyra hann lýsa góðu heilsufari aldraðs föður síns sem lifði á súrmeti og sel framan af ævi og leit ekki ávöxt fyrr en um tvítugt.

# Endurnýjun tækjabúnaðar þörf

***Krabbameinsfélagið fékk fjörutíu milljónir króna að gjöf frá Íslandsbanka í síðastliðnum mánuði. Stefnt er að því að endurnýja tækjabúnað og taka upp stafræn leitartæki. Áætlaður heildarkostnaður er 340 milljónir.***

Á dögunum fékk Krabbameinsfélag Íslands nýtt leitartæki að gjöf frá Íslandsbanka. Um er að ræða stafrænt röntgentæki sem nýtist til forvarnastarfs Krabbameinsfélagsins í leit að meinum í brjóstum kvenna og kostar tækið fjörutíu milljónir króna.

Röntgentækjabúnaður leitarstöðvarinnar þarfnast endurnýjunar á næstu þremur árum og því fagnar Krabbameinsfélagið framlagi Íslandsbanka. Sú endurnýjun mun byggjast á velvilja styrkjenda þar sem forvarnastarf byggir eingöngu á þjónustusamningi við heilbrigðismálaráðuneyti.

Nýja tækið byggir á stafrænni röntgentækni sem gerir mögulegt að færa myndir beint inn á tölvu í stað hefðbundinna röntgenfilma. Slík tækni gefur möguleika á nákvæmari greiningu lítilla æxla og gagnast aðferðin best í brjóstum yngri kvenna og kvenna með þéttan brjóstavef ásamt því að konur verða fyrir minni geislun við leitina. Tækið hefur marga aðra kosti, meðal annars er hægt að senda myndir til úrlestrar hvert sem er í heiminum. Afköstin verða meiri og stafræna tæknin gefur jafnari og betri myndgæði en filmutæknin.

Leitarsvið Krabbameinsfélagsins mun þurfa fimm slík tæki, þrjú á röntgendeild Leitarstöðvar, eitt fartæki fyrir landsbyggðina og eitt tæki á Akureyri, auk tölvubúnaðar til úrlestrar mynda sem teknar eru með stafrænni tækni. Áætlaður heildarkostnaður við endurnýjun er um 340 milljónir. Gjöf Íslandsbanka er því kærkomin og skref í átt að settu marki. ■



Kristján Sigurðsson yfirlæknir, Guðrún Agnarsdóttir og Einar Sveinsson, stjórnarformaður Íslandsbanka, sem afhenti peningagjöfina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Samkvæmt rannsókn sem framkvæmd var í Úganda eru afbrigði HIV-veirunnar misfljót að draga smitaða einstaklinga til dauða.

# Misfljótvirk HIV-afbrigði

***AD-afbrigði veirunnar stystan tíma að draga fólk til dauða.***

Niðurstöður bandarískrar rannsóknar benda til þess að lífslíkur HIV-smitaðra fari eftir afbrigðum veirunnar. Rúmlega 300 HIV-smitaðir einstaklingar í Úganda tóku þátt í rannsókninni, þar af 203 sýktir af D-afbrigði veirunnar, 53 af A-afbrigði og 70 af raðbrigði beggja afbrigða, AD.

Aðstandendur rannsóknarinnar segja að tíu prósent þeirra sem voru sýktir af D-afbrigðinu hafi látist innan þriggja ára frá smiti, en enginn þeirra sem sýktir voru af A-afbrigðinu.

Meðal þeirra sem tóku þátt í rannsókninni var meðallíftími frá smiti 8,8 ár hjá A-sýktum einstaklingum en 6,9 ár hjá D-sýktum. Þeir sem voru sýktir af AD-raðbrigðinu lifðu að meðaltali 5,8 ár frá smiti.

Stjórnandi rannsóknarinnar segir niðurstöðurnar geta hjálpað læknum að ákveða meðferð við sýkingu. Ljóst sé að afbrigði veirunnar ráðist misjafnlega hratt á líkamann, meðal annars vegna þess að D-afbrigðið drepur ónæmisfrumur hraðar en A-afbrigðið. ■

## Kossar geta leitt til heilahimnubólgu

NÁNIR KOSSAR VIÐ MARGA EINSTAKLINGA AUKA LÍKURNAR Á HEILAHIMNUBÓLGU SAMKVÆMT NÝLEGRI RANNSÓKN.

Franskir kossar, eða kossar með tungu, gera bakteríunni sem veldur heilahimnubólgu kleift að komast á milli einstaklinga. Ástralskur rannsóknarhópur stóð fyrir rannsókn sem leiddi þetta í ljós. 144 unglingar með heilahimnubólgu voru rannsakaðir og kom meðal annars í ljós að sumir höfðu kysst allt upp í sjö mismunandi einstaklinga á einu kvöldi. Tíðni sjúkdómsins meðal unglinga í Bretlandi og í Bandaríkjunum hefur hækkað mikið síðastliðin áratug. Talið er víst að einn af hverjum tíu unglingum beri bakteríuna sem veldur heilahimnubólgu.



Aðstandendur rannsóknarinnar bættu því við að fjölda annarra baktería mætti finna í hálsi fólks. Bakterían sem veldur heilahimnubólgu er þess vegna ekki eina hættulega bakterían sem flakkað getur á milli með djúpum og innilegum kossum. Aðstandendur rannsóknarinnar bentu enn fremur á að unglingar þyrftu að fara að breyta þessu „lausláta“ hegðunarmynstri sínu.




[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22**

**TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN:**
**MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18**
**LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16**

BÍLASALAN bíll.is

WV Passat Comfort line árg. 1999. Beinsk. Ek. 100 þús. 1 eigandi. Góður bíll. Verð 790 þús. Tilboð 600 þús.

Daewoo Nubira sx árg. 1998. Beinsk. Ek. 134 þús. Dráttarkúla. Verð 290 þús. Tilboð 190 þús.

Suzuki Grand Vitara árg. 2003. Beinsk. Ek. 78 þús. Verð 1.790. þús. Tilboð 1.490 þús.

Opel Zafira árg. 2003. Sjálfsk. 7 manna. Diesel. Ek. 188 þús. Ný yfirfarinn af umboði. Verð 1.290 þús. Tilboð 990 þús. Áhv. 740 þús

Kia Sorento árg. 2005. Nýr Bíll. Diesel. Sjálfsk. Leður, lúga ofl. Verð 3.790 þús. Tilboð 3.190 þús.

Land Rover Defender árg. 2001. Diesel. 33", beinsk., 7 manna, ek. 77 þús. Verð 2.190 þús. Tilboð 1.990 þús.

WV Golf Comfort line árg. 2002. Beinsk. Ek. 74 þús. Verð 950 þús. Tilboð 790 þús.

Nissan Micra árg. 2003. Sjálfsk. Ek. 8 þús. Tilboð 1.190 þús.

BÍLASALAN bíll.is

Audi A6 Quattro Turbo 2.7 árg. 2001. Sjálfsk. Ek. 122 þús. Einn með öllu. Verð 2.900 þús. Tilboð 2.690 þús.

Range Rover HSE V8 árg. 2002. Sjálfsk. Ek. 39 þús. Hlaðinn aukabúnaði. Verð 6.790 þús. Tilboð 5.900 þús.

Range Rover HSE V8 árg. 2003. Sjálfsk. Ek. 53 þús. Hlaðinn aukabúnaði. Verð 6.990 þús. Tilboð 5.990 þús.

Toyota 4Runner Diesel Turbo árg. 1994. Beinsk. Ek. 145 þús. Verð 1.090 þús. Tilboð 990 þús.

Toyota Celica GT árg. 2000. Beinsk. Ek. 62 þús. Verð 1.490 þús. Tilboð 1290 þús.

Toyota Tundra Limited árg. 2005. Sjálfsk. Ek. 11 þús. Verð 3.750. Tilboð 3.490 þús.

BMW 520i árg. 2003. Sjálfsk. Ek 81 þús. Topplúga, leður ofl. Verð 3.150. Tilboð 2.790 þús.

BMW X5 árg. 2002. Sjálfsk. Ek 138 þús Leður, Topplúga, DVD, 20" ofl. Verð 4.290 þús. Tilboð 3.890 þús.

BÍLASALAN bíll.is

Renault Kangoo árg. 2003. Ek. 50 þús. Verð 1.090 þús. Tilboð 950 þús. Áhv. 750 þ.

WV Golf Comfort line 1.6 árg. 1999. Ek. 170 þús. Verð 690 þús. Tilboð 550 þús.

M. Benz C 320 Avantgarde árg. 2005, ek. 1 þús. Leður, tpplúga ofl. Verð 5.890. Tilboð 5.190 þús.

Nissan Titan SE árg. 2004. Ek 23 þús. Sjálfsk. Verð. 2.990 þús. Tilboð 2.590 þús.

Audi A3 árg. 2000. Ek. 69 þús. Sjálfsk. Verð 1.390 þús. Tilboð 1.150 þús. Áhv. 900 þús

Toyota Hilux Bensin 38" árg. 1993. Ek. 211 þús. Verð 790 þús. Tilboð 590 þús.

BMW 316i Compact Sport árg. 2000. Ek. 94 þús. Verð 1.090 þús. Tilboð 890 þús. Áhv. 738 þús.

BMW 318iA árg. 1993. Ek 199 þús. Verð 290 þús. Tilboð 190 þús.

BÍLASALAN bíll.is

Toyota Corolla Wagon 1,6 VVTI árg. 2004. Ek. 42 þús. Verð 1.490 þús. Tilboð 1.290 þús.

MMC Montero 3,8 Sjálfsk. árg. 2003. Ek. 57 þús. Verð 2.990 þús. Tilboð 2.590 þús. Áhv. 2.400 þús.

Mini One sjálfsk., árg. 2005, ek. 12 þús. Sjálfsk Leður ofl. Verð 3.250 þús. Tilboð 2.990 þús. Áhv. 2.500 þús.

BMW 523i Steptronic árg. 1999. Ek. 114 þús. Leður ofl. Verð 1.790 þús. Tilboð 1.570 þús. Áhv. 1.500 þús.

Toyota Land Cruiser 100VX TD sjálfsk., árg. 2002. Ek. 71 þús. Hlaðinn aukabúnaði. Verð 4.700 þús. Tilboð 4.290 þús.

WV Caravelle TDI árg. 2003. Ek. 273. Gott viðhald. Verð 1.990 þús. Tilboð 1.790 þús. Áhv. 1.000 þús.

WV Golf GTI 1,8 árg. 2002. Ek. 69 þús. Topplúga ofl. Verð. 1.690 þús. Tilboð 1.490 þús. Áhv. 1.150 þús.

Porsche Cayenne árg. 2004. Ek. 50 þús. Hlaðinn aukabúnaði. Verð 6.100 þús. Tilboð 5.890 þús. Áhv. 3.000 þús.

BÍLASALAN bíll.is

MMC Pajero 2.8 TD árg. 1998, ek. 185 þús. Ný 32" dekk. Verð 1.590 þús. Tilboð 1.390 þús. Áhv. 1.000 þús.

Mazda 6 2,0 árg. 2003, ek. 35 þús. Leður, topplúga ofl. Verð 1.990 þús. Tilboð 1.790 þús. Áhv. 1.350 þús.

Renault Megane Scenic árg. 1999, ek. 105 þús. Verð 590 þús. Tilboð 390 þús. Áhv. 320 þús.

WV Passat Comfort line 2.0 árg. 2003. Ek. 35 þús. Verð 1.990 þús. Tilboð 1.790 þús. Áhv. 1.750 þús.

BMW 316i árg. 2001. Ek 47 þús. 1.9 vél. Innfl. Af umboði. Gullmoli. Verð 1.890 þús. Tilboð 1.690 þús. Áhv. 1.400 þús.

Range Rover HSE V8 árg. 2003. Sjálfsk., ek. 55 þús. Hlaðinn aukabúnaði. Verð 6.900 þús. Tilboð 5.900 þús.

Toyota Landcr. 90VX TD árg. 1999, ek. 185 þús. Sjálfsk. Leður ofl. Verð 2.300 þús. Tilboð 1.990 þús.

Dodge Ram 3500 Cummings árg. 2005, ek. 8 þús. Leður ofl. Verð 4.290 þús. Tilboð 3.990 þús.

BÍLASALAN bíll.is

WV LT28 TD árg. 1997. Ek 170 þús. Beinsk. Verð 590 þús. Tilboð 450 þús. +VSK

Land Rover LR3 Discovery árg. 2005, ek. 15 þús. Einn með öllu. Verð 6.500 þús. Tilboð 5.990 þús.

WV Golf CL 1.4 árg. 1996, ek. 133 þús. Beinsk. Verð 350 þús. Tilboð 290 þús.

Toyota Avensis 1.8 VVTI árg. 2003, ek. 41 þús. Sjálfsk. Vel búinn. Verð 2.090 þús. Tilboð 1.870 þús. Áhv. 1.830 þús.

BMW 318i árg. 1999, ek. 105 þús. Sjálfsk. ofl. Verð 1.490 þús. Tilboð 1.190 þús. Áhv. 700 þús.

Mazda 626 Station árg. 1999, ek. 74 þús. Sjálfsk. Verð 990 þús. Tilboð 800 þús. Áhv 800 þús.

Chrysler Town and Country LTD árg. 2004, ek. 23 þ. Sjálfsk. Leður DVD ofl. Verð 3.490 þús. Tilboð 3.090 þús.

Subari Legacy 2.0 árg. 1999. ek. 96 þús. Sjálfsk. Einn eigandi. Verð 890 þús. Tilboð 590 þús.

**Lengri opnunartími**
**Opið til kl 21:00 á fimmtudag og föstudag.**
Endilega kíkið við.

BÍLASALAN bíll.is

**1001 bíll ehf**
**Malarhöfða 2, 112 Rvk.**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

BÍLASALAN bíll.is
**1001 bíll ehf**
**Malarhöfða 2, 112 Rvk.**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

BÍLASALAN bíll.is
**1001 bíll ehf**
**Malarhöfða 2, 112 Rvk.**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

BÍLASALAN bíll.is
**1001 bíll ehf**
**Malarhöfða 2, 112 Rvk.**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

BÍLASALAN bíll.is
**1001 bíll ehf**
**Malarhöfða 2, 112 Rvk.**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

BÍLASALAN bíll.is
**1001 bíll ehf**
**Malarhöfða 2, 112 Rvk.**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

AÐALBÍLASALAN

Ford Focus Trend 11/2005, ek. 2 þ. km, ssk. Verð 1.990 þ. Aðalbílasalan 551 7171.

Honda Accord Sport 6/2005, ek. 2 þ. km, ssk. Verð 2.290 þ. Aðalbílasalan 551 7171.

Honda CRV ES 7/2005, ek. 5 þ. km, ssk. Verð 2.790 þ. Aðalbílasalan s. 551 7171.

Honda CRV Advance 8/2002 ek. 50 þ. km, ssk., leður ofl. Verð 2.290 þ. Aðalbílasalan s. 551 7171.

Honda CRV RVI 3/1998, ek. 78 þ. km, 5 g. Verð 990 þ.

Honda HRV Smart 1/2004, ek. 38 þ. km, ssk. Verð 1.790 þ.

Honda Jazz 5/2004, ek. 45 þ. km, 5 g. Verð 1.220 þ.

Hyundai Santa Fe 6/2001, ek. 136 þ. km, ssk. Verð 1.590 þ.

MMC Lancer GLXI STW 6/2000, ek. 84 þ. km, ssk. Verð 690 þ.

MMC Pajero DTI 6/2005, ek. 25 þ. km, ssk. m/öllu. Verð 4.450 þ.

Nissan Almera Luxury 2/2001, ek. 83 þ. km, ssk. Verð 890 þ.

Nissan Primera Elegance 2.0, 12/1999, ek. 88 þ. km, ssk. Verð 890 þ.

Nissan Terrano II Luxary TDI 2/2000, ek. 140 þ. km, ssk. Verð 1.690 þ.

Peugeot 1007 Dolce 1.4 10/2005, ek. 3 þ. km, 5 g. Verð 1.650 þ.

Peugeot 206 XT Présence 5/2001. Ek. 45 þ. km. ssk. Verð 790 þ.

Peugeot 307 STW 1/2003, ek. 45 þ. km, 5 g. Verð 1.350 þ.

Peugeot 307 XSI 2.0 9/2004, ek. 23 þ. km, ssk. Verð 1.890 þ.

Peugeot 407 Executive 3.0 V-6 10/2005, ek. 2 þ. km, ssk. Vel búinn. Verð 2.980 þ.

Peugeot 407 SW 2.0 HDI 9/2005, ek. 1 þ. km, ssk. Verð 2.980 þ.

Peugeot 607 Executive 2.2 HDI 11/2003, ek. 167 þ. km, ssk. Verð 2.590 þ.

Peugeot Partner Combi 7/2001, ek. 113 þ. km. 5 g, m/sætum. Verð 650 þ.

Renault Megan Berline RT 1.6 4/2000. Ek 55 þ. km, 5 g. Verð 650 þ.

Skoda Fabia Comfort 06/2001 ek. 60 þ. km, 5 g. Verð 690 þ.

Ssang Young Musso Sports tdi 9/2005. Ek. 2 þ. km, 5 g, 31". Verð 2.290 þ.

Subaru Impreza GL 4wd 2,0 10/1998, ek. 97 þ. km, ssk. Verð 680 þ.

Suzuki Grand Vitara 7/2002, ek. 55 þ. km, 5 g. Verð 1.690 þ.

VW Passat Highline 2.0 9/2004, ek. 11 þ. km. Verð 2.290 þ.

Toyota Corolla Terra WTi 6/2000. Ek. 77 þ. km, ssk. Verð 880 þ.

Kia Clarus GLX 2,0, 1/1999. Ek. 117 þ. km. Verð 360 þ.

Peugeot 307 XT 1/2003 ek 70 þ. km, 5 dyra. Verð 1.050 þ.

Daewoo Kalos SE 10/2003, ek. 25 þ. km, 5 g. Verð 790 þ.

Honda CRV Advance 11/2004 ek. 12 þ. km, ssk. B.lán 2.100 þ. Verð 2.650 þ.

Honda Civic 1.4 IS 9/1997, ek. 133 þ. km. Ásett verð 390 þ.

Suzuki Ignis GL 4wd 5/2004, ek 35 þ. km, 5g. Verð 1.250 þ.

Toyota Rav vvti EXE 5/2005, ek. 11 þ. km, ssk. M/öllu. Verð 2.990 þ.

Toyota Yaris Sol WTi 1.3 10/2005, ek. 3 þ. km, 5 g. Verð 1.390 þ.

Volvo V-70 2.5 20V árg. '98. Ek 97 þ. km, ssk. Verð 1.090 þ.

VW Golf 4motion STW 2/2001, ek. 65 þ. km, 5 g. Verð 1.150 þ.

VW Polo 1.4i 11/1999, ek. 75 þ. km, 5 g. Verð 590 þ.

VW Vento GLi 9/1996, ek. 125 þ. km, 5 g. Verð 360 þ.

Travelite Mounten Star 8.9 fet "Nýtt Camper". Árg. '05. Verð 1.345 þ.

Lexus IS 300 Sport 3/2004 ek. 26 þ. km, ssk. M/öllu. Verð 3.550 þ.

Peugeot Speedfight LC2. "Ný vespa" árg. '05. Verð 279 þ.

Peugeot 206 Présence XT 3/2005. Ek. 8 þ. km, ssk. Verð 1.390 þ.

Honda CB 85R 4/2004. Ek 30 klst. Verð 330 þ.

MMC Pajero 2.8TDI 11/1999. Ek. 180 þ. km, ssk, 33" breyttur. Verð 1.990 þ.

Peugeot Partner 10/2002. Ek 66 þ. km, 5 g. Verð 890 þ.

Hyundai Terracan GLX CRDI 10/2002. Ek. 86 þ. km. Verð 1.990 þ.

**Aðalbílasalan**
**Bílakjarnanum Eirhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 551 7171**
**www.abs.is**

**Aðalbílasalan**
**Bílakjarnanum Eirhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 551 7171**
**www.abs.is**

**Aðalbílasalan**
**Bílakjarnanum Eirhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 551 7171**
**www.abs.is**

**Aðalbílasalan**
**Bílakjarnanum Eirhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 551 7171**
**www.abs.is**

**Aðalbílasalan**
**Bílakjarnanum Eirhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 551 7171**
**www.abs.is**

**Aðalbílasalan**
**Bílakjarnanum Eirhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 551 7171**
**www.abs.is**

## Mótorhjól

Til sölu Honda CRF 450cc krosshjól, árg. 2005, hjólið er sérútbúið keppnishjól, ónotað. Uppl. gefur Steingrímur í s. 840 0072. Hjólið selst á góðu verði.

Til sölu Polaris Sportman 500 6x6 skr. 10.08.05 ekið ca 320 mil., verð 860 þ. ákv. 580 þ. Uppl. í síma 698 4342.

## Fjórhjól



Til sölu Puma fjórhjól árg. '03, 250 cc. Verð 190 þús. stgr. Uppl. í s. 899 6220.

## Vélsleðar

Til sölu Yamaha Viking árg. '90, lítur vel út. Uppl. í s. 845 8956.

## Kerrur




## Vinnuvélar







Gerni háþrýstidælur. Verð frá 7.995. Jötunn Vélar ehf Austurvegi 69, Selfoss s. 480 0400 www.jotunn.is.

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. 893 3573




## Bílaþjónusta




## Varahlutir




**Peugeot-Citroen.**
Peugeot, Citroen. Er eingöngu að rífa Peugeot og Citroen. Franskir bílapartar ehf. S. 587 8200 & 694 9117.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14 Drangahrauns megin, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Aðalpartasalan s. 565 9700**
Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Skemmuvegur 16. S 557 7551.

**Opel partar.**
Er að rífa Zafira 99-04, Vectra 93-01, Astra 95-02, Corsa 95-02, Combo 95-00. Viðgerðaþjónusta kaupum Opel bíla. Opið um helgar. Sími 553 9900 & 845 2996.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalhrauni 20. Sendum þér að kostnaðarlausu.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf. Sími 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

**Partasalan Sími 557 7740.**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Er að rífa Santa Fe '05, Raf 4 '01, Yaris '99, Trooper '99, Legasi '92-'97, og Impresa '00. S. 893 7203.

## Viðgerðir




Ef pústið pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikkþjónustan. Bíldshöfða 18 s. 562 1075.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Fyrirliggjandi stigar og handrið tilbúið til uppsetningar. Ál, stál, gler, tré, plast og ryðfrítt, einnig sérsmíði og uppsetning. Stigalagerinn Dalbrekku 26 s. 564 1890.



Konudagsgjöfin í ár! Ástarperlan er ekta perla í kræklingsskel sem kemur í gjafaöskju ásamt rhodium húðuðu hálsmeni. Skelin er opnuð og perlan tekin úr og sett í hálsmenið. Litur perlunnar er leyndardómur þar til skelin hefur verið opnuð og hver litur hefur sína merkingu. Konudagstilboð kr. 2.000,- Nánari upplýsingar gefur Þórunn S: 8938876 / lovepearl@myway.com www.lovepearl.blogspot.com Sendi í póstkröfu.



ÚTSALA. Handunnin perlujakki, árshátíðarföt. 70% afsláttur. Vaxtalausar léttgreiðslur. Sigurstjarnan, S. 588 4545. Fákafeni (bláu húsin) Opið 11-18 virka daga og 11-15 laugardaga.










Ódýrt Ekta harðviðar gólflistar og gerefti 200 kr. mtr. www.imex.is sími 567 1300.

Til sölu tvískiptur dökkbæsaður furustigi innanhúss, með sísalmottum og handriði úr burstuðu stáli. Annar er 165x107cm, hinn 85x107 cm. Selst ódýrt. Uppl. í s. 899 8989.

Vegna flutninga eru til sölu málverk (m.a. Tolli og Hringur), antík skápar og antík ljósakrónur. Uppl. í s. 845 5816.

Núna er 20 prósent afsláttur af rúðusköfum hjá Olís. Olís- öryggi í umferð.

Vélsleðakerrur, dráttarbeisli, jeppakerrur. Víkurvagnar.

Ryðfríir vinklar, Málmtækni.

Lyf á lægra verði. Apótekarinn Smiðjuvegi Kópavogi.

Bókaútsala, notaleg búðaferð. Penninn-Eymundsson

Glerslípivélar, glerskerar, bræðsluofnar. Gler-í-gegn

Núna er 20 prósent afsláttur af rúðuvökva í lausu hjá Olís. Olís-öryggi í umferð.

Hamborgaratilboð. Vitaborgarinn Ármúla.

Hamborgaratilboð. Vitabarinn.

HM-Rowels, full búð af nýjum vorvörum. HM-Rowels.

Fyllt paprika. Á næstu grösum- og þér líður vel.

Góð overlock saumavél til sölu, Professional týpa. Verð 25 þús. Uppl. í s. 693 9101.

Lyf á lægra verði. Apótekarinn Nóatún 17.

Á til ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Frystikista á 10 þ. S. Bakaraofn á 5 þ. 896 8568.

Álplötur, Málmtækni.

Persnesk teppi, húsgögn og gjafavörur. Zedrus, Hlíðarsmára 11.

Hárspangirnar fást í Skarthúsinu.

Nýjar vörur. Belladonna.

Núna er 20 prósent afsláttur af champion þurrkublöðum hjá Olís. Olís- öryggi í umferð.

Ný skartgripasending. Skarthúsið, Laugavegi.

Löngu flottu festarnar og eyrnalokkar. Skarthúsið.

Glerlist.is Gler-í-gegn

Lyf á lægra verði. Apótekarinn Mjódd.

Bókaútsala, góðar barnabækur. Bókabúð Máls og Menningar

Ný sending af síðum bolum. Skarthúsið Laugavegi.

Kjúklingasalat. Vitaborgarinn Ármúla.

Steikartilboð. Vitaborgarinn Ármúla.

Steikartilboð. Vitabarinn.

## Óskast keypt

**Myndaplast!**
Á ekki einhver 9x13 myndaplast, hvítt á milli. Vinsamlegast hafið samband í s. 696 6600, Birna.

## Hljóðfæri

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. S. 690 2020. www.harmonikan.is.

Til sölu 2ja metra dökkbrúnn Bechstein flygill. Uppl. í s. 691 1299.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

Myndbönd á DVD. Gagnvirkni Hlíðarsmára 8, sími 517 4511.

## Tölvur

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

**Ódýrar tölvuviðgerðir!**
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

**Tölvuviðgerðir frá 1.500 kr.**
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

## Vélar og verkfæri

Til sölu malbikssög 6,6 kw, diesel, 50L tankur, 50 cm blað. Einnig jarðvegsþjappa, 200 kg, 4 kW, diesel. Jóhannes s. 893 9503.

## Til bygginga

**Steinull.**
Til sölu úrvals steinull, margar gerðir. Gott verð. Uppl. S. 898 5500.

**Milliveggjaplötur**
Til sölu léttsteypu milliveggjaplötur. Gott verð. Uppl. í s. 898 5500.

**vidur.is**
Harðviður til húsagerðar. Vatnsklæðning frá kr. 350 lm. Pallaefni frá kr. 270 lm. Panill frá kr. 187 lm. Ofl.ofl. sjá vidur.is/hardvidur.is Magnús sími 561 1122 / 660 0230 Fluggörðum 26 Rvík.

Seljum nokkra mjög góða nýuppgerða 7,7 kw. BH 37/3 vatnshitablásara á einstöku tilboðsverði, kr. 39.900 m.vsk. Límtré Vírnet sími 530 6000.

## Verslun




# TIL SÖLU




# ÞJÓNUSTA



## Húsnæði til sölu



Hulduland 3, 96.8 m2 íbúð v. 24.9 millj. sími 895 6119 eða jm@hradbraut.is

## Fasteignir

Frábærar eignir við Alicante. 100% fjármögnun í boði. uppl. spanishproperties@hotmail.com

## Sumarbústaðir

**Sumarhús.**
Til sölu sumarhús 64 fm. + 20 fm. svefnloft við Apavatn í landi Vatnsholts í Grímsneshreppi og stendur á 5.000 fm. eignarlandi. Tilbúið í mars - apríl. Nánari upplýsingar í síma 565 2500.

## Geymsluhúsnæði




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnueign.is**
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is S. 568 6600.

## Gisting

Flóki Inn. Heimilisleg gisting á besta stað í borginni. Fáðu tilboð í gistingu til lengri eða skemmri tíma í síma 552 1155 eða sendu fyrirspurn á floki@inns.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kjúklingastaðurinn Suðurveri**
Starfsfólk óskast í vaktavinnu.
**Uppl. í s. 553 8890**

**Smart - Starfsmaður**
Starfsmaður óskast í helgarvinnu á Grensásveg 7. Einnig vantar starfsmann á dag og kvöldvaktir á Sólvallargötu 84. Yngri enn 19 ára koma ekki til greina. Reyklaus vinnustaður.
**Umsóknareyðublöð á staðnum. Sólbaðstofan Smart.**

**Fjarðarbakarí Hafnarfirði**
óskar eftir fólki til afgreiðslustarfa sem fyrst. Tvískiptar vaktir í boði.
**Upplýsingar í s. 895 8192 kl. 8-18.**

**Bakarí.**
Starfsfólk óskast í afgreiðslu í bakaríið Langarima. Einnig vantar í pökkun og útkeyrslu.
**Uppl. í s. 898 5277, Lovísa.**

**Atvinna.**
Háseta vantar á 250 tonna beitingarvélarbát sem gerir út frá Vestfjörðum. Skilyrði að hafa verið við fiskvinnslu eða beitingu áður.
**Upplýsingar í síma 852 2086**

**Praca**
Ludzie potrzebni z doswiadczeniem w plywaniu najlepiej z umiejetnoscia patroszenia ryb í zakladaniu przynety (praca na duzym statku). Dobre wynagrodzenie.
**Informacja pod nr. telef. 852 2086**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir.
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

MAX1 BÍLAVAKTIN
Laghenta einstaklinga vantar til starfa á hraðþjónustu Max1, Bíldshöfða Reykjavík. Áhugasamir leiti upplýsinga fyrir 21 febrúar í síma 515 7093 milli kl. 16-17 virka daga.

**Verkamaður vanur jarðvinnu óskast!**
Verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu vill ráða reglusama og duglega verkamenn til framtíðarstarfa.
**Uppl. í s. 892 0989.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun o.fl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

Starfskraftur óskast í lagnavinnu, yfirborðsfrágang, smíðar og. fl. Uppl. í s. 895 8763.

**Trésmiður á eftirlaunaaldri**
Þarf að vera þaulvanur vinnu á trésmíðaverkstæði, hlutastarf eða fullt starf. Uppl. í s. 895 8763.

Vantar vanan vörubílstjóra á 4 öxla bíl. Áhugasamir hafið samband í síma 662 3458.

**KORNIÐ!!!**
Starfsfólki óskast í bakaríð okkar að Hrísateig. Vinnutími frá 7-13 og 13-18. Einnig í Borgartún í fullt starf. Uppl. í s. 864 1585 & vardi@kornid.is

Hreinsitækni ehf, vantar menn með meirapróf eða vinnuvélaréttindi til starfa strax. Um er að ræða mikla vinnu, góð laun og góðan aðbúnað fyrir starfsmenn. Áhugasamir hafi samband í s. 894-8565, 693-1701 eða á vinnustað að Stórhöfða 37.

Rizzo Pizzeria. Óskum eftir starfsfólki á síma og í afgreiðslu. Um kvöld og helgar. Ekki yngra en 16 ára á árinu. Nánari upplýs. Hraunbæ 121

Vantar múrara eða menn vana múrverki á föstu verði eða tilb. Einangrun og pússning, einnig flísal. Verkefnin í dag eru bæði í Rvk. og Selfossi. Uppl. í síma: Stefán 8474045 og Karl 8990866.

Múlakaffi leita að bílstjóra. Góð laun í boði. Uppl. 553 6737 - 660 7886.

Efnalaug óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa 40-50% vinna eftir hádegi. Uppl. í s. 564 6871 e.kl. 17

Vélamenn. Heimir og Þorgeir ehf óska eftir að ráða til starfa nú þegar vana menn á ýtu og á gröfu. Næg verkefni framundan. Uppl gefur Heimir í síma 696 9933.

Starfskraftur óskast í efnalaug. Bæði fullt starf og hlutastarf í boði. S. 892 0357.

Óska eftir blikksmiðum og aðstoðarmönnum í vinnu. Uppl. gefur Björn í s. 691 1115 & 568 4142.

**Kassastarfsmaður**
Bónus vantar starfsmenn til afgreiðslu á kassa í verslunum fyrirtækisins á Seltjarnarnesi, Faxafeni og Smiðjuvegi í Kópavogi í fullt starf og hlutastarf. Áhugasamir geta sótt um í verslunum eða á www.bonus.is.

**Byggingarfélag**
Óska eftir smiðum í byggingarvinnu (úti). Upplýsingar í síma 893 9722.

Stýrimann og háseta vana netaveiðum vantar á 270 tonna netabát sem er á grálúðveiðum. Uppl. í s. 896 9513.

Starfskraftur óskast til aðstoðarstarfa í kjötvinnslu. Ath á tiltekt á pöntunum og útkeyrsla. Aðeins reyklaus starfskraftur, eldri en 20 ára kemur til greina. Kjöthöllin, Skipholti 70 s. 553 1270.

## Atvinna óskast

Tvítug kona óskar eftir atvinnu. S. 661 1211.

## Viðskiptatækifæri

Ef þú villt skapa þér algjört fjárhagslegt frelsi skaltu skoða á www.sigradu.com.

# FASTEIGNIR

**101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA**
Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

**OPIÐ HÚS Í DAG kl. 16:00 - 19:30**
**Veghús 5 – Grafarvogi**

Frum



Glæsileg 3-4 herb. íbúð á jarðhæð með sér afgirtum garði með timburverönd. Eignin skiptist í: Forstofu m. skápum, Eldhús m. fallegri innréttingu, útgangur út í garð. Rúmgóð stofa og borðstofa með parketi á gólfi. Baðherb. með baðkari m/sturtuaðst. innrétting við vask. 2 góð herb. annað með skáp. Þv.hús og geymsla inn í íbúð. Sameignl. hjóla- og vagnageymsla. **Verð 20,5 millj.** (3995)

***Sigurður tekur vel á móti ykkur í dag milli : 16-19:30.***

*Sigtryggur Jónsson Löggildur fasteignasali.*

**Mosfellsbær**
**Fræðslu- og menningarsvið**

## Leikskólinn Hulduberg

**Ert þú sá eða sú sem við leitum að?**

Leikskólinn Hulduberg er hluti af skemmtilegu samfélagi Mosfellsbæjar. Mosfellsbær fer ört vaxandi og því hefur Hulduberg verið stækkað og nýjar deildir stofnaðar.Vegna stækkunar leikskólans þá auglýsum við eftir leikskólakennurum til starfa við leikskólann strax eða eftir nánara samkomulagi. Til greina kemur að ráða aðra uppeldismenntaða starfsmenn og/eða starfsfólk með reynslu. Vantar í 100% stöður og einnig í hlutastarf seinni part dags.
Áherslur í leikskólastarfi Huldubergs eru;
umhverfisvernd og umhverfismennt.
Áhersla á að skoða og njóta nánasta umhverfis.

Kjör leikskólakennara eru samkvæmt kjarasamningi Félags leikskólakennara og Sambands íslenskra sveitafélaga.

*Áhugasamir hafi samband við Þuríði Stefánsdóttur leikskólastjóra og Guðrúnu Viktorsdóttur aðstoðarleikskólastjóra í síma 5868170 og 8670727*

# FUNDIR

VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

***Félagsfundur***

**Laugardaginn 18. febrúar kl. 13:00**
**Grand Hótel Reykjavík, Hvammur**

***Dagskrá:***
**Umræður um sameiningu VSFÍ og FJ**

# ATVINNA

BORG EININGAVERKSMIÐJA

**Smiðir og handlagnir verkamenn á öllum aldri óskast til starfa**

við framleiðslu á steinsteyptum einingum í verksmiðju okkar í Kópavogi sem fyrst.

Upplýsingar í síma 517-8900 eða á netfanginu borg@evborg.is

*Einingaverksmiðjan Borg, Bakkabraut 9, 200 Kópavogur.*
*Sími 5178900 Fax: 5178901 E-mail: borg@evborg.is*

SÖLUFÓLK

Góð laun í boði og tryggar tekjur. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá kl. 17-22 virka daga og frá kl. 13 um helgar.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is.

## Glæst framtíð

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

Akkurat

594 5000 Stórhöfða 27 // 110 Reykjavík
akkurat@akkurat.is // www.akkurat.is
Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali

# EFSTAHLÍÐ - 220 HFJ.





Frum

Fallegt raðhús á rólegum og góðum stað í Hafnarfirði. Húsið er á tveimur hæðum alls 180,5 fm þar af 28,7 fm bílskúr. Garður er vel gróinn, stór timburverönd er að baka til með heitum potti og grillaðstöðu. **VERÐ 41,5 millj.**

Akkurat

594 5000 Stórhöfða 27 // 110 Reykjavík
akkurat@akkurat.is // www.akkurat.is
Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali

# DAGGARVELLIR - 221 HFJ.




Frum

Mjög falleg 3ja 74 fm íbúð á 3.hæð í lyftuhúsi. Stórar suðursvalir. Þvottahús í íbúðinni Parket og flísar, vandað bað og eldhús. **VERÐ 16,7 millj.**

Akkurat

594 5000 Stórhöfða 27 // 110 Reykjavík
akkurat@akkurat.is // www.akkurat.is
Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali

# FISKAKVÍSL - 110 RVK.





Frum

Mjög falleg 209 fm hæð og ris á þessum vinsæla stað. 4 svefnherb. Þ.a. 29,8 fm bílskúr, arinn í stofu, eikarparket og flísar á gólfum. Suðursvalir. **VERÐ 36,0 millj.**


## TILKYNNINGAR

# GARÐABÆR

www.gardabaer.is

Í Garðabæ velja foreldrar í hvaða grunnskóla þeir senda barn sitt. Komi til þess að aðsókn í tiltekinn skóla verði meiri en húsrými leyfir gilda eftirfarandi viðmið um forgang nemenda í þann skóla:

1. Lögheimili í Garðabæ.
2. Nálægð heimilis við skóla.
3. Ef systkini stunda nám í skólanum.
4. Sérþarfir nemenda sem metið er að viðkomandi skóli hafi betri forsendur til að sinna.
5. Aðrar persónulegar ástæður eða aðstæður fjölskyldu, sem mat er lagt á.

Skólastjórnendur grunnskóla í Garðabæ geta heimilað nemanda með lögheimili í öðru sveitarfélagi en Garðabæ skólavist í grunnskóla Garðabæjar, enda sé nægjanlegt húsrými til staðar, ákvörðunin leiði ekki til viðbótarkostnaðar fyrir Garðabæ og að fyrir liggi samningur við hlutaðeigandi sveitarfélag um greiðslu námskostnaðar.
Að öllu jöfnu ganga þeir nemendur fyrir sem eru innritaðir á auglýstum tíma.

## Innritun í grunnskóla í Garðabæ fyrir skólaárið 2006-2007

**Til foreldra 6 ára barna og þeirra barna sem óska eftir að flytjast á milli skóla og/eða sækja um dvöl á tómstundaheimili skólaárið 2006-2007.**

Innritun 6 ára barna (fædd 2000) í Flataskóla, Hofsstaðaskóla og Sjálandsskóla fer fram dagana 17.- 21. febrúar 9:00-15:00.

Sömu daga fer fram skráning vegna skólaskyldra barna sem óska eftir að flytjast á milli skóla. **Áríðandi er að foreldrar tilkynni óskir um flutning milli skóla fyrir 1. mars**. Eftir þann tíma er ekki öruggt að hægt sé að koma til móts við óskir um flutning milli skóla.

Innritun þeirra barna sem óska eftir dvöl á tómstundaheimilum Flataskóla, Hofsstaðaskóla og Sjálandsskóla á næsta skólaári fer einnig fram þessa sömu daga. Á skrifstofum skólanna eru eyðublöð fyrir slíka umsókn. Eyðublöð eru einnig á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is. Mikilvægt er að sótt sé sem fyrst um dvöl á tómstundarheimilunum.

**Flataskóli** sími 565 8560.
**Hofsstaðaskóli** sími 565 7033.
**Sjálandsskóli** sími 590 3100.
**Barnaskóla Hjallastefnunnar** sími 555 7710 eða www.hjalli.is.
**Garðaskóli** sími 590 2500; Skráning nemenda sem eiga að fara í 8., 9. og 10. bekk.

Kynningarfundir Flataskóla, Hofsstaðaskóla og Sjálandsskóla með foreldrum barna sem eiga að hefja nám í 1. bekk (fædd 2000) verða í skólunum miðvikudag 17. maí kl. 18:00.

Athygli er vakin á því að umsóknarfrestur um heimild til að stunda nám í grunnskólum annnarra sveitarfélaga er til 10. apríl ár hvert og skulu umsóknir berast skólaskrifstofu á eyðublöðum sem þar fást. Athugið að endurnýja þarf umsóknir fyrir nemendur sem stunda nám utan Garðabæjar á hverju ári. Einnig er hægt að sækja um rafrænt á www.gardabaer.is.

***Deildarstjóri skóladeildar***

Fræðslu- og menningarsvið

KÓPAVOGSBÆR

# AUGLÝSING UM AFGREIÐSLU BÆJARRÁÐS OG BÆJARSTJÓRNAR KÓPAVOGS Á AUGLÝSTUM TILLÖGUM AÐ SKIPULAGI.

**Í samræmi við 3. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarráðs og bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi skipulagstillögum:**

**Ögurhvarf 4. Breytt deiliskipulag.**
Bæjarráð Kópavogs samþykkti þann 22. júlí 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 4 við Ögurhvarf. Í breytingunni felst heimild til að reisa atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum í stað einnar hæðar byggingu með risi; grunnflötur minnkar úr 900 m2 í 750m2 en gólfflötur stækkar úr 1.350 m2 í 1.500m2; hæð bygginga verður 8 metrar í stað 7 og fjöldi og fyrirkomulag bílastæða ásamt byggingarreit breytist. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:500 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 6. maí 2005 og breytt 19. júlí 2005. Tillagan var auglýst frá 1. júní til 29. júní 2005 með athugasemdafresti til 13. júlí 2005. Athugasemd barst. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Auglýsing um AZ gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 17. febrúar 2006.

**Reykjanesbraut. Undirgöng.**
**Breytt aðalskipulag.**
Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 19. desember 2005 tillögu að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012. Tillagan nær til nýrra undirganga fyrir bílaumferð undir Reykjanesbraut í framhaldi af Digranesvegi inn á lóð Linda IV. Tillagan sem sett er fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 dags. í júlí 2005 var auglýst í samræmi við 18. gr. ofangreindra laga, frá 12. september til 10. október 2005 með athugasemdafresti til 24. októktóber 2005. Athugasemdir og ábendingar bárust. Bæjaryfirvöld hafa afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem þær gerðu umsögn sína. Aðalskipulagsbreytingin var send Skipulagsstofnun sem gerði tillögu til umhverfisráðherra um staðfestinu tillögunnar þar sem hvorki form- né efnisgallar væru á tillöguinni. Breytingin var staðfest af umhverfisráðuneytinu 27. janúar 2006.

**Skemmuvegur 4. Breytt deiliskipulag.**
Bæjarráð Kópavogs samþykkti þann 19. janúar 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Skemmuveg 4. Í tillögunni felst heimild til að reisa einnar hæðar viðbyggingu við norðvestur enda núverandi byggingar samtals um 700 m2 að grunnfleti. Fjöldi og fyrirkomulag bílastæða breytist. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 og 1:500 dags. í október 2005. Tillagan var auglýst frá 18. nóvember til 26. desember 2005 með athugasemdafresti til 3. janúar 2006. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 17. febrúar 2006.

**Frostaþing 2. Breytt deiliskipulag.**
Bæjarráð Kópavogs samþykkti þann 19. janúar 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2 við Frostaþing. Í tillögunni felst að lóðinni, sem er 3.500 m2 er skipt upp í fjórar lóðir fyrir sérbýli. Lóðin Frostaþing 2, sem nú þegar er byggð einbýlishúsi, fær nýja aðkomu og verðu nr. 1 A við Dalaþing. Eins og í gildandi deiliskipulagi verður áfram möguleiki á að byggja hesthús á lóðinni. Þar norðan við verður til ný lóð fyrir tveggja hæða einbýlishús Dalaþing 1 B, um 1.300 m2 að flatarmáli og einnig með möguleika á hesthúsi. Sunnan við núverandi hús (Frostaþing 2) er enn fremur gert ráð fyrir nýrri lóð, um 600 m2 að flatarmáli, fyrir einnar hæðar einbýli með risi Engjaþing 2. Vestan hennar er síðan gert ráð fyrir parhúsalóð fyrir einnar hæðar parhús, Frostaþing 2 A og 2 B. Opið svæði sunnan Dalaþings 1 er felt út og gönguleiðir og reiðleiðir breytast. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 27. október 2005. Tillagan var auglýst frá 18. nóvember til 26. desember 2005 með athugasemdafresti til 3. janúar 2006. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 17. febrúar 2006.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslur þeirra er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

**Skipulagsstjóri Kópavogs**

# Sætum lagi og stöðvum þjáningarnar

UMRÆÐAN
KONGÓ



JAN EGELAND OG LOUIS MICHEL

*Ólíkt fórnarlömbum flóðöldunnar á Indlandshafi hefur athygli heimsins ekki beinst að þjáningum Kongó. Í Bandaríkjunum var aðeins varið sex mínútum í fréttatímum stóru sjónvarpsstöðvanna í málefni Kongó á síðasta ári.*

Myrkrið sem hefur grúft yfir Lýðveldinu Kongó kann að vera á undhaldi. Þorri 25 milljóna skráðra kjósenda guldu nýrri stjórnarskrá jáyrði sitt á dögunum og sýndi það von og vilja þjóðarinnar til að snúa endanlega baki við styrjaldarátökum og reisa nýtt Kongó.

Í júní verða fyrstu fjölflokkakosningar í Kongó, þriðja stærsta landi Afríku, frá árinu 1960. Kosningarnar hafa kveikt nýja von sem ætti að hlúa að með áþreifanlegri aðstoð. Á hverjum einasta degi deyja 1.200 manns í Kongó af völdum eftirkasta borgarastríðs; vannæringar, sjúkdóma og umróts. Þetta er álíka fjöldi á hálfu ári og lést í flóðbylgjunni á Indlandshafi. Nú þegar frjálsar kosningar eru við sjóndeildarhringinn höfum við besta tækifæri nokkru sinni til að lina þjáningar milljóna Kongóbúa.

Á mánudag verður ýtt úr vör í Brussel aðgerðaáætlun í mannúðarmálum fyrir Kongó að andvirði 43 milljarða króna (682 milljónir dollara). Þetta er vissulega ekki lág upphæð. En þetta er sú upphæð sem það kostar að stöðva að þjóðinni blæði út og hjálpa henni til að geta aflað brýnustu þarfa.

Kongó er tröllaukið land, stærra en Þýskaland, Frakkland, Pólland, Úkraína og Hvíta-Rússland samanlagt, en þar eru fáir vegir með bundnu slitlagi og fá samgöngumannvirki. Þúsundir kílómetra ógreiðfærra frumskóga eru á milli höfuðborgarinnar Kinshasa og austurhéraðanna þar sem neyðin er stærst. Oft og tíðum hindra ofbeldisverk aðgang að fólki sem líður skort. En Kongó hefur einnig mikla möguleika sem hægt er að þróa og efla. Á fáum stöðum á jörðu er jafn mikið bil á milli þarfa fólksins og fáanlegs lífsviðurværis. En jafnframt eru fáir staðir á jörðu þar sem hægt væri að snúa ástandinu við með jafnafgerandi hætti og í Kongó.

Á aðeins sex árum (1998-2004) er talið að 3,9 milljónir manna hafi látist af völdum afleiðinga styrjaldar. Þetta er mannskæðasta stríð á jörðinni frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Þúsundir barna hafa látist af völdum sjúkdóma sem ætti að vera hægt að koma í veg fyrir og lækna, svo sem niðurgangs og malaríu. Eftir sex ára bardaga er heilbrigðiskerfi landsins í rúst, fólk hefur misst lifibrauð sitt og vannæring er landlæg.

Árið 2002 var komið á brothættum friði. Bráðabirgðastjórn nýtur stuðnings alþjóðasamfélagsins og viðveru friðargæslu Sameinuðu þjóðanna. Framþróun hefur orðið nokkur undir hennar stjórn og hún nær sífellt betri tökum á vígahópum í austurhéruðunum. En harmleiknum er ekki lokið. Hver einasta fjölskylda í landinu hefur orðið fyrir barðinu á ofbeldi. Þar eystra verða tugir þúsunda manna að flýja að heiman í hverjum mánuði. Framtíð milljóna kongóskra barna er í veði en þau skortir lágmarks heilsugæslu, tækifæri á skólagöngu og aðgang að hreinu drykkjarvatni. Konur hafa líka þjáðst gríðarlega. Kynferðislegu ofbeldi hefur verið beitt af öllum stríðandi fylkingum og heldur enn áfram í austurhluta Kongó. Vígamenn komast upp með að nauðga, misþyrma kynferðislega og pynta refsilaust. Konur sem verða fórnarlömb kynferðisofbeldis eru oft gerðar útlægar frá fjölskyldum sínum og eru skildar eftir með jafnt sálræn sem líkamleg sár. Um það bil fimmta hvert fórnarlamb er sýkt af HIV-veirunni.

Ólíkt fórnarlömbum flóðöldunnar á Indlandshafi hefur athygli heimsins ekki beinst að þjáningum Kongó. Í Bandaríkjunum var aðeins varið sex mínútum í fréttatímum stóru sjónvarpsstöðvanna í málefni Kongó á síðasta ári. Nú er loks komið að tímamótum. Við getum og viljum gera meira til að lina þjáningar kongósku þjóðarinnar. Nú er tími til kominn að láta til skarar skríða. Kongó mun kannski aldrei fá aftur jafn gott tækifæri og nú til að ganga til móts við friðsæla framtíð. Og við fáum sjaldan ef nokkru sinni jafn gott tækifæri til að hjálpa kongósku þjóðinni til að flýja örbirgð og angist.

Við þurfum að lyfta grettistaki og veita þá mannúðaraðstoð sem þarf í samræmi við hinar miklu þarfir landsins og þau miklu tækifæri sem aðstoð myndi skapa. Við hvetjum veitendur aðstoðar til að auka verulega fjárfestingu þeirra og fjármagna að fullu Mannúðarákall Sameinuðu þjóðanna. Það er hægt að bjarga mannslífum og það gerist ef við bregðumst fljótt og rausnarlega við.

Að baki mannúðarákallinu standa stofnanir Sameinuðu þjóðanna og alþjóðleg og staðbundin félagasamtök og auðveldar það veitendum aðstoðar að setja þarfirnar undir einn hatt. Með því móti er hægt að greina heildstæða, skýra mynd af þörfum og því myndast ekki göt í aðstoðina, að ekki sé talað um óþarfa tvíverknað. Ákallið miðar að því að efla heimamenn og gera þá sjálfbjarga.

Kongóska þjóðin hefur sýnt af sér ótrúlegt hugrekki og þrautseigju frammi fyrir ólýsanlegum þjáningum. Þjóðin getur nú bjargað landinu - hún á skilið að fá hjálp.

*Jan Egeland er aðstoðarframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna á sviði mannúðaraðstoðar. Louis Michel fer með þróunarmál og mannúðaraðstoð í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.*



FRÁ KONGÓ Fáir staðir á jörðu eru þar sem hægt væri að snúa ástandinu við með jafn afgerandi hætti og í Kongó, segja greinarhöfundar.





jafnrétti fyrir alla



Spornum gegn mismunun
– stuðlum að þátttöku

*Jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar heldur fund á Hótel Sögu*
*föstudaginn 17. febrúar 2006*

| | |
|---|---|
| 13:00–13:10 | **Setning** *Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri* |
| 13:10–13:30 | **Breyttar áherslur í jafnréttismálum** *Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir formaður jafnréttisnefndar Reykjavíkurborgar* |
| 13:30–13:50 | **Stefna Háskóla Íslands gegn mismunun** *Baldur Þórhallsson dósent í stjórnmálafræði* |
| 13:50–14:10 | **Skilningur á jafnréttishugtakinu** *Þorgerður Þorvaldsdóttir sagn- og kynjafræðingur* |
| 14:10–14:30 | **Jafnrétti og minnihlutahópar** *Rannveig Traustadóttir prófessor* |
| *14:30–15:00* | *Kaffihlé* |
| 15:00–15:20 | **Jafnrétti og þjónusta sveitarfélaga – er hægt að þjónusta alla jafn vel?** *Óskar Dýrmundur Ólafsson framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvarinnar Vesturgarðs* |
| 15:20–16:10 | **Jafnrétti út frá mínum sjónarhóli** *Kristín Tómasdóttir nemi, Sigursteinn R. Másson formaður Öryrkjabandalagsins, Amal Tamini fræðslufulltrúi, Viðar Eggertsson leikari, Stefán Benediktsson arkitekt* |
| 16:10–16:30 | **Umræður og fyrirspurnir** |

*Fundurinn er öllum opinn og aðgangur ókeypis*

*Fundarstjóri er Þóra Arnórsdóttir, fréttakona*

# Allir geta bjargað mannslífi

UMRÆÐAN
SKYNDIHJÁLP



KRISTJÁN STURLUSON

*Þrátt fyrir að útkallstími sjúkrabíls sé einungis örfáar mínútur á höfuðborgarsvæðinu geta tafarlausar endurlífgunartilraunir nærstaddra tvö- eða þrefaldað líkur á að endurlífgun takist.*

Tíu ár eru liðin frá því að tekið var upp eitt samræmt neyðarnúmer - 112 - hérlendis. Allir landsmenn vita hvert ber að hringja ef mikið liggur við. Með einu símtali í 112 er hægt að fá viðeigandi aðstoð lögreglu, slökkviliðs, lækna eða sjúkraflutningamanna auk fjölda annarra aðila allt eftir því hver þörfin er.

Þótt símtal í 112 á örlagastundu geti sannarlega bjargað mannslífum er það oft ekki nóg. Mikilvægt er að allir kunni undirstöðuatriði í skyndihjálp til að geta brugðist við áður en fagfólk kemur til aðstoðar. Öll getum við sem borgarar lent í því að koma fyrst á slysstað, hvort sem það er inni á heimilum, vinnustað eða úti á götu. Rétt og skjót viðbrögð á neyðarstundu er án efa eitt það mikilvægasta sem við lærum á lífsleiðinni. Alþjóða Rauði krossinn og Rauði kross Íslands sem hluti af honum hafa beitt sér að því í áratugi að mennta almenning í skyndihjálp. Rauði kross Íslands er skuldbundinn samkvæmt samningi við stjórnvöld til að stuðla að þekkingu landsmanna í skyndihjálp svo við getum verið við öllu búin þegar til þarf að taka. Þetta hlutverk sitt tekur Rauði kross Íslands mjög alvarlega og leggur áherslu á að sinna því sem best.

Í könnun sem Rauði kross Íslands lét nýverið gera kemur fram að mikill meirihluti þjóðarinnar hefur hlotið einhverja undirstöðuþjálfun í skyndihjálp og fjöldi manns hefur óvænt þurft að bregðast við aðstæðum þar sem reynt hefur á þessa þekkingu. Fyrstu viðbrögð á vettvangi geta bjargað mannslífi, það hefur sagan margsýnt og sannað.

Rauði kross Íslands hefur undanfarin fimm ár staðið að vali á skyndihjálparmanni ársins. Með því vill félagið vekja athygli almennings á mikilvægi skyndihjálpar og hvetja sem flesta til að læra skyndihjálp og verða þannig hæfari til að veita aðstoð á vettvangi slysa og áfalla. Hinar fjölmörgu tilnefningar sem borist hafa alls staðar að af landinu sýna glögglega að allir geta átt von á að lenda í þeim aðstæðum að þurfa með snarræði að bjarga sjálfum sér eða öðrum, hvort sem þeir eru við leik eða störf.

Atvikin eru jafn fjölbreytt og tilnefningarnar eru margar: móðir blæs lífi í ungbarn sem hættir að anda, kona bjargar samstarfskonu sinni með því að losa um aðskotahlut í hálsi, maður hnoðar vinnufélaga sinn sem lendir í hjartastoppi og með þekkingu sinni í skyndihjálp bjargar annar ókunnum manni sem liggur hjálparlaus í götunni. Og skyndihjálparmaður ársins, Guðrún Björk Sigurjónsdóttir, bjargaði tveimur börnum frá drukknun með snarræði sínu og kunnáttu.

Þó aðeins einn sé útnefndur skyndihjálparmaður ársins er hver og einn sem tilnefndur er hversdagshetja sem bjargað hefur mannslífi. Í flestum tilfellum var það við aðstæður sem eru hluti af daglegu lífi, aðstæður sem hver og einn gæti hæglega lent í.

Við búum öll yfir þeim dýrmæta hæfileika að geta bjargað lífi en suma vantar einungis herslumuninn til að ná tökum á tækninni sem til þarf. Þekking í skyndihjálp getur skipt sköpum. Þrátt fyrir að útkallstími sjúkrabíls sé einungis örfáar mínútur á höfuðborgarsvæðinu geta tafarlausar endurlífgunartilraunir nærstaddra tvö- eða þrefaldað líkur á að endurlífgun takist.

Það er nauðsynlegt að kunna að nota neyðarnúmerið 112 þegar mikið liggur við. Það er okkar von að með því að vekja athygli á mikilvægi skyndihjálpar muni sífellt fleiri vakna til vitundar um að það er einnig nauðsyn að læra skyndihjálp. Þeir sem áhuga hafa á að læra skyndihjálp geta snúið sér til deilda Rauða kross Íslands um allt land. Boðið er upp á bæði lengri og styttri námskeið. Einnig má fá ítarlegar upplýsingar um skyndihjálp á vef Rauða kross Íslands www.rki.is.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands.*




# *Furðufréttir og sorpblaðamennska*

UMRÆÐAN
LETTNESKAR STARFSMANNALEIGUR



ÖRN KARLSSON VÉLAVERKFRÆÐINGUR

*Ennfremur segir í fréttinni að lettneskir bílstjórar á vegum Vislande hafi komið fyrir Héraðsdóm Austurlands síðasta vor og að þeir hafi verið ákærðir fyrir að vinna án atvinnuleyfis. Ekkert meira sagt. Ekkert um niðurstöðu dómsins eða lyktir málsins.*

Undirritaður var nefndur á nafn í uppsláttarfrétt á síðu tvö í Fréttablaðinu á sunnudag. Eftir lestur fréttarinnar gat ég alls ekki áttað mig á því hver fréttin var. Ég var á báðum áttum hvort ég ætti að gera veður út af þessum smámunum því ég er sannfærður um að blaðamennskan á þessu blaði og víðsýni hljóti að færast í betra horf, nú þegar Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson eru sestir í ritstjórastóla.

Mig langar þó að gera nokkur atriði í greininni að umtalsefni þó ég ætli mér ekki þá ósvinnu að leiðrétta allar rangfærslurnar. Slegið er upp í fyrirsögn að höfuðstöðvar lettneska fyrirtækisins Vislande séu í yfirgefnum íbúðum. Ef það væri í sjálfu sér fréttnæmt á Íslandi að fólk færi til vinnu og yfirgæfi íbúðir sínar á meðan, væri væntanlega ekki rými fyrir annað í dagblöðum landsmanna. Nú veit ég vegna tengsla minna að nefndar íbúðir eru íbúðir stjórnarmanna fyrirtækisins en fyrirtækið hefur starfstöð í Riga. Fyrirtækið hefur aðeins eitt heimilisfang í Lettlandi en ekki á nokkrum stöðum eins og segir í fréttinni.

Blaðamaður lýsir þeirri skoðun sinni að íbúðirnar séu í hörmulegum blokkum. Hverju er verið að miðla til okkar Íslendinga með þessum uppslætti? Hver er fréttin? Hvaða blæ er verið að setja á fyrirtækið með því að ljúga því að höfuðstöðvar þess séu í yfirgefnum íbúðum? Skaði sem hlýst af slíkum rangfærslum og svertingu hlýtur að vera á ábyrgð blaðsins. Fjölmargar greinar í þessum dúr hafa birst á undanförnum misserum. Vislande hefur sýnt umburðarlyndi allar götur og ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Undirritaður tekur upp hanskann hér einfaldlega af því að honum ofbýður.

Ennfremur segir í fréttinni að lettneskir bílstjórar á vegum Vislande hafi komið fyrir Héraðsdóm Austurlands síðasta vor og að þeir hafi verið ákærðir fyrir að vinna án atvinnuleyfis. Ekkert meira sagt. Ekkert um niðurstöðu dómsins eða lyktir málsins.

Það upplýsist hér með að dómarinn kvað upp þann úrskurð að þessir menn hefðu verið ákærðir að ósekju. Mér persónulega finnst það vera meiri frétt en sú að þeir hafi verið ákærðir. Sigur Vislande í þessu máli hefur þó reynst dýrkeyptur, því starfsmenn Vinnumálastofnunar hafa lagt fyrirtækið og eiganda þess í einelti síðan, sem má m.a. sjá af frægu innanhússskeyti Unnar Sverrisdóttur lögfræðings Vinnumálastofnunar sem opinberaðist og meiðyrðum forstjóra Vinnumálastofnunar Gissurar Péturssonar í Kastljósþætti í kjölfarið. Persónulega finnst mér það fréttnæmt að þetta fólk skuli halda störfum sínum eftir að upplýst hefur verið um samsæri þeirra gegn saklausu evrópsku fyrirtæki sem leggur sig í líma að fara að lögum. Fleira mætti tína til fréttnæmt sem virðist hafa farið framhjá fréttamiðlum. Svipað tilvik og þetta á Austurlandi átti sér stað á Selfossi um líkt leyti. Þá tók Ólafur Helgi Kjartansson Sýslumaður á Selfossi til sinna ráða, handtók nokkra lettneska starfsmenn Vislande, yfirheyrði, dró fyrir dómara og fékk þá dæmda, allt á rúmlega degi án þess að gefa lögmanni starfsmannanna og Vislande færi á að verja málstað þeirra. Þetta gerðist í réttarríkinu Íslandi nú um stundir. Þetta finnst mér vera frétt og verkefni fyrir alvöru blað að kafa ofan í!

Hengjum ekki bakara fyrir smið. Ilona Milcha gekk ekki frá samningum milli Íslands og Evrópusambandsins. Það gerðu ráðamenn þjóðanna. Eitt markmið með þessum samningum er að styrkja réttindi einstaklinga til vinnu og búsetu í þeim tilgangi að efla lífsgæði og skilvirkni í Evrópu. Því fyrr sem frumkvöðlar eins og Ilona nýta þau tækifæri sem samningar og lagarammi heimila, því fyrr næst markmiðið.

# Danir lengja nám

UMRÆÐAN
STYTTING NÁMS TIL STÚDENTSPRÓFS



MAJA LOEBELL

*Ætli hér verði búið að koma styttingunni á, þegar Danir verða búnir að lengja námið til stúdentsprófs um eitt ár?*

Rök menntamálaráðherra fyrir styttingu náms til stúdentsprófs eru eftirfarandi: „Íslendingar eru ekki vitlausari en aðrir, því er ekkert því til fyrirstöðu að stytta nám til stúdentsprófs um eitt ár.“ Hvílík einföldun! Málið snýst auðvitað ekki um það hvort Íslendingar séu vitlausari en aðrir heldur um forskotið sem íslenskir stúdentar hafa í dag. Spurningin er hvort halda eigi í það forskot sem íslenska skólakerfið hefur fram yfir önnur eða hvort skera skuli niður og stíga skref aftur á bak.

Skólakerfi þar sem stúdentar útskrifast 19 ára eru í heild öðruvísi og árangurinn sömuleiðis, nefnilega verndaðir einstaklingar, sem aldrei hafa kynnst öðru en skólabekknum. Ég er þýsk að uppruna og hef kynnst því af eigin raun hvernig það er að alast upp í vernduðu skólaumhverfi til 19 ára aldurs. Ég hika ekki við að fullyrða að tvítugur Íslendingur er miklu þroskaðri og sjálfstæðari en jafnaldri hans í Þýskalandi og því betur undir það búinn að takast á við sjálfstætt nám í háskóla. Íslenskir stúdentar standa betur að vígi varðandi persónulegan þroska og námsundirbúning en aðrir af því að þeir fá árin til tvítugs til að þroskast og læra í raun „fyrir lífið“ með skólanámi á veturna og þátttöku í raunverulegu atvinnulífi á sumrin. Í Danmörku er stefnan einmitt að lengja námið til stúdentsprófs um eitt ár vegna þess að reynslan sýnir að 19 ára stúdentar eru ekki nægjanlega vel undir sjálfstætt háskólanám búnir.

Ætli hér verði búið að koma styttingunni á, þegar Danir verða búnir að lengja námið til stúdentsprófs um eitt ár?

# Gos á heimasíðu Björns Bjarnasonar

**UMRÆÐAN**
DÓMSMÁLA-RÁÐHERRA OG F-LISTINN



**GÍSLI HELGASON**

Fyrir nokkrum árum opnaði Björn Bjarnason, núverandi dómsmálaráðherra og fyrrverandi oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, nýja heimasíðu. Þessi síða er afar vel úr garði gerð þar sem hún hentar mjög vel þeim sem til dæmis þurfa að nota stórt letur eða annan búnað til þess að geta lesið það sem þar stendur. Mættu margir taka Björn sér til fyrirmyndar í þessum efnum enda vann hann ötullega að upplýsingasamfélaginu þegar hann var menntamálaráðherra.

Þannig vill til að ég hef fylgst með Birni í návígi nokkrum sinnum þegar ég hef setið borgarstjórnarfundi á vegum F-listans sem varaborgarfulltrúi. Þá geri ég það stundum að gamni mínu að hlusta á borgarstjórnarfundi á netinu og eins útsendingar frá Alþingi. Að undanförnu hefur mér lítt verið skemmt yfir skrifum Björns og uppátækjum hans á netinu. Þegar tillaga Ólafs F. Magnússonar borgarfulltrúa F-listans um verndun Þjórsárvera var samþykkt í borgarstjórn 17. janúar sl. greiddu fulltrúar R-listans henni atkvæði. Sjáfstæðismenn sátu hjá með bókun sem sagði það eitt að enn skyldi þráast við að leita uppi fleiri vatnsaflsvirkjanir. Það var óvenju þungt yfir sjálfstæðismönnum á borgarstjórnarfundinum og mikill geðvonskublær enda áttaði ég mig á því að Björn Bjarnason var í hópi þeirra.

Á heimasíðu sinni fór Björn offari í garð Ólafs eftir borgarstjórnarfundinn. Talaði hann um sýndartillögu og fleira í þeim dúr. Björn fór einnig offari þegar Ólafur F. Magnússon flutti tillögu um það í borgarstjórn 1. nóvember sl. að létta ábyrgðum af Reykvíkingum vegna fyrirhugaðrar sölu á eignarhlut borgarinnar í Landsvirkjun. 23. janúar sl. þegar 33 ár voru liðin frá eldgosinu í Heimaey gaus svo upp úr Birni á heimasíðunni hans. Líkaði honum það illa að Sigurjón Þórðarson, einn þingmanna Frjálslynda flokksins, hafði í þinginu gagnrýnt fjáraustur frambjóðanda forsætisráðherra í borgarstjórnarprófkjöri framsóknarmanna og spurt hvort s-hópurinn væri að styrkja frambjóðandann.

Á heimasíðu sinni lét Björn þess einnig getið að Ólafur F. Magnússon hefði ákveðið það einn að leiða lista Frjálslyndra og óháðra í komandi sveitarstjórnarkosningum og vonandi yrði það flokknum ekki dýrkeypt. Ætli Björn viti það ekki mæta vel að Ólafur lýsti því yfir að hann vildi leiða F-listann í borginni áfram og að allur borgarstjórnarflokkurinn studdi þann vilja Ólafs eindregið. Síðan hefur miðstjórn flokksins samþykkt það einróma að Ólafur leiði listann í kosningunum í vor ásamt Margréti Sverrisdóttur. Það er gott að Björn finni dulinni góðmennsku sinni þennan farveg í skrifum sínum að senda pólitískum andstæðingum hlýjar kveðjur. Hann minnir á gamlan fíl, en þeir eru sagðir geðstirðir með aldrinum og verða sumir hættulegir.

*Höfundur er varaborgarfulltrúi Frjálslynda flokksins.*

# *Akureyri og samgöngur*

**UMRÆÐAN**
SAMGÖNGUR



**ELVAR ÁRNI LUND**

*Það er flestum ljóst að þjóðvegur 1, lífæðin út á land, er víða illa farinn og þolir illa þá umferð sem á hann er lögð í dag.*

Ein af forsendum þess að byggð eflist á landsbyggðinni er bættar samgöngur. Þar eru samgöngur til og frá höfuðstað Norðurlands, Akureyri, engin undantekning. Flýta þarf gerð Vaðlaheiðarganga og þurfa ríkisvaldið og samgönguyfirvöld að koma að því máli sem allra fyrst. Vaðlaheiðargöng styrkja ferðaþjónustu og eru til þess fallin að bæta vegasamgöngur austur á land verulega.

Millilandaflug um Akureyrarflugvöll er afar mikilvægt og í raun nauðsynlegt til að byggja megi upp ferðaþjónustu á heilsársgrundvelli þar sem ferðamenn geta átt eftirminnilegar stundir á Norðurlandi. Miðhálendisvegur styttir vegalengdir til suðvesturhornsins og með tilkomu hans skapast líka möguleiki á hringleið um þjóðveg 1 og nýjan veg t.d. yfir Kjöl. Það er flestum ljóst að þjóðvegur 1, lífæðin út á land, er víða illa farinn og þolir illa þá umferð sem á hann er lögð í dag. Bætt viðhald er nauðsynlegt og löngu tímabært.

Þá er ótalið mikilvægi þess að koma á millilandafraktsiglingum til og frá Akureyri. Slíkt myndi efla þjónustu og verslun á Norðurlandi, á því leikur enginn vafi. Verslunarfólk á Akureyri gerir sér eflaust ljóst mikilvægi þess að íbúar úr dreifðum byggðum Norðurlands nýti sér þá þjónustu sem til boða er á Akureyri. Stytting þjóðvegar 1 suður til höfuðborgarsvæðisins er líka afar mikilvæg framkvæmd, þannig aukast líkur á að fólk geri sér oftar ferðir til Akureyrar og njóti þess sem þar er að finna. Miðhálendisvegur mun opna á möguleika til þess að markaðssetja megi miðhálendið yfir vetrartímann, auk þess að fjölga afþreyingarmöguleikum fólks á sumrin.

Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar litið er til þess að erlendum ferðamönnum mun fjölga á landinu öllu á næstu árum og þá verður að bjóða upp á vel skipulagða afþreyingu á svæðum sem rúma þá auknu umferð sem framundan er. Allt þetta mun styrkja stoðir atvinnulífsins, ef heimamenn eru vakandi fyrir þeim tækifærum sem verða í boði. Framtíð landsbyggðarinnar veltur m.a. á góðum samgöngum. Efling Akureyrar styrkir byggð við Eyjafjörð og Norðurland. Byggð á þeim svæðum treystir verslun og viðskipti á Akureyri.

*Höfundur býður sig fram í 1. sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins á Akureyri.*



# ACE 3500+




| Örgjörvi | 3500+ Athlon64 - 90nm 939<br>640K flýtiminni, 2000MHz FSB+HT |
|---|---|
| Móðurborð | MSI K8N NEO4 FI - SATA2<br>PCI-E 16X, 10xUSB2, FireWire |
| Minni | 1GB DUAL DDR 400MHz Corsair<br>Corsair minni með lífstíðarábyrgð |
| Harðdiskur | 250GB WD SE 16MB - SATA II<br>SATA2 300, 7200RPM og 16MB buffer |
| Skjákort | 256MB MSI Geforce6 NX6600GT<br>MSI viftulaust PCI-E 16X, 1GHz DDR3 |
| Skjár | 17" LCD Acer 1751as Gamer<br>8ms viðbragðstími og CrystalBrite |
| Skrifari | 16x DVD± DL skrifari<br>Skrifar og les DVD og CD diska |
| Hljóðkort | 7.1 Dolby Digital DTS - EAX2<br>Frábært í leiki og bíómyndir |
| Hátalarar | 5.1 Altec Lansing hljóðkerfi<br>5 öflugir hátalarar og risa bassabox |
| Netkort | Gigabit 10/100/1000<br>Vandað og hraðvirkt netkort |
| Stýrikerfi | Windows XP Home - SP2<br>Á íslensku eða ensku |

## GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI

**64 BITA 3500+**
Leiðandi inn í framtíðina með framúrskarandi 64-bita tækni, Hyper Transport og 2000FSB

**CRYSTALBRITE**
17" LCD Gamers Edition skjár með 8ms viðbragðstíma og ótrúlega litadýpt með CrystalBrite

**SATA II – 16MB**
Western Digital SATA2 harðdiskar eru hljóðlátari áreiðanlegri og allt að 100% hraðvirkari

**256MB 6600GT**
MSI GeForce NX6600GT er ofur öflugt viftulaust skjákort með 1000MHz DDR3 minni, DVI, og TV-út tengi

**5.1 HLJÓÐKERFI**
Altec Lansing 151i glæsilegt og kraftmikið 5.1 hljóðkerfi með 5 hátölurum og öflugu bassaboxi

**SPECIAL EDITION**
ACE SE kemur í álturni með nær hljóðlausum aflgjafa, PRO mús, lyklaborði og SE músarmottu

# VERÐ 149.900

## ACE AMD TILBOÐ 6

VL15 • Samtals kr. 134.466 — 8.660

3500+ AMD Athlon64 örgjörvi með 2000FSB og HT
1GB DUAL DDR minni • 250GB WD SATA2 harðdiskur 16MB buffer
17" LCD skjár • 256MB GeForce7 NX7300GS PCI-E 16X skjákort
16xDVD±/DL skrifari • 7.1 Dolby Digital hljóðkort
2.1 hátalarakerfi • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 129.900**

## ACE AMD TILBOÐ 8

VL18 • Samtals kr. 186.223 — 9.994

AMD DualCore 4200+ X2, 2x512K flýtiminni, 2000FSB og HT
1GB DUAL DDR minni • 250GB WD SE SATA2 16MB harðdiskur
19"Gamers skjár • 256MB Geforce NX6600GT viftulaust skjákort
16xDVD±/DL skrifari • 7.1 Dolby Digital hljóðkort • Gigabit Lan
2.1 hátalarakerfi • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 179.900**

## ACE AMD TILBOÐ 2

2800+ AMD Sempron 64-BIT HT
256MB DDR minni • 80GB harðdiskur
DVD drif og skrifari • 17" LCD skjár
64MB S3 Unichrome skjákort • Netkort
2 hátalarar • Windows XP Home

**VERÐ 69.900**

## ACE AMD TILBOÐ 4

VL15 • Samtals kr. 103.411 — 6.660

3000+ AMD Sempron 64-BIT HT
512MB DDR minni • 250GB harðdiskur
16xDVD±RW skrifari • 17" LCD skjár
128MB GeForce 6100 skjákort • Netkort
2.1 hátalarakerfi • Windows XP Home

**VERÐ 99.900**

## MSI H1 - MPC800K

VL12 • Samtals kr. 103.411 — 8.325

3000+ AMD Sempron 64-BIT örgjörvi
512MB DDR minni • 250GB SE harðdiskur
16xDVD±RW skrifari • 17" LCD skjár
64MB S3 Unichrome 128bita skjástýring
Þráðlaust lyklaborð og mús • Win XP Home

**VERÐ 99.900**

## MSI H3 - MPC915

VL15 • Samtals kr. 155.169 — 9.993

3.4GHz Intel P4 650 EM64T örgjörvi
1GB DDR minni • 250GB SATA2 harðdiskur
16xDVD±RW skrifari • 17" Gamers skjár
256MB GeForce 6600 PCI-E 16X skjákort
Þráðlaust lyklaborð og mús • Win XP Home

**VERÐ 149.900**

---

Á tilboði með tölvu Internet Security 2006 — **VERÐ 2.990**

Á tilboði með tölvu Office 2003 fyrir 3 vélar — **VERÐ 9.990**

Á tilboði með tölvu Office One Note 2003 — **VERÐ 4.990**

Magnaður Canon IP4200 ljósmyndaprentari — **VERÐ 9.990**

Canon Lide 25 borðskanni örþunnur flottur skanni — **VERÐ 6.990**

Logitec Extreme Pro Stýripinni með "twist" — **VERÐ 4.990**

Kworld TV-Tuner card Pro MPEG útvarp og fjarst. — **VERÐ 7.990**

Nettur 4ra porta mini USB2 Star Hub frá MSI — **VERÐ 2.990**

# LANDSINS MESTA ÚRVAL

# ACER 1694



| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | **2.0GHz Pentium M Dothan760** Intel 915PM Express 533FSB-2MB cache |
| **Minni** | **1GB Dual DDR2 533MHz** Einfalt að stækka minnið í 2GB |
| **Harðdiskur** | **100GB 5400RPM diskur** 5400RPM hraður og hljóðlátur |
| **Skrifari** | **8xDVD±RW Dual Layer skrifari** Skrifar DVD diska og CD-RW |
| **Skjár** | **15,4" WXGA WideScreen skjár** Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| **Skjákort** | **256MB ATI Radeon X700** Sjálfst.minni, PCI-Express 16x, TV-út |
| **Hátalarar** | **Hljóðkerfi með 2 hátölurum** Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| **Netkort** | **Gigabit 10/100/1000** Einnig 56k mótald og Bluetooth |
| **Þráðlaust** | **54Mbps þráðlaust netkort** Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| **Stýrikerfi** | **Windows XP Home - SP2** Á íslensku eða ensku |
| **Annað** | **4 in 1 minnis-kortalesari** Innbyggður kortalesari fyrir flest kort |

## ACER 1694WLMI 2.0GHz FERÐATÖLVA MEÐ ÖLLU

**INTEL DOTHAN 2MB**
Einn öflugasti örgjörvinn frá Intel með 533MHz FSB, Enhanced SpeedStep tækni og 2MB flýtiminni

**15,4" CRYSTALBRITE**
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

**8xDVD± SKRIFARI**
Super Multi 8xDVD DL skrifari með Slot-Load rauf sem þú stingur disknum beint í

**256MB ATI X700**
Öflugasta skjákortið í dag ! Gengur á PCI-Express sem skilar meiri afkastagetu og flottari grafík

**TENGINGAR**
Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 3xUSB2, infrared, VGA, TV-út, Bluetooth, kortalesara ofl.

**ÞYNGD OG RAFHLAÐA**
Acer Aspire fartölvan er 2.95Kg og með rafhlöðu sem endist í allt að 3.5 tímar

**AÐEINS 50 STK**

AÐEINS 50 STK Á ÞESSU VERÐI • FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

# VERÐ 149.900

## ACER 1642WLMi



VL12 * Samtals kr. 103.411 **8.325**

1.73GHz Intel Pentium M Dothan740 örgjörvi með 2MB flýtiminni 512MB DDR2 533MHz minni • 60GB Ultra ATA100 harðdiskur 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" CrystalBrite WXGA skjár 128MB Intel GMA900 skjákort • 10/100 netkort og módem þráðlaust netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 99.900**

## ACER 1692WLMi



VL15 * Samtals kr. 139.642 **8.993**

1.73GHz Intel Pentium M Dothan740 örgjörvi með 2MB flýtiminni 1GB DDR2 minni • 100GB harðdiskur • Slot load 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" CrystalBrite WXGA skjár • 128MB ATI Radeon X700 PCI-E 16X skjákort • Minniskortalesari Gigabit netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 134.900**

## ACER 3613LMI-2

1.5GHz Intel Celeron M 370 örgjörvi 256MB DDR minni • 40GB harðdiskur DVD±RW skrifari • 15" XGA skjár 64MB Intel GMA 900 skjákort • Netkort Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 69.900**

## MSI S260 - 1

1.73GHz Intel Pentium M Dothan740 512MB DDR minni • 80GB harðdiskur 8xDVD skrifari • 12,1" WXGA ColorBrite skjár • 128MB Intel GMA900 skjákort Aðeins 1.8Kg • Windows XP Home

**VERÐ 129.900**

## MSI M645 - 1

2.0GHz Intel Pentium M Dothan760 1GB DDR minni • 80GB harðdiskur 8xDVD skrifari • 15.4" WXGA ColorBrite skjár • 128MB Geforce Go6600 skjákort Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 149.900**

## HP NC6120 - B

1.86GHz Intel Pentium M Dothan750 512MB DDR minni • 60GB harðdiskur 8xDVD skrifari • 15" XGA skjár • 128MB Intel GMA900 skjákort • Þráðlaust net Windows XP PRO á íslensku eða ensku

**VERÐ 129.900**

USB2 tengikví með flest öllum jaðartækja tengjum **VERÐ 6.990**

AÐENS ÞESSA VIKU — Ferðatölvulás með lykli, 90cm snúra **VERÐ 1.490**

15" Samsonite City Lites New Jack bakpoki **VERÐ 5.990**

Samsonite ICT39 glæsilegur fartölvu bakpoki **VERÐ 3.690**

Samsonite Paragon2 16" hliðartaska með axlaról **VERÐ 5.990**

15" HP fartölvutaska, stór og rúmgóð hliðartaska **VERÐ 3.990**

Traxdata11-1minniskortalesari fyrir flest kort **VERÐ 2.990**

256MB Corsair USB2 lykill með 10 ára ábyrgð **VERÐ 3.990**

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

# TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

**REYKJAVÍK** Nóatúni 17 Sími 562 6730

**AKUREYRI** Glerárgötu 36 Sími 464 7400

**KEFLAVÍK** Hafnargötu 90 Sími 534 7400

**VALA FLOSADÓTTIR (1978-) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Sá sem hefur trú á sjálfum sér getur tekið sínar ákvarðanir og staðið fyrir sínu.“*

***Vala Flosadóttir er stangarstökkvari sem hefur náð geysilega góðum árangri. Hún var kosin íþróttamaður ársins árið 2000.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 16. FEBRÚAR 1959

# *Castro settur forsætisráðherra Kúbu*

Á þessum degi árið 1959 var Fidel Castro svarinn í embætti forsætisráðherra Kúbu. Hann var aðeins 32 ára gamall og því yngsti maðurinn til að gegna því embætti frá upphafi.

Fidel Castro fæddist 13. ágúst árið 1926 og vann sem ungur drengur á sykurreyrsekrum og sótti skóla jesúíta og síðar Belén-framhaldsskólann í Havana. Árið 1945 hóf Castro háskólanám og lauk laganámi árið 1950. Sem lögmaður í Havana gætti hann hagsmuna hinna fátæku.

Hann bauð sig fram til kúbverska þingsins árið 1952 en þáverandi einræðisherra Kúbu, Fulgencio Batista, aflýsti kosningunum.



**CASTRO**

Fidel Castro gerði fyrstu byltingartilraun sína 26. júlí 1953, en þá gerði hann misheppnaða árás á herstöð í Santiago de Cuba. Eftir árs útlegð í Mexíkó gekk Castro á land í Oriente-héraði á Kúbu ásamt 80 mönnum í desember 1956. Flestir þessara manna féllu eða voru handteknir, en eftir rúmlega tveggja ára skæruliðabaráttu Castros og manna hans hraktist einræðisherra Kúbu, Fulgencio Batista, frá völdum og flýði í útlegð.

Manuel Urrutia var skipaður forseti hinnar nýju stjórnar, en Castro varð yfirmaður hersins. Castro var gerður forsætisráðherra árið 1959 en í júlí sama ár var forsetanum ýtt út úr stjórninni og varð Castro þar með leiðtogi Kúbu og hefur verið það síðan.

## MERKISATBURÐIR

**1878** Silfurdollari er tekinn í notkun sem gjaldmiðill í Bandaríkjunum.

**1916** Rússneski herinn nær borginni Ezerum í Armeníu úr höndum Tyrkja í fyrri heimstyrjöldinni.

**1920** Fyrsta dómþing Hæstaréttar Íslands er háð.

**1963** Lag Bítlanna, Please, please me, kemst í efsta sæti breska vinsældarlistans.

**1981** Eitt mesta ofviðri í manna minnum á Íslandi hefst um kvöldið.

**1994** Um 200 látast þegar harður jarðskjálfti skekur eyna Súmötru

**1995** Hornsteinn er lagður að nýju húsi Hæstaréttar við Lindargötu.

## AFMÆLI



Svanhildur Sigurðardóttir myndhöggvari er 61 árs.



Ægir Frímann Sigurgeirsson prestur er 61 árs.



Björn Thoroddsen gítarleikari er 48 ára.



Guðjón Már Guðjónsson, forstjóri Industria, er 34 ára.

## ANDLÁT

**Jón Pálmi Rögnvaldsson** matsveinn, Hvanneyrarbraut 42, Siglufirði, er látinn.

**Jóhannes G. Svavarsson**, lést á heimili sínu þriðjudaginn 7. febrúar.

**Sigríður Kristjánsdóttir** frá Súðavík, lést þriðjudaginn 7. febrúar.

**Sigurður Sveinsson**, Gullsmára 10, Kópavogi, lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut mánudaginn 13. febrúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Guðmundur Jónsson** (Mannsi), verður jarðsunginn frá Langholtskirkju.

13.00 **Erlendur Steinar Ólafsson**, Miðtúni 46, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju.

15.00 **Huldar Örn Andrésson** verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.



**LEIKA FYRIR DANSI** Hljómsveitin Jakobínarína heldur ásamt öðrum uppi stuði á dansleik fyrir hafnfirsk ungmenni í kvöld.

# Grunnskólahátíð í Hafnarfirði

Grunnskólahátíðin í Hafnarfirði verður haldin í dag. Hún er fyrir nemendur í unglingadeildum sem einnig standa að hátíðinni ásamt íþrótta og tómstundaráði Hafnarfjarðar. Sýnd verða leikrit og atriði úr söngleikjum í hátíðarsal Víðistaðaskóla klukkan tvö og fjögur en í kvöld verður dansleikur í íþróttahúsi skólans. Hljómsveitirnar Sign, Jakobínarína og Í svörtum fötum leika fyrir dansi og sigurvegarar úr Hraunrokki og söngvakeppni Hafnarfjarðar koma fram. ■



**Í GÓÐUM GÍR** Þessir hressu krakkar af frístundaheimilum í Vesturbæ sungu lagið Við Reykjavíkurtjörn fyrir gesti og gangandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN FROSTASKJÓL: HELDUR UPP Á 20 ÁRA AFMÆLI

# Frostaskjólið fullorðnast

Heljarmikil veisla var haldin í félagsmiðstöðinni Frostaskjóli í Vesturbæ í vikunni. Tilefnið var tuttugu ára afmæli Frostaskjóls en það var opnað með pomp og prakt 14. febrúar árið 1986 sem félagsmiðstöð fyrir unglinga. „Það má í raun segja að Frostaskjól sé að verða fullorðið,“ segir Jón Ragnar Jónsson forstöðumaður glaðlega, en Frostaskjól er ekki eingöngu félagsmiðstöð í dag heldur ber heitið Frístundamiðstöðin Frostaskjól og hefur umsjón með starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Frosta í Frostaskjóli, félagsmiðstöðvarinnar 101 í Austurbæjarskóla og frístundaheimila Grandaskóla, Melaskóla, Vesturbæjarskóla og Austurbæjarskóla.

Starfsemin er því umfangsmikil enda starfa um sjötíu manns á þessum sex vinnustöðum og hátt í fimm hundruð börn sækja þjónustu þangað að einhverju leyti.

Jón Ragnar telur styrk Frostaskjóls hafa falist í staðsetningunni. „Hér er sterk hverfavitund og við erum hluti af því sérstöku andrúmslofti sem ríkir hér í Vesturbænum,“ segir hann og telur að þeir sem hafi stundað félagsmiðstöðina hafi sterkar taugar til hennar. „Við erum til dæmis með marga starfsmenn sem hafa verið unglingar í félagsmiðstöðinni,“ segir Jón Ragnar sem segir engan einn atburð standa upp úr í sögu Frostaskjóls. „Við reynum að gera hvert starfsár eftirminnilegt bæði fyrir þá sem hér vinna og þá sem sækja þjónustuna. Kannski má segja að það merkilegasta sem við gerum sé að skapa minningar,“ segir Jón Ragnar og telur unglinga í dag frábæra.

Hátíðahöldum er langt í frá lokið og verða ýmsar uppákomur á næstunni tileinkaðar afmælinu. Í gær var haldið þorrablót í boði bændafélags Frostaskjóls, í dag fer fram svokölluð barátta um Vatnsmýrina þar sem fulltrúar félagsmiðstöðvanna Frosta og 101 keppa í ýmsum greinum. Á föstudaginn ætlar hljómsveitin Í svörtum fötum að spila fyrir dansi á afmælisballi Frosta og glæsilegt sundpartí verður í Sundhöll Reykjavíkur föstudaginn 24. febrúar. ■



**SKAPAR MINNINGAR** Jón Ragnar Jónsson, forstöðumaður Frostaskjóls, segir að mikilvægasta starf félagsmiðstöðvarinnar sé að skapa góðar minningar.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Svavar Sigurður Sæbjörnsson**
Miðnestorgi 3, Sandgerði,

verður jarðsunginn frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði laugardaginn 18. febrúar kl. 14.00.

**Guðbjörg Svala Guðnadóttir**
**Sesselja Svavarsdóttir** **Grétar Sigurbjörnsson**
**Sigurgeir Svavarsson** **Soffía Gunnþórsdóttir**
**Fjóla Svavarsdóttir** **Torfi Gunnþórsson**
**Sæbjörn Ágúst Svavarsson** **Bryndís Guðrún Kristjánsdóttir**
**barnabörn og systkini.**

LEGSTEINAR
Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.
Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

# Nýr heilsugæsluvefur

Nýr vefur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var opnaður í gær af Jóni Kristjánssyni heilbrigðisráðherra. Heilsugæslustofnanir á höfuðborgarsvæðinu sameinuðust í eina stofnun 1. janúar 2006. Þá var útbúinn nýr vefur sem inniheldur upplýsingar um þjónustu allra starfseininga stofnunarinnar. Það eru fimmtán heilsugæslustöðvar auk starfsemi Heilsuverndarstöðvarinnar, Miðstöðvar heimahjúkrunar og Geðheilsu eftirfylgd/iðjuþjálfun.

Starfsmenn stofnunarinnar eru 678 og þjóna alls 187 þúsund manns.

Á hinum nýja vef verður boðið upp á að senda skráningarbeiðni rafrænt á heilsugæslustöð auk þess sem aðgengi að upplýsingum hefur verið auðveldað til muna. ■



**UPPLÝSINGAVEITA** Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um allar starfseiningar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.



**VINALEGUR TÍGUR** Tígurtemjarinn Budi leikur við sex mánaða Súmötru-tígurinn Eka í Raguna dýragarðinum í Jakarta í Indónesíu. Súmötru-tígrar eru í útrýmingarhættu en bein þeirra er og vinsælt að nota við hefðbundnar austurlenskar lækningar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# LANCÔME



# LE GIFT





## LANCÔME KYNNING
## 16. 17. OG 18. FEBRÚAR

### Kynntar verða ýmsar nýjungar:

- Teint Idole Ultra - farði sem stenst allt, meira að segja íslenskt veðurfar!
- Platinium - krem sem byggir upp og eykur styrk þroskaðrar húðar.
- Caresse handáburður - ómissandi yfir vetrartímann
- Húðslípunarvörur sem slétta og fegra áferð húðarinnar.

### 5 mínútur er allt sem þarf !

Hvort sem þú vilt endurnýja húðina eða fá fallega dagförðun. Láttu snyrtifræðing LANCÔME sýna þér hvernig þú ferð að.

Le Gift - glæsilegur kaupauki - fylgir þegar keyptar eru 2 LANCÔME vörur*.







Verðmæti kaupaukans er kr. 8.000.-

*gildir á meðan birgðir endast. Fleiri gerðir kaupauka í boði.

Andorra snyrtivöruverslun
Sími: 555 2615

SNYRTIVÖRUVERSLUNIN GLÆSIBÆ
Sími: 568 5170

SNYRTIVÖRUVERSLUNIN BYLGJAN
Sími: 564 2011







## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 8 | 2 | 4 | 5 | 6 | 1 | 3 |
| 2 | 3 | 4 | 9 | 6 | 1 | 8 | 7 | 5 |
| 6 | 5 | 1 | 7 | 3 | 8 | 9 | 2 | 4 |
| 8 | 6 | 5 | 1 | 2 | 9 | 4 | 3 | 7 |
| 3 | 2 | 7 | 4 | 8 | 6 | 1 | 5 | 9 |
| 4 | 1 | 9 | 3 | 5 | 7 | 2 | 8 | 6 |
| 1 | 7 | 3 | 6 | 9 | 2 | 5 | 4 | 8 |
| 9 | 8 | 2 | 5 | 7 | 4 | 3 | 6 | 1 |
| 5 | 4 | 6 | 8 | 1 | 3 | 7 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | | | | | |
| | 1 | | | | | | 7 | 2 |
| 4 | 6 | | | 8 | 2 | | | 9 |
| 7 | | 9 | 4 | | | | 2 | |
| | | | | | | | | |
| | 2 | | | | 5 | 4 | | 7 |
| 3 | | | 1 | 2 | | | 9 | 6 |
| 8 | 7 | | | | | | 3 | |
| | | | | | 8 | | | |




# STUÐ MILLI STRÍÐA Burðarlimur kvenna

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR LEITAR AÐ RÉTTA ORÐINU.



Í fyrrakvöld greip ég niður í samtal Strákanna á Stöð 2, þar sem Sveppi bar undir félaga sína hvaða orð hann ætti að nota yfir sköp dóttur sinnar. Litla stúlkan væri að hætta með bleiu sem leiddi til þess að þessi líkamspartur stúlkunnar bærist gjarnan í tal á heimilinu. Sjálfur sagðist hann notast við orðið klobbi en fólki þætti það eitthvað ógeðfellt og vildi hann skipta um orð. Hann vissi bara ekki hvaða orð hann ætti að nota. Ég hjó eftir því að aldrei nokkurn tímann stungu þeir upp á orðinu píka, heldur heyrði ég orð eins og budda og pjalla. Sem mér þykja svo ekki sérlega smekkleg. Enda eru þau fyrst og fremst einhvers konar flóttaleið frá því að nota orðið píka.

Píka þykir gjarnan gróft orð, þó það séu til mun grófari og ljótari orð yfir sköpin en píka. Ég reyndar skil ekki alveg af hverju það þykir ljótt orð, þar sem það þýðir einfaldlega stelpa og líklega komið af danska orðinu pige. Íslensk orðabók staðfestir það og segir einmitt að orðið merki stúlka. Í orðabókinni frá 1988 stendur jafnframt að orðið sé notað yfir burðarlim kvenna. Ég fékk eiginlega bara hláturskast þegar ég las þetta skemmtilega stofnanalega orðalag. Í nýjustu orðabókinni eru menn þó aðeins brattari og segja orðið notað yfir sköp kvenna, en gjarnan sem grófyrði.

Málið er, að ég stóð í sömu sporum og Sveppi, ekki fyrir svo löngu, því ég á litla stelpu. Orðin sköp og píka voru þau orð sem helst komu til greina. Mér þykja þó sköp frekar eiga við fullvaxta konu sem getur getið af sér börn, frekar en litla stelpu. Ég viðurkenni að ég fór hálfpartinn hjá mér þegar ég byrjaði að kenna henni að nota orðið píka, en svo þegar hún sagði það, varð það svo krúttlegt að mér þótti það á svipstundu eðlilegt og ekkert dónalegt. Enda varla hægt að finna stelpulegra orð. ■

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Þú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



Notaðir bílar á tilboðsverði.
100% lán. Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð.
Aðeins til föstudags. Komdu strax.*

# Útsala

## Þig vantar bíl. Núna
## Aðeins 50 bílar á 2 dögum
## Komdu strax

Opið frá kl. 9-18

Tökum notaðan uppí notaðan




Útsalan stendur aðeins í 2 daga. Komdu núna.
Þig vantar bíl. Kíktu á netið. Meira úrval þar.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.brimborg.is

**Við kaupum af þér gamla bílinn: Staðgreitt.**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt* veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann – eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu notaðan bíl í dag. Komdu í Brimborg – ræddu við söluráðgjafa notaðra bíla um hvernig best er að skipta gamla bílnum uppí notaðan bíl hjá Brimborg.

Taktubíl

brimborg
Öruggur staður til að vera á

* Brimborg greiðir þér gamla bílinn 45 dögum eftir að uppítaka á gamla bílnum er frágengin. Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er fasteignaeigandi og er ekki á vanskilaskrá.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

# Maríubjallan í nýju Rými

**Leikfélag Akureyrar vígir í kvöld nýtt leikhús, Rýmið, með frumsýningu á Maríubjöllunni, kraftmiklu og mögnuðu nútímaverki eftir Vassily Sigarev.**



**ÚR SÝNINGU LEIKFÉLAGS AKUREYRAR** Í Maríubjöllunni segir frá lífi ungs fólks í Rússlandi eftir fall Sovétríkjanna.

„Þetta er gríðarlega stórt framfaraskref fyrir okkur,“ segir Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri og ræður sér varla fyrir kæti. „Þarna erum við að fá til frambúðar nýtt rými, sem nýtist okkur bæði til sýninga og sem æfingaaðstaða. Þarna fáum við líka aðstöðu fyrir söfnin okkar, bæði búninga- og leikmyndasafn.“

Nýja húsið, sem hefur fengið nafnið Rýmið, er skammt frá Samkomuhúsinu, sem Leikfélag Akureyrar mun áfram nota fyrir leiksýningar. Í Rýminu opnast hins vegar ýmsir möguleikar fyrir Leikfélagið í uppsetningu á leiksýningum, því sýningarrýmið er í grunninn „svartur kassi“ þar sem hægt verður að stilla sýningum upp með ýmsum hætti.

„Þetta er með góðri lofthæð og mjög sveigjanlegt, því þarna verður hægt að hafa áhorfendur hvar sem er í salnum. Þetta er akkúrat það sem okkur hefur vantað.“

Nýja Rýmið verður vígt með frumsýningu á Maríubjöllunni, leikriti eftir ungt rússneskt leikskáld, Vassily Sigarev, sem vakið hefur töluverða athygli. Margir kannast við hann vegna sýningar Þjóðleikhússins síðasta vetur á verki hans Svört mjólk.

„Hann skrifar mikið um árin eftir fall Sovétríkjanna, hvernig allt leysist upp og þessar nýju valdaklíkur,“ segir Álfrún Örnólfsdóttir, einn leikenda í Maríubjöllunni. „Fólk sem hefur ekkert lengur til að trúa á og það eina sem kemur í staðinn eru peningar. Þeir eru orðnir hreyfiaflið í lífinu, en eru samt af skornum skammti hjá flestum.“

Aðrir leikarar eru Esther Talia Casey, Guðjón Davíð Karlsson, Guðjón Þorsteinn Pálmarsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson og Þráinn Karlsson, en leikstjóri er Jón Páll Eyjólfsson.

Í Maríubjöllunni segir frá 19 ára pilti, Dima, sem býr í blokk við hliðina á kirkjugarðinum, þaðan sem hann stelur legsteinum og selur. Á morgun hefur hann herþjónustu en í kvöld heldur hann vinum sínum kveðjupartí. Þangað koma vinir hans, þeir Slavik og Arkasha, auk stúlknanna Leru og Júlkuu, en það er Álfrún sem leikur Júlkúu.

„Hún er háskólanemi þarna í Rússlandi og mætir ásamt eldri frænku sinni í þetta kveðjupartí. En hún er ókunnug og af allt öðru sauðahúsi en hinir krakkarnir, er af aðeins efnaðri fjölskyldu og kann mannasiði. Hin koma öll frá erfiðari heimilisaðstæðum, drykkfelldum fjölskyldum þar sem ekki er mikið af peningum. En henni finnst spennandi að koma inn í þennan heim. Hún er mjög forvitin að eðlisfari. Svo sjáum við kvöldstund í lífi þessa unga fólks, sjáum hvernig örlög þeirra fléttast saman og árekstra sem verða milli þessara ólíku heima.“ ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FEBRÚAR**

13 14 15 **16** 17 18 19

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Bára Grímsdóttir** og **Chris Foster** flytja þjóðlög frá Íslandi og Englandi á tónleikum, sem Félag þjóðfræðinga á Íslandi stendur fyrir í Norræna húsinu.

☐ 20.00 Hljómsvetin **Thugz on Parole** mun leika fyrir dansi ásamt **Original melody** og kynæsandi leynigestum á Fimmtudagsforleik í Hinu húsinu, Pósthússtræti 3-5.

☐ 22.00 Breska hljómsveitin **The Ruhes** spilar í Þjóðleikhúskjallaranum ásamt **Bluebird** og **Idir**.

### LEIKLIST

☐ 20.00 Leikritið **Maríubjallan** eftir **Vassily Sigarev** verður frumsýnt í Rýminu, nýju leikhúsi Leikfélags Akureyrar. Leikstjóri er **Jón Páll Eyjólfsson**.

### SKEMMTANIR

☐ Trúbadorarnir **Pétur Jesú** (Örn) og **Stefán Örn** syngja og tralla á Café Victor.

### FYRIRLESTRAR

☐ 17.00 Heimspekingurinn **Garrett Barden** fjallar um uppgötvanir í náttúruvísindum og tilvist guðs í erindi sínu á Heimspekitorgi Háskólans á Akureyri, sem haldið er í stofu K201 á Sólborg við Norðurslóð.

### FUNDIR

☐ 14.00 Rannsóknastefna um hug- og félagsvísindi verður haldin í ReykjavíkurAkademíunni. Erindi flytja **Guðrún Nordal, Jón Ólafsson, Viðar Hreinsson, Stefán Ólafsson, Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, Gretar L. Marinósson** og **Halldór Benjamín Þorbergsson**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


## ÖSKUBUSKA

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI**

4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS - 5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
6. sýn. sun. 26. feb. kl. 20- 7. sýn. 3. fös. 3. mars kl 20
8 . sýn. sun. 5. mars kl. 15 - KYNNING KL 14.15

**KYNNING FYRIR SÝNINGU**
**Kynning á verkinu og uppsetningu þess er í boði Vinafélags Íslensku óperunnar.**
**Kynningin hefst kl.19.15 og er innifalin í miðaverði. Húsið opnar kl. 19.00**

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

**Nína og Geiri**
Björgvins Halldórssonar
Aðeins þessar sýningar
BROADWAY ☎ 5331100

## BORGARLEIKHÚSIÐ

Carmen | Salka Valka | Ronja | Woyzeck

| Stóra svið | | Nýja svið / Litla svið | |
|---|---|---|---|
| **SALKA VALKA** | | **MANNTAFL** | |
| Í kvöld kl. 20 ALLRA SÍÐASTA SÝNING! | | Mi 22/2 kl. 20 AUKASÝNING | |
| **WOYZECK** | | **ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR** | |
| Fö 17/2 kl. 20 | Lau 18/2 kl. 20 | Í kvöld kl. 20 UPPS. | Fö 17/2 kl. 20 UPPS. |
| **KALLI Á ÞAKINU** | | Lau 25/2 kl. 20 UPPS. | Su 26/2 kl. 20 UPPS. |
| AUKASÝNINGAR UM PÁSKANA! | | **BELGÍSKA KONGÓ** | |
| **CARMEN** | | Lau 18/2 kl. 20 UPPS. | Su 19/2 kl. 20 UPPS. |
| Su 19/2 kl. 20 | Lau 25/2 kl. 20 UPPS. | Fi 23/2 kl. 20 UPPS. | Fö 24/2 kl. 20 UPPS. |
| Fö 3/3 kl. 20 | Lau 4/3 kl. 20 | Lau 4/3 kl. 20 | Su 5/3 kl. 20 |
| **RONJA RÆNINGJADÓTTIR** | | Fö 10/3 kl. 20 | Lau 11/3 kl. 20 |
| Lau 18/2 kl. 14 UPPS. | Su 19/2 kl. 14 UPPS. | **GLÆPUR GEGN DISKÓINU** | |
| Su 26/2 kl. 14 UPPS. | Su 26/2 kl. 17:30 | Mi 1/3 kl. 20 | Fö 17/3 kl. 20 |
| Lau 4/3 kl. 14 | Su 5/3 kl. 14 UPPS. | **NAGLINN** | |
| Lau 11/3 kl. 14 | Su 12/3 kl. 14 | Su 19/2 kl. 20 UPPS. | Fö 24/2 kl. 40 |
| Lau 18/3 kl 14 | Su 19/3 kl. 14 | Lau 25/2 kl. 20 | |
| **FEBRÚARSÝNING ÍD** | | **HUNGUR** | |
| 24/2 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT | | FORSÝNINGAR, MIÐAV. 1.200- Kr. | |
| Su 5/3 kl. 20 | Fö 10/3 kl. 20 | Í kvöld kl. 20 | Fö 17/2 kl. 17 |
| | | Lau 18/2 FRUMSÝNING UPPSELT | |
| | | Fi 23/2 kl. 20 | Su 26/2 kl. 20 |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00**

TÚSKILDINGSÓPERAN
Fös. 17/2 **uppselt**, lau. 18/2 **uppselt**, fös. 24/2 **uppselt**, lau. 25/2 **uppselt**.
**Síðustu sýningar. Aukasýning sun. 5/3 örfá sæti laus.**
**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 19/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 26/2 kl. 14:00 örfá sæti laus.
**Síðustu sýningar. Aukasýning sun. 5/3 kl. 13:00.**

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00**

ELDHÚS EFTIR MÁLI
Fös. 17/2 **uppselt**, lau. 18/2 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun 19/2 **uppselt**, mið. 22/2 **uppselt**, fös. 24/2 **uppselt**, lau. 25/2 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 26/2 **uppselt**, lau. 4/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 5/3 örfá sæti laus, þri. 7/3 örfá sæti laus, mið. 8/3 **uppselt**, lau. 11/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 12/3 **uppselt**, mið. 15/3 **uppselt**, lau. 18/3 kl. 17:00 **uppselt**.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU
**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**
Sun 19/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 26/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 5/3 kl. 18:00 örfá sæti laus, sun. 12/3 **uppselt**.

**KASSINN**

PÉTUR GAUTUR
**Frumsýning lau. 4/3 uppselt**, fim 9/3 örfá sæti laus, fös. 10/3 örfá sæti laus, lau. 11/3, fim. 16/3, fös. 17/3. **Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

**LEIKHÚSKJALLARINN**

**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

## HIMNARÍKI

Fös. 17. Feb. Örfá sæti laus
Lau. 25. Feb.
Fös. 3. Mars.

eftir Jón Atla Jónasson
Sun. 19. Feb.
Síðustu sýningar

*Námsmenn og Vörðufélagar fá miðann á Mind Camp á 1000 kr. í boði Landsbankans*

**EF**
eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson
Vestmanneyjar
Þrið. 21. Feb. kl. 9, 11 og 13 Uppselt

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

## HILMIR SNÆR GUÐNASON
## ÉG ER MÍN EIGIN KONA



| | | |
|---|---|---|
| fimmtudagur | 16.02 | örfá sæti laus |
| föstudagur | 17.02 | örfá sæti laus |
| laugardagur | 18.02 | örfá sæti laus |
| föstudagur | 24.02 | laus sæti |
| laugardagur | 25.02 | örfá sæti laus |
| föstudagur | 03.03 | laus sæti |
| laugardagur | 04.03 | laus sæti |

SÝNT Í IÐNÓ KL. 20
MIÐASALA: WWW.MIDI.IS OG Í IÐNÓ S. 562 9700
Landsbankinn
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.

## Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

## freestyle
FREESTYLEKEPPNI TÓNABÆJAR 2006
**Austurbær - Föstudagurinn 17. feb kl.18.**
**Miðasala hefst kl 16 og húsið opnar kl 17.**
TÓNABÆR FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ | Kristall | ÍTR | www.tonabaer.is



**BÁRA GRÍMSDÓTTIR OG CHRIS FOSTER** Þau flytja þjóðlög frá Íslandi og Englandi í Norræna húsinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lög tveggja hefða

Þau Bára Grímsdóttir og Chris Foster ætla að flytja íslenska og enska þjóðlagatónlist á tónleikum í Norræna húsinu í kvöld. Síðastliðin fjögur ár hafa þau Bára og Chris komið fram á ýmsum hátíðum, tónleikum og í útvarpi á Íslandi, Englandi, Skotlandi, Írlandi, Belgíu og Bandaríkjunum. Í júní 2004 gáfu þau út geisladiskinn Funa og hafa fengið mikið lof fyrir hann.

„Við ætlum að flytja eitthvað af nýju efni á þessum tónleikum. Eitthvað sem við höfum ekki flutt áður,“ segir Bára.

Það var í október árið 2000, þegar Bára söng á Baring-Gould hátíðinni í Devon á Englandi, að hún og Chris hittust fyrst. Síðan hafa þau unnið að því að flétta saman hið sérstaka tónmál íslensku laganna og hinn enska stíl, þar sem leikið er á gítarinn í mismunandi opnum stillingum.

„Við verðum líka með ákveðinn samanburð, tökum lög um svipað efni, eitt íslenskt og eitt enskt,“ segir Bára. Sem dæmi nefnir hún íslenska lagið Móðir mín í kví, kví, þar sem fjallað er um útburð. „Við verðum með eitt slíkt lag frá Englandi sem Chris flytur.“

Bára Grímsdóttir, söngkona og tónskáld, hefur um langt árabil flutt íslensk þjóðlög og kvæðalög. Hún hefur sérstakan áhuga á rímum og kvæðalögum en hefur einnig kynnt sér hinn fjölbreytilega þjóðlagaarf liðinna alda, bæði veraldlegan og trúarlegan.

Chris Foster ólst upp í Somerset á Suðvestur-Englandi. Hann hefur í þrjá áratugi komið fram á tónleikum víða á Bretlandseyjum, í Evrópu og Norður-Ameríku og getið sér orð sem frábær flytjandi enskrar þjóðlagatónlistar.

Tónleikarnir í Norræna húsinu hefjast klukkan 20.

Fyrirlestur og opinn fundur menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur

Sérstakur gestur málþingsins er Charlotte Cohen

Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús

Laugardaginn 18. febrúar kl. 13.30 – 16.30

Hvert er hlutverk og eðli listar í almenningsrými?

**Kl. 13.30 Charlotte Choen flytur fyrirlestur um hugmyndafræði og stefnumótun listar í opinberu rými.** Charlotte Cohen er fulltrúi alríkisnefndar sem tekur ákvarðanir um list í almenningsrými á norð-austurströnd Bandaríkjanna. Hún var einnig forstöðumaður stofnunar sem sér um listaverk í opinberu rými New York borgar.

**Kl. 15.00 Opnar umræður um stefnumótun Reykjavíkurborgar á list í opinberu rými.** Umræðurnar hefjast með ávarpi samráðshóps sem ætlað er að leggja grunn að stefnumótun um list í almenningsrými. Hafþór Yngvason safnstjóri Listasafns Reykjavíkur leiðir hópinn en aðrir í hópnum eru Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi, Júlíana Gottskálksdóttir listsagnfræðingur, Ólöf Nordal myndlistarmaður, Pétur H. Ármannsson arkitekt og Dr. Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur.

Málþingið er kjörinn vettvangur fyrir þá sem vilja hafa áhrif á störf samráðshópsins og koma á framfæri nýjum sjónarmiðum og hugmyndum til umfjöllunar.

Morgunblaðið

ICELANDAIR

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM




Heineken®

DJAMMIÐ UM HELGINA:

PRAVDA

Heineken® music

í fyrsta skipti á fimmtudagskvöld
Trúbadorar, plötusnúðar
og góð tilboð í gangi

CAFÉ ROSENBERG
Blúshátíð um helgina

Fimmtudagur:
STRATUS
Föstudagur-laugardagur:
MOOD

MEIRA UM DJAMMIÐ Á
Heineken.is








> **Dragðu fram grillið**

...og útbúðu gómsætar samlokur með grilluðu eggaldini, sætum kartöflum og kúrbít. Þetta bragðast óstjórnlega vel.

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN: ÁGÚST BOGASON ÚTVARPSMAÐUR

## Bananar bæta líðanina



**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**
Skyndibita. Engin spurning.
**Fyrsta minningin um mat?**
Það er sjálfsagt hrá paprika sem ég gæddi mér á í kerrunni hjá móður minni á Strikinu fjögra eða fimm ára.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Ég fór með hljómsveitinni minni, Jan Mayen, á Argentínu á föstudag og fékk nautasteik, sem er hugsanlega það besta sem ég hef bragðað.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Mér finnst það sem kemur úr sjónum síst, en mér finnst ekkert vont þannig séð.
**Leyndarmál úr eldhússkápunum?**
Þetta snýst allt um krydd.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ég borða það mikið af nammi að ég fæ mér yfirleitt eitthvað hollt til að líða vel. Mér líður alltaf betur eftir að hafa borðað banana.
**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Kók.
**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða rétt tækir þú með þér?**
Harðfisk.
**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Ég hef borðað alls konar exótískan mat, snigla, froskalappir og hvaðeina og finnst það fínt en ég held að það sé ekkert skrítnara en íslenski þorramaturinn.

## PICCINI:

## *Dágott borðvín frá Chianti*




Vín frá Chianti svæðinu í Toskana eru einhver þekktustu vín Ítalíu. Piccini er prýðilegt Chianti-vín, dágott borðvín á hagstæðu verði. Vínið er framleitt úr 90-95% sangiovese og 5-10% canaiolo þrúgum sem eru mikið ræktaðar í Toskana.

Þetta vín er með fallegum ljós rúbínrauðum lit, miklu jafnvægi, rúnnuðu og mjúku bragði og mildu eftirbragði. Þetta einstaklega þægilega vín er hentugt með súpum, pasta, ostum og rauðu kjöti. Það er fremur þurrt, sykur er undir 2 gr. í hverjum lítra og hentar vel eitt og sér.

*Verð í Vínbúðum*
*990 kr.*


**Hreinar hendur**
örugg samskipti

**Jóhanna Runólfsdóttir**
Sjúkraliði, ráðgjafi hjá RV






5.973 kr.

**DAX skammtari**
snertifrír



650 kr.

**DAX handspritt**
í snertifr.



197 kr.

**DAX handsápa**
mild 600ml m.dælu



238 kr.

**DAX handáburður**
250ml

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6203C


# Krambúleraður sjóræningi

Margrét Kristín Sigurðardóttir söngkona sem jafnan kallar sig Fabúlu er einstaklega klár í að galdra fram glæsilegar afmæliskökur og gefur hér uppskrift að dýrindis sjóræningjaköku. „Ég hélt nýlega sjóræningjaafmæli þar sem allir voru klæddir eins og sjóræningjar og meira að segja afi líka,“ segir hún og hlær. „Þegar krakkarnir eiga afmæli velja þau hvers konar köku þau vilja og í þetta sinn varð sjóræninginn fyrir valinu. Þá baka ég venjulega súkkulaði köku í kringlóttu formi og sker hana í tvennt með tvinna svo ég hafi meiri flöt til að vinna úr. Svo sker ég kökuna með hníf og móta líkamshlutana og púsla þeim saman eins og formið á að vera,“ segir Margrét einbeitt og greinilegt að hún er enginn nýgræðingur í faginu.

„Svo bý ég til kremið og þek alla kökuna með því, öll samskeyti og allar hliðar. Það er fínt að nota bara góðan hníf í það. Þegar því er lokið hefst aðalfjörið því þá skreytum við. Þá erum við búin að byrgja okkur upp af nammi sem notað er í skreytinguna og síðast fórum við í búð þar sem var svona „bland í poka“-standur. Þar völdum við nammið eftir litum og svo hófst skreytingin. Það er óskaplega gaman að leyfa krökkunum að taka þátt í þessu,“ segir Margrét og bætir við að kökurnar hafi vakið mikla lukku hjá yngri kynslóðinni. „Sjóræningjakakan varð þó fyrir því óhappi að hún hrundi í gólfið rétt áður en hún var borin fram í afmælinu. Vinkona mín púslaði henni saman og ég held að það hafi enginn tekið eftir því hversu krambúleraður sjóræninginn var.“

**KAKA:**
**250 gr hveiti**
**1 tsk lyftiduft**
**1/2 tsk matarsódi**
**1 tsk salt**
**4 msk kakó**
**300 gr sykur**
**125 gr smjörlíki**
**2 1/2 dl mjólk**
**2 egg**

**KREM:**
**10 dl flórsykur**
**4 msk kakó**
**4 msk brætt smjör**
**sjóðandi vatn eftir þörfum**



**MARGRÉT KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR** Söngkonan knáa valdi að deila uppskrift að dýrindis sjóræningjaköku með lesendum.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hrærið saman smjörlíki og sykur. Bætið eggjunum út í og hrærið vel. Blandið saman þurrefnum í skál og bætið þeim út í smátt og smátt um leið og mjólkinni er hellt út í. Hellið í vel smurt, stórt kringlótt form og bakið neðst í ofni við 175° í um 40 mínútur. Þegar kakan er tilbúin, látið hana kólna. Kljúfið í tvennt með tvinna eftir henni endilangri. Skerið svo formin út með hníf og leggið fígúruna á stóra plötu. Púslið fígúrunni saman og þekið með kreminu á öllum hliðum og samskeytum. Skreytið eftir vild.

hilda@frettabladid.is

# Wine Spectator velur 100 bestu vínin



Víntímaritið Wine Spectator velur árlega 100 bestu vínin að mati vínrýna tímaritsins. Listans er ævinlega beðið með nokkurri eftirvæntingu enda hefur hann mikil áhrif á sölu þeirra vínframleiðenda sem eru svo heppnir að komast á listann. Listinn fyrir 2005 vakti nokkra athygli fyrir þá slagsíðu amerískra vína sem er á honum, en Kalifornía er ótvíræður sigurvegari þetta árið með 24 vín á listanum. Fjögur vín frá Oregon komast á listann og tvö frá Washington. Vagga vínmenningarinnar, Frakkland, kemur næst með 20 vín og Ítalía með 15 en Spánn er sem dvergur með aðeins sex vín.

Efst á lista trónir vínið Insignia frá Joseph Phelps. Meðalverð vínanna á topp 100 er um 4000 kr. en vínin á topp 10 eru flest dýrari, kosta að meðaltali um 10.000 kr. Afar fá toppvínanna fást hérlendis, Joseph Phelps fékkst hér fyrir nokkrum árum en er ekki lengur á markaði. Brunello di Montalcino frá Castello Banfi er eina topp 10 vínið sem fæst almennt í vínbúðum en einnig er hægt að sérpanta fleiri vín. Château d'Yquem er á sérlista og Puente Alto Don Melchor frá Concha y Toro fæst á betri veitingahúsum.

# FOOD N' FUN: *Áströlsk vín áberandi*

Matarhátíðin mikla Food n´ Fun hefst á miðvikudaginn í næstu viku og stendur í fimm daga. Þá tjalda betri veitingastaðir borgarinnar öllu til og erlendir gestakokkar í samstarfi við innlenda kollega sína töfra fram þríréttaðan matseðil á ákaflega hagstæðu verði, eða 5.400 kr. Boðið verður upp á sérstakan vínlista á veitingastöðunum og þar verða áströlsk vín frá Wolf Blass, Penfolds og Rosemount áberandi.

Á þeim 40 árum sem Wolf Blass hefur framleitt vín í Ástralíu, hefur fyrirtækið fengið meira en þrjúþúsund verðlaun fyrir vín sín. Víngerðarmaðurinn Wolfgang Blass flúði frá Austur-Þýskalandi til Ástralíu og stofnaði víngerðahúsið 1966. Hann stofnaði sitt eigið vínhús á tímum þegar ekki var vaninn að einstaklingar ættu sín eigin hús og hóf vínrækt og framleiðslu í Barossa Valley og Coonawarra. Wolf Blass Yellow Label Cabernet Sauvignon er kröftugt og þétt, eins og skapað fyrir lambakjötið okkar, en er ekki síðra með nautakjöti eða dökku fuglakjöti.

Enski læknirinn Henry Lindeman hóf víngerð í Hunter-dalnum í Nýja Suður-Wales í Ástralíu snemma á 19. öld. Lindemans er stærsta vínhús Ástralíu, framleiðir einnig Rosemount, Penfolds og fleiri gæðavín. Vínframleiðsla Penfolds hófst árið 1844 og hefur sú framleiðsla skilað fyrirtækinu eftirsóttustu verðlaunum sem hægt er að fá í vínheiminum. Penfolds bin 389 sem verður í boðstólum á Food n' Fun er blanda úr cabernet sauvignon og shiraz.

Vínin frá Rosemount eru einhver þau söluhæstu hérlendis. Rosemount Estate Epicurean Collection Traditional Cabernet Sauvignon er eitt besta vín þeirra, klassísk Bordeaux blanda. Árið 2002 hlaut vínið verðlaunin Jimmy Watson Memorial Trophy á Royal Melbourne Wine Show.




## VEITINGASTAÐURINN

**Á NÆSTU GRÖSUM**
SUÐURLANDSBRAUT 52, 108 REYKJAVÍK.



## *Fljótlegur og freistandi*

**Hvernig er stemningin:** Það er fljótlegt og þægilegt að koma við á veitingastaðnum Á næstu grösum á Suðurlandsbraut en staðurinn er „take away" staður þótt það sé hægt að tylla sér niður ef mann langar til. Staðurinn er laus við allt óþarfa prjál og sérlega snyrtilegur í alla staði. Staðurinn er vinsæll í hádeginu enda hressandi að fá sér göngutúr fyrir þá sem vinna í nágrenninu. Þetta er tilvalinn staður fyrir alla sem elska grænmetisfæði en líka fyrir þá sem eru að byrja að feta grænu línuna.

**Matseðillinn:** Á boðstólum hjá Á næstu grösum er fæði úr jurtaríkinu. Boðið er upp á fyrsta flokks grænmetisrétti þar sem hráefni er meðhöndlað og matreitt með það að leiðarljósi að næringarefni glatist ekki við eldamennskuna. Hráefnið sem notað er í réttina er flest lífrænt. Á næstu grösum notar engan sykur, ekkert ger og engin bragðaukandi krydd. Með matnum er boðið upp á hummus, ávaxtachutney og olíur. Boðið er upp á grænmetislasagna, pítsusneiðar, salat og súpur dagsins. Einnig er boðið upp á tortillur og grænmetisbökur. Allir sælkerar ættu að leyfa sér þann munað að panta súkkulaðikökuna, hún er alger dásemd.

**Réttur dagsins:** Boðið er upp á rétt dagsins sem er mismunandi frá degi til dags. Hægt er að velja milli tveggja rétta og meðlæti með.

MARKAÐURINN
Sögurnar, tölurnar, fólkið.
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

SKÓSPRENGJAN
SÍÐUSTU DAGARNIR UM HELGINA
DÖMUSKÓR - HERRASKÓR - BARNASKÓR
LÁGMARK
50%
AFSLÁTTUR!
PETER KAISER ecco ara LLOYD ZINDA
* HÖFUM FYLLT Á HILLURNAR
* NÝTT KORTATÍMABIL
EUROCARD MasterCard VISA
Toppskórinn
Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109




OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18, LAU. 10 - 16

*„Everybody be cool. You be cool.“*

-George Clooney er svalur og hefur aldrei verið svalari en í From Dusk till Dawn þar sem hann krafðist þess að allir færu að dæmi sínu.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Kommúnistaveiðar og blóðsugudráp

**Kvikmyndahúsin í Reykjavík frumsýna fjórar ólíkar myndir um helgina. Tvær þeirra, Good Night, and Good Luck og Transamerica, blanda sér í kapphlaupið um óskarsverðlaunin.**

Það er leikarinn George Clooney sem er allt í öllu í Good Night, and Good Luck sem hefur vakið mikla athygli og fengið mikið lof gagnrýnenda. Hér segir frá baráttu sjónvarpsfréttamannsins Edwards R. Murrow og kommúnistaveiðarans Josephs McCarthy, en sá fyrrnefndi reyndi að fletta ofan af annarlegum tilgangi McCarthys í kommúnistaofsóknum sínum og var fyrir vikið stimplaður kommi.

Clooney leikstýrir myndinni, er einn handritshöfunda og fer með veigamikið hlutverk en David Strathairn leikur Murrow og hefur uppskorið óskarsverðlaunatilnefningu fyrir vikið. Myndin er alls tilnefnd til sex óskarsverðlauna en auk Strathairns á hún meðal annars möguleika á verðlaunum sem besta myndin, fyrir bestu leikstjórn og besta handrit.

Felicity Huffman, sem leikur Lynette Scavo í Desperate Housewives, er tilnefnd til óskarsverðlauna sem besta leikkonan fyrir frammistöðu sína í Transamerica. Hún leikur kynskipting sem er einni aðgerð frá því að breytast endanlega úr karli í konu. Hún vinnur baki brotnu til þess að nurla saman fyrir lokaaðgerðinni þegar ungur maður hefur samband við hana og er í leit að föður sínum. Það kemur á daginn að hún hafði getið drenginn þegar hún var enn karlmaður án þess að hafa hugmynd um það og ákveður því að losa drenginn úr varðhaldi. Hún vill þó ekki viðurkenna að hún sé faðir drengsins og við það flækjast samskipti þeirra umtalsvert.

Kyntröllið Casanova þarf vart að kynna en í nýrri mynd Lasse Hallström um kappann lendir hann í kreppu þegar hann verður fyrir því að ung kona hafnar honum. Þessu á okkar maður ekki að venjast og leggur því allt í sölurnar til þess að ná ástum stúlkunnar sem dirfðist að fúlsa við sjálfum Casanova. Heath Ledger leikur Casanova en fyrrum kærasta helsta Casanova samtímans, sjálfs Jude Law, leikur stelpuna sem bítur ekki á ryðgaðan öngul.

Það gustaði af Kate Beckinsale í svartleðruðu vampírunni Selenu í Underworld en þar barðist hún við harðsnúið varúlfakyn. Hún er mætt aftur til leiks í Underworld Evolution en þarf nú að takast á við blóðsugubræður sína sem vilja koma henni fyrir kattarnef. Hún reynir því að ná eyrum blóðsugukonungsins Marcusar til að biðjast griða um leið og hún glímir við forboðna ást sína á Michael en í æðum hans rennur varúlfablóð. ■



**KATE BECKINSALE** Snýr aftur sem vampíran Selena í Underworld Evolution og þarf nú bæði að berjast við blóðsugur og varúlfa auk þess sem hún glímir við forboðna ást.



**GEORGE CLOONEY** Kemur víða við sögu í Good Night and Good Luck sem er líkleg til afreka á óskarsverðlaunahátíðinni í mars.

NASA
LAUGARD. 18. FEB. 2006
PAPAR
PAPAR
LAUGARDAGS KVÖLD
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
MIÐAVERÐ 1000 KR.
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

CONCERT KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ RÁS 2:
LIFANDI GOÐSÖGN ÚR TÓNLISTARSÖGUNNI
RAY DAVIES ON TOUR
CONCERT
RÁS 2
RAY DAVIES
In Concert
HÁSKÓLABÍÓI
14. APRÍL 2006
Örfáir miðar enn óseldir!
TAKMARKAÐ MAGN MIÐA
MasterCard
20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með Mastercard á forsöludegi Mastercard
Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef Tilboðsklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/tilbodsklubbur
FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.CONCERT.IS OG WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR
CONCERT



# Stórútsölu-markaður

## Hundruðir kvikmynda- og tónlistartitla á ótrúlegu verði!

Úrval geisladiska á **99 kr**

Allar VHS myndir á **499 kr**

Úrval DVD mynda á **899 kr**

Fjöldi tónlistar DVD á **999 kr**




Gildir til 22. febrúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*








# Bestu lögin á DVD

Komnir eru út tveir tvöfaldir DVD-mynddiskar með frægustu vinningslögum Eurovision-keppninnar auk laga sem hafa ekki unnið en hafa samt náð vinsældum.

Allar upptökurnar eru úr upprunalegu keppnunum. Fyrri DVD-diskurinn inniheldur lög frá árunum 1956 til 1980 en sá síðari lög frá 1981 til 2000. Á meðal laga á diskunum eru Congratulations með Cliff Richard, Volare með Domenico Modugno, Hold Me Now með Johnny Logan, J'aime la vie með Söndru Kim og Fly on the Wings of Love með Olsen-bræðrum. ■



**OLSEN-BRÆÐUR** Dönsku Olsen-bræðurnir vöktu mikla lukku með laginu Fly on the Wings of Love.










HÁDEGISBÍÓ
400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI
STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is




**ÁLFABAKKI**

| | | |
|---|---|---|
| NORTH COUNTRY | KL. 5:15-8-10:40 | B.I. 12 |
| BAMBI 2 | KL. 4-6 | |
| BAMBI 2 VIP | KL. 4-6 | |
| DERAILED | KL. 8-10:20 | B.I. 16 |
| DERAILED VIP | KL. 8-10:20 | |
| MUNICH | KL. 9:15 | B.I. 16 |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 8 | |
| OLIVER TWIST | KL. 4-6:30 | B.I. 12 |
| RUMOR HAS IT | KL. 10:40 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5 | |
| KING KONG | KL. 8 | B.I. 12 |
| HARRY POTTER & ELDBIKARINN | KL. 5 | B.I. 10 |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| DERAILED | KL. 8-10:10 | B.I. 16 |
| FUN WITH DICK & JANE | KL. 8 | |
| JARHEAD | KL. 10 | |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 6 | |
| DERAILED | KL. 8-10:10 | B.I. 16 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 6 | B.I. 16 |
| MARCH OF THE PENGUINS | KL. 8-10 | B.I. 12 |

**KRINGLAN**

| | | |
|---|---|---|
| DERAILED | KL. 6-8:15-10:30 | B.I. 16 |
| BAMBI 2 | KL. 12-2-4-6 | |
| MUNICH | KL. 6-8:15-10 | B.I. 16 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 12-3 | |
| HARRY POTTER & ELDBIKARINN | KL. 12-3 | B.I. 10 |

**HÁSKÓLABÍÓ**

| | | |
|---|---|---|
| NORTH COUNTRY | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 12 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 6 | |
| MUNICH | KL. 5:50-9 | B.I. 16 |
| CACHÉ | KL. 8-10:30 | B.I. 16 |
| PRIDE & PREJUD. | KL. 5:30-8-10:30 | |
| HARRY POTTER OG ELDB. | KL. 5:15 | B.I. 10 |
| CRASH | KL. 8-10:20 | B.I. 16 |

SAMBÍÓIN
Háskólabíó
ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170




**DET BETALES** Norska sveitin þykir með þeim betri í heiminum sem spila lög Bítlanna.

# Bítlasveit á Broadway

Norska hljómsveitin Det Betales heldur tónleika á Broadway á laugardag. Det Betales er talin ein allra besta Bítlalagahljómsveit í heimi og er árlegur gestur á Bítlahátíðinni í Liverpool.

Auk heimaborgar Bítlanna hefur sveitin troðið upp um víða veröld, til að mynda í Þýskalandi, Spáni og Argentínu.

Hljómsveitin Hunang hitar upp á Broadway. Húsið verður opnað á miðnætti og stígur Det Betales á svið klukkan eitt. Miðaverð er 1.850 krónur auk miðagjalds og fer miðasala fram á midi.is, í verslunum Skífunnar, í BT Akureyri og Selfossi, auk Broadway.

# Kosningin gengur vel

Fréttablaðið stendur um þessar mundir fyrir kosningu um hvaða lag sé besta framlagið okkar til Eurovision-keppninnar í tilefni af því að á laugardaginn getur þjóðin valið framlag sitt til keppninnar í Grikklandi í sumar.

Viðtökurnar hafa verið vonum framar en í gær höfðu hátt á annað þúsund manns kosið. Það er ljóst að hverjum þykir sinn fugl fagur en nokkur lög eru þegar farin að skera sig úr og því ljóst að það verður hörð barátta fram á síðasta dag.

Úrslitin verða kunngjörð á laugardaginn í aukablaði um keppnina sem fylgir Fréttablaðinu en þar kennir margra grasa. Þátttakendur geta átt von á því að vera dregnir út og munu hinir heppnu hljóta vinning frá Senu.



**NÍNU-GENGIÐ** Ekkert er gefið upp um gengi einstakra laga en það er ljóst að lagið Nína á eflaust eftir að skipa sér í efstu sætin.



**CRUISE OG HOLMES** Leikaraparið er ekki að hætta saman þrátt fyrir fregnir þess efnis.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Engin sambandsslit

Talsmaður Tom Cruise og Katie Holmes hefur vísað því algerlega á bug að þau séu að hætta saman. Samkvæmt frétt í tímaritinu Life & Style ætla þau að búa saman þangað til barnið þeirra fæðist. Eftir það munu þau hætta öllum leikaraskapnum og fara hvort í sína áttina í sumar. Cruise er sagður ætla að kaupa hús handa Holmes skammt frá sínu svo hann geti tekið þátt í að ala upp barnið.

„Þrátt fyrir illgjarnan fréttaflutning Life & Style hlakkar parið til að lifa hamingjuríku lífi saman sem ein fjölskylda,“ sagði talsmaðurinn.

Holmes, sem er 27 ára, og hinn 43 ára Cruise hafa verið trúlofuð síðan í júní í fyrra. Talsmaður tímaritsins segist standa fast við fréttina. Segir hann að heimildarmennirnir séu tveir ónefndir vinir Cruise.





## KR mætir Krylia í dag

KR mætir rússneska félaginu Krylia Sovetov í æfingaleik á La Manga á Spáni í dag en leikinn ber upp á 107. afmælisdag KR. Með Krylia leikur meðal annars Andrey Kanchelskis sem gerði garðinn frægann með Manchester United á árum áður. Leikurinn hefst klukkan 17.00 og verður lýst í KR útvarpinu á tíðninni FM 98,3.

# sport

sport@frettabladid.is

ÍSLENSKI HÓPURINN HEFUR ÞAÐ GOTT Á VETRARÓLYMPÍULEIKUNUM Í TÓRÍNÓ:

## *Lifa í vellystingum í Tórínó*

Íslenski hópurinn sem keppir á Vetrarólympíuleikunum á Ítalíu lifir í vellystingum á staðnum samkvæmt Guðmundi Jakobssyni aðalfararstjóra hópsins. „Hér er allt til fyrirmyndar í alla staði, við erum í fljúgandi gír og mjög ánægð með lífið hérna í Sestriere," sagði Guðmundur við Fréttablaðið í gær þegar hópurinn var að fagna glæsilegum árangri Dagnýjar Lindu Kristjánsdóttur sem náði 23. sæti í brunkeppninni.

„Það er mikið álag á keppendurnar, sérstaklega eftir brunið þar sem þung högg leggjast á keppendur en lífið hér gengur mjög mikið út á æfingar. Við vöknum fyrir sex á morgnana og erum komin í fjallið um átta. Eftir æfingar dagsins fer hópurinn og hjólar aðeins áður en sjúkraþjálfararnir taka við og nudda þreytuna úr hópnum og gera menn tilbúna í slaginn á ný," sagði Guðmundur og bætti við að Sestriere væri í 1800 metra hæð og því væri nauðsynlegt að fara aðeins niður til Tórínó til að jafna sig á loftlagsbreytingunni.

Keppnisaðstaðan er eins og búast mátti við, öll hin glæsilegasta fyrir íslenska hópinn. „Brekkurnar eru virkilega góðar og þannig úr garði gerðar að það skiptir ekki höfuðmáli hvar þú ert í rásröðinni eins og stundum er þar sem brautin breytist lítið sem ekkert á milli keppanda sem er virkilega mikill kostur," sagði Guðmundu,r en liðið býr vel á hóteli í Sestriere.

„Við erum í lokuðu umhverfi á mjög góðu hóteli. Stærri liðin eru svo í sérstöku þorpi sem var byggt fyrir leikana en það er í Tórínó og ég hef eitthvað heyrt af því að menn séu að kvarta undan aðstæðum þar en það er annað uppi á teningnum hjá okkur. Maturinn er mjög fjölbreyttur og góður eins og Ítölunum sæmir og því lifum við hér í vellystingum auk þess sem það tekur okkur aðeins fimm mínútur að komast út í brekkuna sem munar öllu fyrir keppendurnar," sagði Guðmundur að lokum, en bætti við að allur hópurinn væri mjög þéttur og samstilltur og hefði það einstaklega gott á leikunum.



### > Auðun meiddur

Það vakti athygli margra að Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari skyldi ekki velja Auðun Helgason, fyrirliða FH, í landsliðshóp sinn en Auðun lék frábærlega með landsliðinu og FH á síðasta ári. Að sögn Ólafs Jóhannessonar, þjálfara FH, er Auðun meiddur á hné og getur ekki leikið næstu þrjár vikurnar og þar af leiðandi kom hann aldrei til greina í landsliðshóp Eyjólfs.



Nýr heimslisti FIFA:

## Ísland fellur um eitt sæti

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið í knattspyrnu fellur um eitt sæti á nýjum styrkleikalista FIFA sem birtur var í gær. Liðið nálgast óðum 100. sæti á listanum en Ísland er í 96. sæti, á undan Úganda en á eftir Sýrlandi. Fimm efstu þjóðirnar eru sem fyrr Brasilía, Tékkland, Holland, Argentína og Frakkland en Spánverjar sem eru með Íslandi í riðli í undankeppni EM eru í sjötta sæti.

Af öðrum þjóðum sem eru með Íslendingum í riðli í undankeppni EM eru Danir og Svíar í fjórtánda og fimmtánda sæti, Lettar í 67. sæti, Norður-Írar í því 102. og Liechtenstein er neðst, situr í 124. sæti.

Trínidad og Tóbagó sem Ísland mætir í vináttulandsleik í lok febrúar er í 51. sæti listans og fellur um eitt sæti.

- hþh

Branislav Milicevic:

## Kominn til Keflavíkur

**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn Branislav Milicevic er loksins kominn til Keflavíkur eftir langa bið en nokkurn tíma hefur tekið að fá atvinnuleyfi fyrir leikmanninn og þarf staðfestingu frá KSÍ á því að leikmaðurinn sé í raun knattspyrnumaður því fjölmargir virðast sækja um atvinnuleyfi á þeim forsendum að þeir séu knattspyrnumenn að því er fram kemur á heimasíðu Keflavíkur.

Þar með er nánast komin endanleg mynd á leikmannahóp Keflavíkur fyrir sumarið en Buddy Farah kemur í lok mars eða byrjun apríl og Bandaríkjamaðurinn Geoff Miles verður síðan til reynslu hjá félaginu í lok vikunnar en hann er Bandaríkjamaður sem lék með Haukum.

- hbg

# Flestir leikmenn vilja fá Alfreð

**Stærstur hluti þeirra leikmanna sem leikið hafa með landsliðinu í handbolta síðasta ár vill sjá Alfreð Gíslason sem næsta þjálfara liðsins. Geir Sveinsson er næstur á óskalista leikmanna og Júlíus Jónasson þriðji.**

**HANDBOLTI** 11 af þeim 30 leikmönnum sem myndað hafa kjarna íslenska landsliðsins í handbolta undanfarið ár vilja helst sjá Alfreð Gíslason, fyrrum þjálfara Magdeburg og verðandi þjálfara Gummersbach í Þýskalandi, taka við landsliðinu af Viggó Sigurðssyni, sem nýlega sagði upp störfum. Þetta eru niðurstöður könnunar sem Fréttablaðið gerði í vikunni.

Sjö leikmenn vildu helst að Geir Sveinsson yrði næsti landsliðsþjálfari og fimm vildu að Júlíus Jónasson tæki við liðinu. Þessir þrír höfðu nokkra yfirburði í vali landsliðsmannana, en tveir leikmenn vildu fá Dag Sigurðsson, einn vildi fá Atla Hilmarsson og einn vildi að allt yrði gert til að halda í Viggó Sigurðsson. Tveir af þeim leikmönnum sem rætt var við kusu að deila ekki skoðun sinni og einn hafði ekki skoðun á málinu.

Könnunin var gerð á þann veg að haft var samband við þá 30 leikmenn sem spiluðu flesta landsleiki á síðasta ári og þeir spurðir: „Hvern viltu sjá sem næsta landsliðsþjálfara?" Gerð var krafa um aðeins eitt nafn á þjálfara og var valið ekki takmarkað að neinu leyti, þ.e. velja mátti hvern sem er í starfið. Fullri nafnleynd var lofað og því er ekki opinberað hvaða þjálfara hver og einn leikmaður vill sjá taka við landsliðinu.

Athygli vakti að margir leikmanna landsliðsins vilja helst að það verði teymi tveggja þjálfara sem stjórni liðinu. Þannig töldu fimm leikmenn að Geir Sveinsson og Dagur Sigurðsson yrðu best til þess fallnir að taka við liðinu saman. Helstu rökin sem helst voru nefnd í því samhengi var að þar fara tveir fyrrum leikmenn sem hvor hefur sínar áherslur í íþróttinni og myndu bæta hvor annan upp að því leyti. Ekki virðist mikið traust vera borið til Dags sem eina þjálfara liðsins, en eins og áður segir vilja aðeins tveir leikmenn sjá hann sem næsta þjálfara. Fjórir leikmenn vildu sjá Geir mynda þjálfarateymi landsliðsins með Júlíusi og einn vildi að Dagur og Júlíus tækju saman við liðinu.

Leiða má líkur að því að Alfreð hefði fengið fleiri atkvæði í könnuninni en raun ber vitni hefði starfslokum hans hjá Magdeburg verið öðruvísi háttað. Nokkrir aðspurðra töldu Alfreð ekki raunhæfan valkost vegna samninga hans við Magdeburg og Gummersbach og völdu því að eigin frumkvæði annan þjálfara í hans stað – þjálfara sem HSÍ ætti raunhæfan möguleika á að ráða. Könnunin var hins vegar gerð áður en Fréttablaðið sagði frá því í gær að Alfreð væri að vinna í því að fá starfslokasamning hjá Magdeburg til þess að hann ætti mögulega kost á því að taka við íslenska landsliðinu. Það má því ætla sem svo að Alfreð hefði verið með mun meiri yfirburði í kjörinu hefðu sumir aðspurðra leikmanna ekki útilokað hann að fyrra bragði.

vignir@frettabladid.is



**ALFREÐ GÍSLASON** Var í fyrstu ekki talinn raunhæfur kostur fyrir HSÍ en er nú að skoða möguleikana á því að gera starfslokasamning við Magdeburg. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**ATKVÆÐI ÞJÁLFARA**

| | |
|---|---|
| Alfreð Gíslason | 11 |
| **Geir Sveinsson** | **7** |
| Júlíus Jónasson | 5 |
| **Dagur Sigurðsson** | **2** |
| Atli Hilmarsson | 1 |
| **Viggó Sigurðsson** | **1** |

**Tveir leikmenn vildu ekki segja sína skoðun og einn leikmaður hafði ekki skoðun.*



**LANDSLIÐSMENNIRNIR** Hafa langflestir sterkar skoðanir á því hvern þeir vilja fá sem næsta þjálfara sinn. Alfreð Gíslason er efstur á óskalista flestra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




Handknattleikssamband Evrópu rannsakar meint svik Serba gegn Króötum:

## Alveg skelfilegt ef satt reynist

**HANDBOLTI** Kjartan Steinbach, fyrrverandi formaður dómaranefndar evrópska handknattleikssambandsins, EHF, segir að menn hjá sambandinu líti ummæli serbnesku leikmannanna, sem héldu því fram að þeim hefði verið skipað að tapa gegn Króötum af þjálfara serbneska liðsins, Veselin Vujovic, og forráðamönnum serbneska handboltasambandsins, mjög alvarlegum augum.

„Ég hafði samband við félaga mína hjá sambandinu í morgun og þeir sögðust vera að rannsaka málið. Það verður áhugavert að sjá til hvaða bragðs þeir taka því ég man ekki eftir neinum reglugerðum sem taka á slíku athæfi," sagði Kjartan sem hefur staðið lengi í eldlínunni og séð ýmislegt en hann man ekki eftir álíka uppákomu. „Þetta er alveg skelfilegt ef satt reynist og maður hallast að því að svo sé því ekki fara þessir menn að ljúga upp á sjálfa sig." Það var markvörðurinn Arpad Sterbik, sem leikur með Ólafi Stefánssyni hjá Ciudad Real, sem leysti frá skjóðunni og þeir eru fáir sem efast um sannleiksgildi orða hans.

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, sagði að engin ákvörðun hefði verið tekin af hálfu HSÍ hvernig bregðast ætti við þessum fréttum. „Málið er mjög alvarlegt og við munum fylgjast með framgöngu þess áður en við tökum ákvörðun um framhaldið," sagði Einar. - hbg



**LEIKURINN UMDEILDI** Serbinn Arpad Sterbik, sem greindi frá gjörðum þjálfara síns, sést hér að verja víti í leiknum umdeilda sem fram fór í St. Gallen. NORDICPHOTOS/AFP



**NICKU BUTT** Sektaður um níu milljónir króna. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Nicky Butt hjá Birmingham:

# Fékk háa sekt

**FÓTBOLTI** Nicky Butt, miðjumaður Birmingham, hefur verið sektaður af félaginu um 80. þúsund pund, eða því sem nemur tveggja vikna launum leikmannsins. Butt fór rakleiðis heim til sín eftir að honum var tjáð að hann yrði ekki í liðinu gegn West Ham sem Birmingham tapaði 3-0.

Butt baðst afsökunar á framferði sínu en sá sem kom í liðið í staðinn fyrir Butt var sonur Steve Bruce stjóra liðsins, Alex. Það var Butt engan veginn sáttur við og þvertók fyrir það að sitja á bekknum, eitthvað sem reitti Bruce mjög til reiði. „Nicky bað ekki um leyfi til að fara heldur ákvað hann sjálfur að pakka sínu hafurtaski og halda heim á leið. Alex leysti miðjustöðuna hjá okkur en ég býst ekki við því að það hafi haft einhver áhrif á ákvörðunina hjá Nicky,“ sagði Bruce sem vill nú gleyma málinu sem fyrst og einbeita sér að deildinni. - hþh

Dagný Linda Kristjánsdóttir náði 23. sæti í bruni á ólympíuleikunum í Tórínó:

# Einn besti árangur Íslendings á ÓL

**SKÍÐI** Dagný Linda Kristjánsdóttir náði 23. sæti í bruni á Vetrarólympíuleikunum í Tórínó í gær en hún var 2,94 sekúndum á eftir Michaelu Dorfmeister frá Austurríki sem varð ólympíumeistari. Þetta er einn besti árangur sem Íslendingur hefur náð á vetrarólympíuleikum frá upphafi en aðeins fimm keppendur hafa gert betur.

Það voru Eysteinn Þórðarsson, 17. sæti í svigi og Kristinn Benediktsson í 23. sæti í Squaw Valley árið 1960, Steinunn Sæmundsdóttir í 16. sæti í svigi í Innsbruck 1976, Ásta S. Halldórsdóttir í 20. sæti í svigi og 23. sæti í stórsvigi í Lillehammer 1994 og Kristinn Björnsson í 22. sæti í svigi í Salt Lake árið 2002.

„Ég er alveg í skýjunum með þennan árangur. Eftir erfið meiðsli og erfiðan vetur átti ég alls ekki von á þessu,“ sagði Dagný í sigurvímu við Fréttablaðið í gær en mikil kátína ríkti í íslenska hópnum yfir árangri Dagnýjar.

„Ég var að gera miklu betur í keppninni sjálfri en á æfingunum en það má alltaf bæta sig, maður á aldrei fullkomna ferð en þetta gekk mun betur en ég átti von á. Eftir æfingaferðirnar taldi ég að í kringum þrítugasta sæti yrði mjög ásættanlegt en þessi árangur er alveg stórkostlegur, ég gerði mitt besta og uppskar eftir því,“ sagði Dagný sem tekur sér frí í dag en keppir í tvíkeppni á morgun en það er sameiginlegur árangur í bruni og svigi.

„Ég ætla að taka hinn sanna ólympíuanda á þetta og vera bara með. Ég vona að ég geti keyrt brunið ágætlega en ég get sagt það hreint út að ég á enga möguleika í sviginu,“ sagði Dagný en brunið er hennar besta grein.

„Ég fer sátt frá ólympíuleikunum sama hvernig framhaldið verður, svo glöð er ég yfir þessum árangri,“ sagði Dagný brosandi allan hringinn að lokum. - hþh



**DAGNÝ LINDA KRISTJÁNSDÓTTIR** Sést hér á fleygiferð í brautinni í Torínó í gær. Árangur Dagnýjar var einn sá besti sem Íslendingur hefur náð í sögunni á ólympíuleikum. MYND/GUÐMUNDUR JAKOBSSON

Alan Shearer er ákveðinn í að hætta eftir tímabilið:

# Fær kveðjuleik gegn Celtic eftir tímabilið

**FÓTBOLTI** Alan Shearer, fyrirliði Newcastle, fær góðgerðarleik frá klúbbnum sem hann hefur nú þjónað í tíu ár. Shearer kom til Newcastle frá Blackburn þar sem hann varð enskur meistari en góðgerðarleikurinn fer fram á St. James Park þann 11. maí en Skosku risarnir í Celtic verða andstæðingar úrvalsliðs Newcastle sem Shearer velur.

„Ég hef uppfyllt æskudrauminn minn, ég er búinn að spila frammi fyrir dyggustu stuðningsmönnum í heimi, verið fyrirliði enska landsliðsins, spilað fyrir liðið sem ég studdi sem strákur og bætt markaskorunarmet goðsagnar á Tyneside,“ sagði Shearer en hann bætti markamet Jackies Milburn um eitt mark og eru mörk hans fyrir félögin orðin 201 talsins.

„Núna fæ ég tækifæri til að kveðja stuðningsmennina almennilega sem hafa stutt mig í gegnum ferilinn,“ bætti Shearer við en búist er við því að ein milljón króna safnist í kringum leikinn en allur ágóði rennur óskertur til góðgerðarmála. - hþh



**ALAN SHEARER** Er fyrir löngu orðin goðsögn hjá Newcastle en er harðákveðinn í að hætta eftir núverandi leiktíð. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES


# Námskeið

## íþróttalæknisfræði

**Fimmtudaginn 2. mars til laugardagsins 4. mars 2006**

Heilbrigðisráð ÍSÍ og Ólympíusamhjálpin

Námskeið Heilbrigðisráðs ÍSÍ eru hugsuð fyrir lækna, sjúkraþjálfara og aðrar heilbrigðisstéttir sem og þjálfara og þá aðila sem koma að þjálfun íþróttamanna með einum eða öðrum hætti.

Á þessu námskeiði munu fjölmargir aðilar kynna rannsóknir sínar auk þess sem að fjallað verður um meiðsli í öxlum, áhættuþætti meiðsla í knattspyrnu, meiðsli í hnjám, hjartsláttartruflanir hjá íþróttamönnum o.fl.

**Fyrirlesarar á námskeiðinu**

Ejnar Eriksson • Suzanne Werner • Erlingur Jóhannsson • Viðar Halldórsson • Sveinbjörn Brandsson • Ágúst Kárason • Sólveig Steinþórsdóttir • Árni Árnason • Hjörtur Oddsson • Einar Gylfi Jónsson • Stefán Ólafsson

**Þátttökugjald er kr. 3.000,-**
**Innifalið eru námskeiðsgögn, kvöldverður fimmtudag og föstudag og hádegisverður laugardag**

Dagskrá og frekari upplýsingar má finna á **www.isisport.is**

Hægt að skrá sig í síðasta lagi **föstudaginn 24. febrúar** á heimasíðu ÍSÍ, með því að hringja í síma 514 4000 eða með því að senda tölvupóst á netfangið **namskeid@isisport.is**
Námskeiðið fer fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal




**ROBBIE FOWLER** Biðst afsökunar á markaþurrðinni. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Robbie Fowler:

# Biðst afsökunar á markaleysinu

**FÓTBOLTI** Robbie Fowler, leikmaður Liverpool, hefur beðið stuðningsmenn félagsins afsökunar á því að hafa ekki náð að skora eftir að hann sneri aftur til félagsins. Fowler hefur verið nálægt því að skora fyrir liðið síðan hann kom í frjálsri sölu frá Manchester City í janúar en hann lék með Liverpool frá 1993-2001 og hefur skorað 171 mark fyrir félagið.

„Mér þykir leitt að ég skuli ekki hafa náð að skora enn sem komið er. Á meðan liðið er að vinna er ég sáttur þó ég nái ekki að skora,“ sagði Fowler, sem hefur aðeins vantað herslumuninn upp á að koma boltanum í netið. - hþh


# Jeppadekk 25%-30% AFSLÁTTUR hjá Max1. Komdu strax!



Afsláttarverð pr. stk.

| | |
|---|---|
| **Pro Comp AT** | |
| 315/75 R16 (35") | 18.500 kr. |
| **Mickey Thompson ATZ** | |
| 325/60 R18 (33") | 29.900 kr. |
| 325/65 R18 (35") | 32.900 kr. |
| **Mickey Thompson MTX** | |
| 265/70 R16 (32") | 14.500 kr. |

*Gildir í febrúar á meðan birgðir endast

**Kaupauki til þín**

Komdu við á Max1, Bíldshöfða eða Breiðhöfða í Reykjavík og kauptu fjögur ný jeppadekk á hagstæðu verði. **Með dekkjunum færum við þér veglegan og flottan kaupauka; öflugan 12V rafmagnsfelgulykil að verðmæti 6 þúsund krónur.*** Frábær í jeppann eða bílskúrinn. Komdu strax og náðu í kaupaukann þinn!

Til viðbótar getur þú keypt hjá Max1 Bíldshöfða 8, microskurð og neglingu fyrir dekkin þín - enn betra grip í hálku og snjó. **Nú á tilboði á 4.990 kr.** fyrir hvert dekk.

Rað- og léttgreiðslur

**REYKJAVÍK - MAX1 BÍLAVAKTIN:**
**Bíldshöfða 8**. Símar 515 7097 og 515 7098. Opnunartími virka daga frá kl. 8-18
**Breiðhöfða 1**. Símar 515 7095 og 515 7096. Opnunartími virka daga frá kl. 8-18. Laugardaga 9-13 nema í júní, júlí og ágúst.
**AKUREYRI - MAX1 BÍLAVAKTIN:** Tryggvabraut 5. Sími 462 2700. Opnunartími virka daga frá kl. 8-18

**Forðastu óþægindi. Komdu með bílinn til okkar.**
*Skoðaðu: www.max1.is*

MAX1 BÍLAVAKTIN

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*DHL-deild karla:*

| | |
|---|---|
| HAUKAR-VALUR | 33-28 |

**Mörk Hauka:** Árni Sigtryggson 10, Andri Stefan 10, Kári Kristjánsson 4.
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 10, Jónas Stefánsson 7/2
**Mörk Vals:** Sigurður Eggertsson 6, Davíð Höskuldsson 6, Mohamedi Loutotifi 5.
**Varin skot:** Pálmar Pétursson 13/2, Hlynur Jóhannesson 7.

| | |
|---|---|
| HK-KA | 35-32 |

**Mörk HK:** Tomas Eitutis 9, Elías Már Halldórsson 9, Valdimar Þórsson 7.
**Mörk KA:** Jónatan Magnússon 8, Nikola Jankovic 7, Ólafur Sigurgeirsson 5.

| | |
|---|---|
| ÍR-STJARNAN | 27-27 |

**Mörk ÍR:** Hafsteinn Ingason 6, Tryggvi Haraldsson 6, Ragnar Helgason 5.
**Mörk Stjörnunnar:** Titi Kalandadze 12, Arnar Theódórsson 4, Þórólfur Nielsen 4.

| | |
|---|---|
| ÞÓR AK.-SELFOSS | 33-27 |

**Mörk Þórs:** Arnór Gunnarsson 9, Aigans Lazdins 7, Rúnar Sigtryggsson 6.
**Mörk Selfoss:** Atli Kristinsson 10, Davíð Ágústsson 7, Vladimir Duric 4.

| | |
|---|---|
| VÍK/FJÖ-ÍBV | 34-29 |

**Mörk Vík/Fjö:** Björn Guðmundsson 9, Sverrir Hermannsson 7, Sæþór Fannberg 5, Sveinn Þorgeirsson 5.
**Mörk ÍBV:** Grétar Þór Eyþórsson 7, Michal Dostalik 6, Mladen Cacic 5.

| | |
|---|---|
| AFTURELDING-FRAM | 18-27 |

**Mörk Aftureldingar:** Ernir Hrafn Arnarson 4, Vlad Trufan 3.
**Mörk Fram:** Jóhann G. Einarsson 9, Sergei Serenko 6, Þorri Gunnarsson 5.

| | |
|---|---|
| FH-FYLKIR | 28-27 |

**Mörk FH:** Valur Örn Arnarson 10, Daníel Berg Grétarsson 6, Hjörtur Hinriksson 4.
**Mörk Fylkis:** Heimir Örn Árnason 6, Eymar Kruger 6, Arnar Jón Agnarsson 5.

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FRAM | 16 | 12 | 2 | 2 | 453-407 | 26 |
| **HAUKAR** | **16** | **12** | **1** | **3** | **477-428** | **25** |
| VALUR | 16 | 11 | 1 | 4 | 495-444 | 23 |
| **FYLKIR** | **16** | **8** | **2** | **6** | **441-409** | **18** |
| STJARNAN | 15 | 7 | 4 | 4 | 433-405 | 18 |
| **KA** | **15** | **7** | **3** | **5** | **412-407** | **17** |
| ÍBV | 16 | 7 | 1 | 8 | 472-503 | 15 |
| **AFTURELD.** | **16** | **6** | **2** | **8** | **400-415** | **14** |
| ÍR | 16 | 6 | 2 | 8 | 511-501 | 14 |
| **HK** | **16** | **6** | **2** | **8** | **444-457** | **14** |
| FH | 16 | 6 | 1 | 9 | 444-451 | 13 |
| **ÞÓR** | **16** | **4** | **3** | **9** | **450-473** | **11** |
| SELFOSS | 16 | 3 | 1 | 12 | 428-499 | 7 |
| **VÍK/FJÖ** | **16** | **3** | **1** | **12** | **433-494** | **7** |

*DHL-deild kvenna:*

| | |
|---|---|
| VALUR-FH | 27-26 |

**Mörk Vals:** Ágústa Edda Björnsdóttir 11, Alla Gorgorian 7, Rebekka Skúladóttir 4, Drífa Skúladóttir 4.
**Mörk FH:** Maja Gronbæk 8, Þóra B. Helgadóttir 6, Eva Albrectsen 3.

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| VALUR | 13 | 11 | 0 | 2 | 358-298 | 22 |
| **HAUKAR** | **12** | **10** | **0** | **2** | **374-313** | **20** |
| ÍBV | 12 | 9 | 1 | 2 | 327-277 | 19 |
| **STJARNAN** | **12** | **8** | **1** | **3** | **312-271** | **17** |

*Evrópukeppni félagsliða:*

| | |
|---|---|
| L. LOVECH-STRASBOURG | 0-2 |
| L. MOSKVA-SEVILLA | 0-1 |
| A. BRATISLAV-L. SOFIA | 0-1 |
| HERTHA BERLIN-R. BUCHAREST | 0-1 |
| BASIL-MÓNAKÓ | 1-0 |
| LILLE-S. DONETSK | 3-2 |
| HEERENVEEN-ST. BÚKAREST | 1-3 |
| ROSENBORG-ZENET | 0-2 |
| SCHALKE-ESPANYOL | 2-1 |
| BOLTON-MARSEILLE | 0-0 |
| UDINESE-LENS | 3-0 |
| CLUB BRUGGE-ROMA | 1-2 |

*Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| BLACKBURN-SUNDERLAND | 2-0 |

1-0 Craig Bellamy (38.), 2-0 Craig Bellamy (63.).

*Enska 1. deildin:*

| | |
|---|---|
| COVENTRY-SHEFF. WED | 2-1 |
| SOUTHAMPTON-PRESTON | 0-0 |

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

**FEBRÚAR**

13 14 15 **16** 17 18 19

**Fimmtudagur**

**SJÓNVARP**

- ☐ 08.55 **Vetrarólympíuleikarnir** á RÚV. Bein útsending.
- ☐ 18.30 **Vetrarólympíuleikarnir** á RÚV. Samantekt.
- ☐ 20.10 **Golf** á Sýn. Inside the PGA
- ☐ 20.35 **Aflraunir** á Sýn. Sterkasti maður heims 2005.
- ☐ 21.55 **Kappakstur** á Sýn. A1 Grand Prix. Umfjöllun um heimsbikarinn.
- ☐ 23.55 **Vetrarólympíuleikarnir** á RÚV. Samantekt (e).

# Glórulaust rautt spjald

**Haukar unnu góðan sigur á Valsmönnum í toppslag DHL-deildar karla í gærkvöldi þar sem dómararnir voru í aðalhlutverki. Fram er sem fyrr á toppnum.**

**HANDBOLTI** „Við horfðum upp á algjörlega ömurlega dómgæslu hér í kvöld,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Valsmanna, eftir að liðið beiðlægri hlut gegn Haukum í toppslag DHL-deildar karla í handbolta sem fram fór í gærkvöldi. Atvikið sem Óskar Bjarni vísar helst til með þessum ummælum sínum átti sér stað strax á 8. mínútu leiksins þegar dómararnir, þeir Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson, vísuðu Baldvini Þorsteinssyni af velli fyrir að fara með höndina í andlit Andra Stefans, leikmanns Hauka. Dómurinn var glórulaus í meira lagi, verðskuldaði hugsanlega tvær mínútur en að gefa Baldvini beint rautt spjald var einfaldlega óskiljanleg ákvörðun hjá dómurunum, sem áttu annars hrikalegan dag og höfðu engin tök á leiknum.

„Þetta var algjört grín og dómgæslan var nánast hlægileg allan leikinn. Þetta er dýrt því það lítur út fyrir að við verðum án Baldvins í leiknum mikilvæga gegn Fram í næstu viku,“ bætti Óskar Bjarni við en Baldvin mun að öllu óbreyttu fá eins leiks bann fyrir að hafa fengið beint rautt spjald.

Fjarvera Baldvins hafði mikil áhrif á Valsliðið og var hans sárt saknað í sóknarleik liðsins. Brottvísunin átti sér stað í stöðunni 4-3 fyrir heimamenn og var gestunum augljóslega brugðið. Haukar náðu í kjölfarið fjögurra marka forystu sem átti eftir að aukast jafnt og þétt það sem eftir lifði hálfleiksins og var staðan 19-13 í hálfleik, heimamönnum í vil.

Valsmenn komu ákveðnir til leiks í síðari hálfleik og minnkuðu muninn jafnt og þétt. Með stífum varnarleik og miklum stuðningi áhorfenda náðu þeir að minnka muninn niður í eitt mark þegar um 15 mínútur voru eftir en þá spýttu heimamenn í lófana á ný og náðu forskoti sem þeir áttu ekki eftir að láta af hendi. Lokatölur urðu 33-28 og halda Haukar því 2. sæti deildarinnar. „Strákarnir sýndu frábæran karakter með því að koma til baka og hefðum við jafnað leikinn tel ég að leikurinn hefði farið á annan veg,“ sagði Óskar Bjarni.

Leikmenn Vals léku flestir langt undir getu framan af leik en allir bættu leik sinn verulega í síðari hálfleik. Sigurður Eggertsson var bestur, skoraði 6 mörk auk þess sem hann átti fjölmargar stoðsendingar. Hjá Haukum áttu áðurnefndur Andri Stefan og Árni Sigtryggson mjög góðan leik og skoruðu 10 mörk hvor.

Fram heldur toppsæti deildarinnar eftir auðveldan sigur á Aftureldingu í Mosfellsbænum, 27-18, en í Austurbergi skildu ÍR og Stjarnan jöfn, 27-27 í hörkuleik. Það var hornarmaðurinn knái Ragnar Helgason sem skoraði jöfnunarmark ÍR þegar um hálf mínúta var eftir af leiknum í gær en heimamenn sluppu með skrekkinn á síðustu sekúndunni þegar þrumuskot Tite Kalandadze hafnaði í þverslánni.

Leikurinn var mjög sveiflukenndur og höfðu heimamenn í ÍR yfirhöndina framan af leik. Leikmenn Stjörnunnar komu grimmir til leiks í síðari hálfleik og náðu fljótlega að snúa leiknum sér í vil. ÍR gafst hins vegar aldrei upp og uppskar sanngjarnt jafntefli á endanum. Gestirnir söknuðu Patreks Jóhannessonar sem lék ekki með í gær en Kalandadze var frábær og skoraði 12 mörk. Þá vakti mikla athygli að Konráð Olavsson lék með Stjörnunni á ný eftir langa fjarveru og virtist í ágætu formi.

**- vig, - hþh.**



**RAUTT SPJALD** Baldvin Þorsteinsson hjá Val trúði varla sínum eigin augum þegar hann fékk að líta rauða spjaldið í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dyggasti aðdáandi Bolton á Englandi er 63 ára gömul kona:

## Hefur ekki misst af leik frá árinu 1959

**FÓTBOLTI** Fáir, ef nokkrir, eru jafn blóðheitir og dyggir stuðningsmenn síns félags en Ruth Crawshaw, 63 ára gömul amma frá Bolton. Crawshaw var valinn stuðningsmaður mánaðarins hjá ensku úrvalsdeildinni í nóvember sl. og þótt fyrr hefði mátt vera – amman hefur ekki misst af deildarleik með Bolton í bráðum 47 ár.

Þeir eru orðnir yfir tvö þúsund talsins, leikirnir sem hún hefur samfellt mætt á með Bolton frá árinu 1959, bæði heima og heiman, og hefur hún á þeim tíma heimsótt um 250 útivelli á Bretlandseyjum og víðar. Að sjálfsögðu fylgir hún liði sínu einnig á Evrópuleikina ytra og á þessari leiktíð einni hefur hún farið til Búlgaríu, Tyrklands og Póllands. Þá sér hún einnig flesta leiki vara- og unglingaliði Bolton.

„Ég hef verið aðdáandi frá því að ég var 15 ára og áhuginn á liðinu fer ekki minnkandi. Liðið hefur sjaldan verið betra og ég skemmti mér konunlega á vellinum í hvert sinn sem ég mæti,“ sagði Crawshaw þegar hún tók við verðlaununum í lok síðasta árs. **- vig**

Manchester United er ekki lengur ríkasta félagslið í heimi:

## Real Madrid býr til mestu peningana

**FÓTBOLTI** Þær staðhæfingar hinna fjölmörgu spekúlanta um að Real Madrid væri ekki lengur knattspyrnufélag með helsta áherslu á fótbolta heldur gróða, fengu byr undir báða vængi í gær þegar upplýst var að spænska stórveldið væri búið að steypa Manchester United af stóli sem ríkasta fótboltafélag heims. Þetta er í fyrsta sinn síðan endurskoðendafyrirtækið Deloitte hóf að reikna út lista ríkustu félaga heims fyrir níu árum sem Man. Utd er ekki í efsta sæti.

Ekki er tekið tillit til auðæfa þeirra sem eiga félögin, heldur aðeins veltu og gróða félaga á síðustu leiktíð. Tekjur Real Madrid jukustu um heil 17% á milli tímabila á síðasta ári þrátt fyrir að árangur liðsins hafi verið einn sá lakasti í áraraðir. Heildargróðinn reyndist vera 328 milljónir dollara en gróði Man. Utd var 293 milljónir dollara. AC Milan er í þriðja sæti með gróða upp á 234 milljón dollara en þar á eftir kemur Juventus með fimm milljónum minna. Chelsea er í 5. sæti listans með tæplega 221 milljón dollara í gróða á síðasta ári.

Í skýrslu Deloitte kemur fram að stærstur hluti gróða Real Madrid sé tilkomin vegna auglýsinga og sölu ýmiss konar varnings en tekjur enskra félaga megi að stærstum hluta rekja til miðasölu á leikjum en tekjur ítalskra félaga stafi fyrst og fremst af sölu á sjónvarpsrétti. Helstu ástæðurnar fyrir minni gróða Man. Utd eru sagðar vera slakur árangur liðsins í meistaradeildinni á síðustu leiktíð og sjónvarpstekjurnar sem félagið varð af í kjölfarið.

Þrjú félög féllu af lista 20 ríkustu félaga í ár – Marseille, Aston Villa og Rangers, en í stað þeirra koma Everton, Lyon og Valencia inn á listann.

**- vig**



**DAVID BECKHAM** Stendur sig kannski ekki vel á vellinum en færir Real Madrid miklar tekjur í gegnum auglýsingar. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

**10 RÍKUSTU FÉLÖGIN**

| FÉLAG | GRÓÐI* |
|---|---|
| 1. Real Madrid | 328 |
| **2. Man. Utd** | **246** |
| 3. AC Milan | 234 |
| **4. Juventus** | **229** |
| 5. Chelsea | 221 |
| **6. Barcelona** | **208** |
| 7. Bayern Munchen | 190 |
| **8. Liverpool** | **181** |
| 9. Inter | 177 |
| **10. Arsenal** | **171** |

* Í milljónum dollara



**GUÐJÓN SKÚLASON** Vera hans á varamannabekk gegn Hamri/Selfossi er búin að kosta Keflavík tvö stig.

Mál Hamars gegn Keflavík:

## Fyrri dómur staðfestur

**KÖRFUBOLTI** Áfrýjunardómstóll KKÍ staðfesti í gær dóm dómstóls KKÍ í máli Hamars/Selfoss gegn Keflavík. Hamar/Selfoss kærði leikinn þar sem Guðjón Skúlason var í leikmannahópi Keflavíkur í leiknum en hann hafði ekki leikheimild.

Dómstóll KKÍ dæmdi því Hamri/Selfossi sigurinn í leiknum en Keflavík áfrýjaði á þeirri forsendu að Guðjón hefði engan þátt tekið í leiknum og þar af leiðandi ekki verið beinn þátttakandi í leiknum. Á þau rök féllst áfrýjunardómstóllinn ekki og dómurinn stendur því óhaggaður. **- hbg**



**ERNIE ELS** Snýr aftur um helgina. NORICPHOTOS/GETTY IMAGES

Nissan-mótið í golfi:

## Els snýr aftur

**GOLF** Suður-afríski kylfingurinn Ernie Els snýr aftur í PGA-mótaröðina eftir átta mánaða fjarveru vegna meiðsla um helgina þegar hann tekur þátt í opna Nissan-mótinu sem fram fer á Riviera-golfvellinum. Allir fimm efstu kylfingarnir á heimslistanum verða með á mótinu en það gerist æ sjaldnar núorðið. Þeir fimm efstu eru auk Els, Tiger Woods, Vijay Singh, Retief Goosen og Phil Mickelson.

Hinn 36 ára gamli Els sleit krossband í fyrra og hefur tekið sér góðan tíma til að ná sér að fullu vegna meiðslanna. Els á von á mikilli samkeppni, þá sérstaklega frá Woods sem hefur sigrað á síðustu þremur mótum sem hann hefur tekið þátt í og er því sjóðheitur um þessar mundir.

Els stefnir á að taka árinu með meiri ró en áður til að einbeita sér heldur að góðum árangri í stórmótunum, en Els keppir iðulega á öllum mótum sem hann kemst á, hvar í heiminum sem þau eru haldin. **- hþh**

Liverpool og Man. Utd. leika:

## Sir Alex getur ekki beðið

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, bíður í ofvæni eftir leiknum gegn Liverpool í FA bikarkeppninni á laugardaginn. Þessir fornu fjendur mætast á Anfield Road og vilja Evrópumeistararnir ólmir hefna ófaranna í deildarleik liðanna fyrir skömmu þegar Rio Ferdinand skoraði sigurmark leiksins þegar komið var fram yfir venjulegan leiktíma.

„Augljóslega vilja bæði lið komast áfram í næstu umferð. Andrúmsloftið, hefð klúbbanna og saga þeirra, leikir þeirra og stuðningur áhorfenda, þetta blandast allt saman í stórkostlegan knattspyrnuleik. Þetta er leikurinn sem ég hlakka alltaf mest til,“ sagði Ferguson en liðin há einnig harða baráttu um annað sæti deildarinnar.

**- hþh**


Heineken® music
ALLA FIMMTUDAGA
Á PRAVDA
TRÚBADORAR
PLÖTUSNÚÐAR
ENDALAUST STUÐ
WWW.HEINEKENMUSIC.COM
PRAVDA
CLUB / BAR
Heineken®
meet you there

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Wait Master, it might be dangerous... you go first.“**

**Svar:**
Igor úr kvikmyndinni Young Frankenstein frá árinu 1974.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR FYLGIST MEÐ FJÖLMÖRGUM SJÓNVARPSÞÁTTUM

## *Sjónvarpsfíkn á sunnudögum*

Mér fannst ég orðin helst til mikill sjónvarpsfíkill þegar ég á dögunum stóð mig að því að vera farin að fylgjast með sjónvarpsþáttum á hverju einasta kvöldi. Fyrir ekki svo löngu náði ég bara einni sjónvarpsstöð á mínu heimili, loftnetið var í ólagi. Síðan þá er mikið vatn runnið til sjávar og nú er ég búin að vera með aðgang að fjölmörgum stöðvum um skeið. Fjölgun í fjölskyldunni hefur dregið verulega úr flandri á kvöldin og því hafa kynnin við sjónvarpsstöðvarnar orðið ansi náin. Með áðurgreindum afleiðingum sem sagt.
Fíknin hefur gengið svo langt að mig hefur langað frekar til þess að horfa á sjónvarpið en að fara út að hitta fólk. Sem er auðvitað ekki gott. Því þó gaman sé að horfa á sjónvarpið er nú ekki svo gæfulegt að gera lítið annað. Ég ákvað því að skera niður skylduáhorfið og eftir tvo þætti af Prison Break eru þeir ekki lengur á listanum mínum. Ég er líka að missa áhuganna á Lost. Mér finnst stefna í að þessir þættir sem ég var gríðarlega spennt fyrir verði meiriháttar rugl. Gamla Twin Peaks syndrómið sé að endurtaka sig. Ég er við það að skera hann út af skylduáfhorfslistanum.
Fimmtudagar eru náttúrulega ekki sömu góðu dagarnir eftir að fyndnustu þættir í heimi, Scrubs, eru hættir – en Aðþrengdar eiginkonur koma vissulega sterkar til leiks.
Sunnudagar hafa hins vegar verið mínir uppáhaldsdagar. Klukkan sjö hefur



Krónikan verið á dagskrá í danska sjónvarpinu, mjög gaman að fylgjast með framvindu mála hjá dönsku frændum okkar. Horfi örugglega aftur á þættina þegar þeir verða sýndir hér. Svo er ég límd yfir 24. Ég er líka orðinn aðdáandi Rómarþáttanna. Sunnudagskvöld leyfi ég sem sagt sjónvarpsfíkninni að ná tökum á mér þó ég berjist við hana aðra daga vikunnar.



▶ 22.25 *Gaman*

DESPERATE HOUSEWIVES



▶ 21.20 *Drama*

NIP/TUCK



▶ 22.30 *Spenna*

X-FILES



▶ 21.30 *Gaman*

EVERYBODY LOVES RAYMOND



▶ 21.30 *Bílar*

FIFTH GEAR

### SJÓNVARPIÐ

**8.55** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **10.25** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **10.55** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó

**12.25** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **12.55** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **15.00** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **17.20** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **18.20** Táknmálsfréttir

**18.30** **Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó** Fyrri samantekt dagsins.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.10** **Söngvakeppni Sjónvarpsins** Kynnt verða þrjú laganna fjórtán sem keppa til úrslita á laugardagskvöld.
**20.20** **Geimferðakapphlaupið (4:4)** (Space Race) Nýr breskur myndaflokkur.
**21.15** **Sporlaust (1:23)** (Without a Trace)
**22.00** **Tíufréttir**
▶ **22.25** **Aðþrengdar eiginkonur (26:47)** (Desperate Housewives) Þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi en þær eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10** Lífsháski (28:49) **23.55** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **0.25** Kastljós **1.20** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Alf **11.35** Whose Line is it Anyway

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** The Block 2 **13.50** Two and a Half Men **14.15** Wife Swap **15.00** What Not To Wear **16.00** Með afa **16.55** Barney **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 12

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Strákarnir**
**20.05** **Meistarinn (8:21)**
**20.55** **How I Met Your Mother**
▶ **21.20** **Nip/Tuck (6:15)** Stranglega bönnuð börnum.
**22.05** **Victoria's Secret Fashion Show 2005** (Tískusýning Victoria's Secret 2005) Svipmyndir frá margfrægri árlegri undirfatatískusýningu Victoria's Secret undirfatalínunnar. Jafnan eru kallaðar til frægustu og eftirsóttustu konur heims hverju sinni til að koma fram og sýna nýjustu undirfatalínuna.
**22.50** **American Idol 5 (7:41)** (Bandaríska stjörnuleitin 5)(Vika 4 – #509 – Audition Show 7)

**23.30** American Idol 5 **0.10** Elizabeth Taylor: Facets **1.50** Huff **2.45** How I Met Your Mother **3.10** Nip/Tuck **3.55** Victoria's Secret Fashion Show 2005 **4.50** The Simpsons 12 **5.15** Fréttir og Ísland í dag **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.30** **American Dad (12:13) (e)**
**20.00** **Friends (2:24)**
**20.30** **Splash TV 2006** Fyrrverandi Herra Ísland 2005, Óli Geir og Jói bróðir bralla margt skemmtilegt milli þess sem þeir fara á djammið í Keflavík og gera allt vitlaust.
**21.00** **Summerland (11:13)** (Safe House) Bandarískur myndaflokkur sem fjallar um unga konu sem þarf að kúvenda lífi sínu.
**21.45** **Smallville (10:22)** (Scare)Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent.
▶ **22.30** **X-Files (1:49)** (Ráðgátur)Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið.

**23.15** Invasion (6:22) (e) **0.00** Sirkus RVK (15:30) (e) **0.25** Friends (2:24) **0.50** Splash TV 2006 (e)

### SKJÁREINN

**16.15** 2005 World Pool Championship (e) **18.00** Cheers

**18.30** **Queer Eye for the Straight Guy (e)**
**19.20** **Fasteignasjónvarpið**
**19.30** **Game tívi**
**20.00** **Family Guy**
**20.30** **Malcolm In the Middle**
**21.00** **Will & Grace**
▶ **21.30** **Everybody loves Raymond – NÝTT!** Margverðlaunuð gamanþáttaröð um hinn nánast óþolandi íþróttapistlahöfund Ray Romano.
**22.00** **The Bachelor VI** Í sjöttu þáttaröð Bachelor fær Byron Velvick tækifæri til að finna draumakonuna, og vonandi verðandi eiginkonu.
**22.50** **Sex Inspectors** Kynlífssérfræðingarnir Tracey Cox og Michael Alveir greiða úr kynlífsvanda para í þáttunum,

**23.25** Jay Leno **0.10** Law & Order: SVU (e) **0.55** Cheers (e) **1.20** Top Gear (e) **2.10** Fasteignasjónvarpið (e) **2.20** Óstöðvandi tónlist

### SÝN
besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **UEFA Cup leikir 2006/2007 – ókmið** (Bolton – Marseille) Leikurinn fór fram í gær.
**20.10** **US PGA 2005 – Inside the PGA T**
**20.35** **World's strongest man 2005**
▶ **21.30** **Fifth Gear** (Í fimmta gír) Breskur bílaþáttur af bestu gerð. Hér er fjallað jafnt um nýja sem notaða bíla en ökutæki af nánast öllum stærðum og gerðum koma við sögu. Á meðal umsjónarmanna er Quentin Wilson, einn þekktasti bílablaðamaður Breta.
**21.55** **A1 Grand Prix**
**22.55** **Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk 2)

**23.40** X-Games 2005 (1:1)

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Hollywood Homicide (B. börnum) **8.00** Wishful Thinking **10.00** Spy Kids 3-D: Game Over **12.00** City Slickers **14.00** Wishful Thinking **16.00** Spy Kids 3-D: Game Over **18.00** City Slickers **20.00** **Hollywood Homicide** (Morð í Hollywood) Bönnuð börnum. **22.00** **Road to Perdition** (Leiðin til glötunar) Michael Sullivan er leigumorðingi í Chicago kreppuáranna. (Str. b. börnum) **0.00** Green Dragon (B. börnum) **2.00** Quicksand (Str. b. börnum) **4.00** Road to Perdition (Str. b. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** Usher Uncut **13.00** E! News **13.30** Celebrity Soup **14.00** Awards Fashion Police **15.00** E! Entertainment Specials **16.00** 50 Biggest Celebrity Break-Ups **18.00** Rich Kids: Cattle Drive **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **22.00** Awards Fashion Police **23.00** Celebrity Soup **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** Fashion Police **1.00** Awards Fashion Police **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** West Ham – Birmingham frá 13.02 **16.00** Wigan – Liverpool frá 11.02 **18.00** Sunderland – Tottenham frá 12.02

**20.00** **Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“**
**21.00** **Portsmouth – Man. Utd. frá 11.02** Leikur sem fór fram síðastliðinn sunnudag.

**23.00** Arsenal – Bolton frá 11.02 **1.00** Dagskrárlok




# VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Tískusýning Victoriu Secret 2005 — Stöð 2 kl. 22.05**

## *Léttklæddar þokkagyðjur*

Í kvöld verða sýndar svipmyndir frá margfrægri árlegri undirfatatískusýningu Victoria's Secret undirfatalínunnar. Jafnan eru kallaðar til frægustu og eftirsóttustu heims hverju sinni til að koma fram og sýna nýjustu undirfatalínuna. Meðal þeirra sem komu fram á sýningunni fyrir 2005 voru súpermódelin Tyra Banks, Gisele Bundchen, Heidi Klum, Alessandra Ambrosio, Adriana Lima, Izabel Goulart, Karolina Kurkova og Selita Ebanks.

***Tyra Banks hefur verið upptekin undanfarið enda með spjallþátt og raunveruleikaþátt.***



## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Glópagull og gisnir skógar **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.30** Fréttayfirlit **9.05** Laufskálinn **9.50** Leikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir og augl. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Fréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. og augl. **19.00** Vitinn **19.27** Tónlistarkvöld Útvarpsins **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Útvarpsleikhúsið: Papar

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**07.00** *Spjall*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið-fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður

**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Fréttaljós** Vikulegur fréttaskýringaþáttur með fjölda gesta í myndveri í umsjón fréttastofu NFS.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **60 Minutes** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.15** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður. **0.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.00** Fréttavaktin eftir hádegi **6.00** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.30** Olympic Games: Olympic News Flash **12.35** Snowboard: Winter Olympic Games Torino Italy **13.00** Snowboard: Winter Olympic Games Torino Italy **14.00** Curling: Winter Olympic Games Torino Italy **16.00** All Sports: Daring Girls **16.15** Speed Skating: Winter Olympic Games Torino Italy **18.00** Olympic Games: Olympic News Flash **18.05** Figure Skating: Winter Olympic Games Torino Italy **22.15** Olympic Games: Olympic Extra **23.15** All Sports: Daring Girls **23.30** Skeleton: Winter Olympic Games Torino Italy **0.30** Biathlon: Winter Olympic Games Torino Italy **1.30** Cross-country Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy **2.00** Cross-country Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy

**BBC PRIME**

**12.00** The Brittas Empire **12.30** Last of the Summer Wine **13.00** Down to Earth **14.00** Balamory **14.20** Teletubbies **14.45** Tweenies **15.05** Binka **15.15** Fimbles **15.35** S Club 7: Viva S Club **16.00** Changing Rooms **16.30** Bargain Hunt **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** As Time Goes By **19.30** Only Fools and Horses **20.00** Top of the Pops **20.30** A Thing Called Love **21.30** Little Britain **22.00** Boss Women **22.40** Judge John Deed **0.10** Great Railway Journeys of the World **1.00** Big Cat Diary **1.30** Big Cat Diary **2.00** Arts Foundation Course **2.30** Arts Foundation Course **3.00** Trouble At the Top

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Search For The Lost Fighter Plane **13.00** Perfect Swarm **14.00** Megastructures **15.00** Body Attack **16.00** Body Attack **17.00** Search For The Lost Fighter Plane **18.00** Battlefront **18.30** Battlefront **19.00** Night Hunters **20.00** Megastructures **21.00** Alien Worlds **22.00** Alien Worlds **23.00** The Super Twisters **0.00** Alien Worlds **1.00** Alien Worlds

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Crocodile Hunter **14.00** Life of Mammals **15.00** Miami Animal Police **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** Aussie Animal Rescue **18.30** Monkey Business **19.00** Cell Dogs **20.00** Animal Precinct **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Animal Precinct **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Animal Precinct **2.00** Cell Dogs

**DISCOVERY**

**12.00** American Chopper **13.00** A Car is Born **13.30** A Car is Born **14.00** Giant of the Skies **15.00** Extreme Machines **16.00** Junkyard Wars **17.00** Wheeler Dealers **17.30** Wheeler Dealers **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Dr G: Medical Examiner **21.00** FBI Files **22.00** FBI Files **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Air Wars





opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 sunnudaga 13-16

Mikið úrval
af sófum, sófasettum, indveskri vöru, gjafavöru o.fl.

mira art HÚSGÖGN

bæjarlind 6 201 kópavogi sími 554 6300 www.miraart.is





## HRÓSIÐ

*...fær Baldvin Jónsson fyrir að breyta Reykjavík í gósenland fyrir sælkera en hann er einn af skipuleggjendum Food & Fun hátíðarinnar sem haldin er í fimmta sinn í lok febrúar.*

## AÐ MÍNU SKAPI MARGRÉT A. EINARSD., RITSTJÓRI TAKTSINS OG FORM. STÚDENTADANSFLOKKSINS

# Dirty Dancing, London og Mangó

**Tónlist** Undanfarið hef ég verið að hlusta töluvert á Depeche Mode, því ég er að fara á tónleika með þeim í Parken í Kaupmannahöfn seinna í mánuðinum. Annars hlusta ég á popp, rokk, djass, klassík, R&B og já eiginlega allt nema þungarokk.

**Bók** Mestallur minn tími fer í lestur í lögfræðinni. En bækur sem hafa höfðað sérstaklega til mín eru bækur eins og Alkemistinn, Da Vinci lykillinn og Body Language. Ég hef mjög gaman af bókum með heimspekilegu ívafi, ljóðabókum o.s.frv.

**Bíómynd** Síðasta bíómynd sem ég sá var The Flightplan með Jodie Foster sem var mjög góð að mínu mati. Annars hef ég gaman af að horfa á þessar gömlu góðu myndir eins Dirty Dancing, Footlose, Flashdance o.fl. Mér finnst mjög gaman og afslappandi að horfa á góða grínmynd.

**Borg** Ég er mjög hrifin af London og hún hefur verið í uppáhaldi síðustu árin. Í dag finnst mér hins vegar Kaupmannahöfn alltaf verða meira og meira spennandi. Ég hef lengi átt þann draum að fara til Parísar og vona að sá draumur rætist næsta sumar.

**Búð** Mango er ein af mínum uppáhaldsfataverslunum og ég hef lagt töluvert á mig til að finna slíka búð þegar ég hef verið erlendis. Annars versla ég mikið í verslunum eins og Karen Millen, GK, Sand, Kulture, Zara....

**Verkefni** Ég er ritstjóri fyrir tímaritið Takturinn sem er nýtt tímarit innan lagadeildar HR og fjallar um málefni líðandi stundar í máli og myndum, ásamt því að vera málgagn laganema í HR. Fyrsta tölublaðið verður gefið út í næstu viku. Síðan er ég formaður í hinum nýstofnaða Stúdentadansflokki og einnig dansari í flokknum. Æfingar hjá Stúdentadansflokknum hófust 1. febrúar sl. svo það hefur verið í mörgu að snúast undanfarnar vikur um leið og ég stunda krefjandi laganám. Einnig er ég í ritstjórn tímaritsins Lögréttu sem er faglegt tímarit innan lagadeildar HR, sem birtir ritrýndar greinar frá lögfræðingum.





LÁRÉTT:
**2** gáski **6** einnig **8** arinn **9** meðvitundarleysi **11** guð **12** reyna **14** langt op **16** þreyta **17** sæ **18** fiskur **20** bor **21** hnappur.

LÓÐRÉTT:
**1** rusl **3** í röð **4** pressa **5** fugl **7** sveppur **10** tæki **13** framkoma **15** lýð **16** dauði **19** tveir eins.

LAUSN:
LÁRÉTT: 2 ærsl, 6 og, 8 stó, 9 rot, 11 ra, 12 prófa, 14 klauf, 16 lú, 17 sjó, 18 ál, 20 al, 21 tala.
LÓÐRÉTT: 1 sorp, 3 rs, 4 strauja, 5 lóa, 7 gorkúla, 10 tól, 13 fas, 15 fólk, 16 lát, 19 ll.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!



**ÁSTRÓS LILJA** Ástrós hefur umsjón með tveimur aðdáendasíðum: Silvíu Nóttar og Birgittu Haukdal. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

## ÁSTRÓS LILJA: STOFNAÐI AÐDÁENDASÍÐUR SILVÍU NÓTTAR OG BIRGITTU

# Ætlar að kjósa þær báðar

„Vertu ógesslega velkomin skilurrru!“ Þessi kveðja tekur á móti öllum þeim sem heimsækja nýja aðdáendasíðu Silvíu Nóttar, silvianott.com, sem hin sautján ára Ástrós Lilja Einarsdóttir úr Hafnarfirði hefur stofnað.

Yfir sex þúsund manns hafa heimsótt síðuna síðan hún var sett upp þann 12. febrúar sem hlýtur að teljast mjög góður árangur.

Ýmsan fróðleik er að finna á síðunni um þessa umdeildu sjónvarps- og tónlistarkonu, m.a. Eurovision-lagið Til hamingju Ísland, þætti með Silvíu Nótt og viðtöl við hana.

Hið merkilega er að Ástrós heldur einnig úti aðdáendasíðu Birgittu Haukdal, birgittaworld.com, sem mun einmitt keppa við Silvíu Nótt í úrslitakeppni Eurovision á laugardaginn. Sú síða hefur verið uppi í eitt og hálft ár og fékk eitt sinn tvö þúsund heimsóknir á einum og sama deginum.

Mætti því ætla að Ástrós Lilja verði afar tvístígandi þegar kemur að úrslitastundinni í beinni útsendingu Ríkissjónvarpsins. „Ég held bara með báðum, Birgittu og Silvíu, og kýs þær báðar,“ segir Ástrós Lilja. „Það má kjósa fimm sinnum úr hverjum síma,“ bætir hún við en segist ekki hafa ákveðið nákvæmlega hvernig hún ætli að framkvæma kosninguna.

Ástrós fór að sjá forkeppnina þann fjórða febrúar þar sem þær Silvía og Birgitta komust báðar áfram. Hún segist hafa skemmt sér mjög vel en því miður komist hún ekki á lokakeppnina vegna þess að uppselt sé á viðburðinn. Verður hún því að láta sér nægja að fylgjast spennt með í beinni útsendingu.

Aðspurð segist Ástrós ekki skilja allt fjaðrafokið sem varð þegar lagi Silvíu var lekið á netið fyrir nokkrum vikum síðan. „Mér finnst þetta kjaftæði. Hún lak þessu ekki á netið sjálf. Mér finnst að það ætti ekki að refsa henni fyrir það ef eitthvað svona skeður,“ segir hún.

Þrátt fyrir að Ástrós sé eldheitur aðdáandi Silvíu, rétt eins og flestar vinkvenna hennar, hefur hún ekki verið það alla tíð. „Fyrst fór hún ógeðslega í taugarnar á mér, ég bara þoldi hana ekki. Síðan þegar fór að líða á þættina fór mér að finnast hún skemmtileg og fyndin.“

Fari svo að Silvía Nótt vinni Eurovision-keppnina hér á landi eins og margir hafa spáð á Ástrós þann draum heitastan að sjá lokakeppnina í Grikklandi í maí. „Mig langar það náttúrlega geðveikt mikið en það kostar náttúrlega pening. Það gæti orðið frekar erfitt,“ segir aðdáandi Silvíu Nóttar og Birgittu Haukdal númer eitt á Íslandi.

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Á þessum stað í Fréttablaðinu í gær var greint frá gremju Barts Cameron, ritstjóra tímaritsins Reykjavík Grapevine, í garð Baltasars Kormáks, leikstjóra, sem átti að hafa fleygt nýjasta tölublaði Grapevine út af Kaffibarnum vegna neikvæðs dóms um kvikmynd hans A little trip to heaven. Þetta segir Baltasar hins vegar að sé af og frá, enda hefur hann annað við tíma sinn að gera en henda rusli út af Kaffibarnum, sem hann á hlut í. Þar fyrir utan hefur Baltasar upplýst að umrætt tölublað Grapevine hafi ekki borist inn á Kaffibarinn og því hafi ekki verið neitt Grapevine til þess að henda.



Tildrög fréttarinnar var tölvupóstur til blaðamanna Fréttablaðsins frá Cameron þar sem hann hélt þessu fram fullum fetum og vandaði Baltasar ekki kveðjurnar með fúkyrðaflaumi sem vart er hafandi eftir. Hann lét þess þó getið að það væri ljóst að „þeir sem þyrftu mest á gagnrýni að halda gætu ekki tekið henni“. Það skýtur því óneitanlega skökku við að í frétt á vefnum grapevine.is í gær sór Cameron þetta allt saman af sér og kom sökinni alfarið á Fréttablaðið. Sagði hann að ritstjórn Grapevine hafi haft samband við Baltasar og komist að raun um að hann hefði aldrei hent Grapevine út af barnum og ekki einu sinni lesið dóminn sem átti að hafa valdið öllu fjaðrafokinu. Grapevine bítur svo höfuðið af skömminni í niðurlagi netfréttarinnar þar sem Fréttablaðið er sagt hafa farið með rangt mál í mola gærdagsins þegar Cameron var sagður „óhress“ með Baltasar. Haft er eftir ritstjóranum að hann hafi „aldrei verið annað en hress“. Þessi fullyrðing hans verður þó að teljast vægast sagt hæpin í ljósi reiðilestURS hans í áðurnefndum tölvupósti. Hringavitleysan hélt svo áfram; laust eftir hádegi í gær var fréttinni á heimasíðu blaðsins breytt og hún færð eilítið nær sannleikanum og loks fjarlægð af heimasíðunni. Þessi margföldu sinnaskipti Camerons hljóta óhjákvæmilega að vekja upp spurningar um þá blaðamennsku sem stunduð er undir ritstjórn hans á Grapevine. Blaðamenn Fréttablaðsins þurfa hins vegar að bíta í það súra epli að hafa verið gripnir í bólinu með því að taka Cameron trúanlegan sem örugga heimild, í stað þess að fara sjálfir á stúfana. -þþ/-bs



SÚR HVALUR
30% afsláttur af harðfiski og hákarli
Opið alla laugardaga 10-14
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið laugardaga 10-14.

# Waters til Íslands

Roger Waters, fyrrverandi leiðtogi hljómsveitarinnar Pink Floyd, heldur tónleika í Egilshöll 12. júní.

Þar mun hann taka öll helstu lög Pink Floyd auk þess sem hann mun flytja meistaraverk sveitarinnar, Dark Side Of The Moon, í heild sinni og í raun í lengri útgáfu en á plötunni sjálfri. Waters mun jafnframt spila um það bil helminginn af plötunni The Wall.

Roger Waters var sköpunarkrafturinn á bak við helstu verk Pink Floyd en hann samdi alla texta hljómsveitarinnar og um áttatíu prósent af lögunum og er án efa einn áhrifamesti tónlistarmaður 20. aldarinnar. Skemmst er að minnast þátttöku Pink Floyd með Waters innanborðs á Live 8 tónleikunum síðasta sumar sem vakti mikla athygli. Spratt upp orðrómur um að sveitin ætlaði að koma saman á ný en ekki er víst hvort af því verður.

Með Waters í för kemur hópur valinkunnra tónlistarmanna en í föruneyti hans verða yfir 30 manns. Ekkert verður sparað svo þessir tónleikar verði sem glæsilegastir og verða m.a. risaskjáir notaðir auk þess sem sérstakt surround-hljóðkerfi verður notað.

Fragtflugvél mun koma til Íslands með 10-15 tonn af græjum sem verða notaðar á tónleikunum auk alls þess besta í hljómflutningstækjum sem innlendir aðilar geta útvegað.

Roger Waters, sem gefur út nýja plötu í haust, mun aðeins halda fimmtán tónleika á þessu ári í heiminum og er því um einstæðan viðburð að ræða. - fb



**ROGER WATERS** Fyrrverandi forsprakki Pink Floyd er á leiðinni hingað til lands í sumar.

# Kynningarafsláttur Húsgagnahöllinni




-2 kr



Í dag er veittur kynningarafsláttur við Húsgagnahöllina. Veittur er 2 kr. afsláttur af hverjum lítra. Þeir sem hafa Dælulykil fá svo 1 kr. í afslátt til viðbótar: samtals 3 krónur.

Nýttu þér kynningarafsláttinn og fylltu á tankinn hjá Atlantsolíu, Húsgagnahöllinni.

-1kr til viðbótar

*Sæktu um lykil á*
**www.atlantsolia.is**

- Ávallt ódýr -

## Ekkert PIN meiri hraði.

ATLANTSOLIA

**Atlantsolía - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is**

hausverk / SÍA/ 6417

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR
JÓNS GNARR

## *Grænmeti*

Mataræði Íslendinga er ekki nógu gott. Offita fer vaxandi hér á landi og tíðni áunninnar sykursýki eykst mikið. Við borðum allt of mikinn sykur. Og við sem áður nærðumst á fiski erum hætt því.

**VIÐ** Íslendingar borðum allra þjóða minnst af grænmeti og ávöxtum. Það hefur verið rannsakað. Og það er ekki vegna þess að krökkum finnist ávextir og grænmeti vont. Alls ekki. Flestum finnst það gott.

**ÉG** held að ástæðan fyrir þessu sé fyrst og fremst verðið. Þetta er svo ógeðslega dýrt hér á landi. Fólk tímir ekki að kaupa þetta. Og svo eru gæðin ekki alltaf góð. Fyrsta flokks vörur kosta svakalega mikið. Ódýrt er oft bara annað orð yfir lélegt. Epli er ekki alltaf það sama og epli. Og margir hafa brennt sig á að kaupa innpakkaða ávexti sem líta vel út en reynast svo linir og myglaðir þegar pakkinn er opnaður. Ég veit ekki af hverju þetta er svona dýrt en mig grunar að það sé vegna tolla og kostnaðar við innflutning.

**ÞAÐ** þarf að auka fræðslu um matreiðslu á grænmeti. Það er nefnilega hægt að matreiða það á ýmsa vegu. Það þarf ekki endilega að sjóða það. Það er hægt að steikja rófur. Ég er til dæmis bara nýverið búinn að uppgötva sætar kartöflur. Oft kaupi ég líka frosið grænmeti og steiki það á pönnu upp úr indverskri sósu. Það er mjög gott.

**NEYSLA** á ávöxtum og grænmeti bætir heilsu okkar og vellíðan. Grænmeti og ávextir eru góður matur. Það er algjörlega fáránlegt að þessar vörur skuli vera svona dýrar. Það sem ríkið græðir á tollum af grænmeti og ávöxtum tapar það margfalt aftur í offitu og heilbrigðisvandamálum. Ég held að ríkið myndi græða mest á því að niðurgreiða grænmeti og ávexti. Væri ekki hægt að flytja tollana af grænmeti og ávöxtum yfir á sykur og tilbúna rétti? Ég held að heilsufar þjóðarinnar myndi þá skána mikið.

**MATARÆÐI** barna er á ábyrgð foreldra. Margir foreldrar hugsa mikið um eigin heilsu, æfa stíft og borða hollt en hafa ekki sama áhuga á börnunum sínum. Ég skora á foreldra og stjórnvöld að krefjast breytinga á þessu. Heilsan okkar er eitt það dýrmætasta sem við eigum. Börnin okkar eiga rétt á því að fá almennilegan mat að borða.





